

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B62-66

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 62-66

Nr. 430-458

2004

Efnisyfirlit B 62–66 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
430	14. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðarsvæði við Mýrarveg	1085
431	14. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Lækjar- og Tjarnartún í Naustahverfi, Akureyri	1085
432	14. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004	1086
433	18. maí	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 881/2003 um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla fyrir matvælaíðnað .	1087
434	19. maí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík	1088
435	21. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis sunnan Reynilundar, Akureyri	1089
436	24. maí	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi	1090
437	24. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Mýrarveg, Akureyri	1090
438	18. maí	Auglýsing um deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Árborg	1091
439	12. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi „Valla, 2. áfanga“ í Hafnarfirði	1091
440	10. maí	Auglýsing um deiliskipulag við Uppsálavag á Húsavík	1092
441	18. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Reykjalandar, Mosfellsbæ	1092
442	7. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturfna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum	1093-1121
443	12. maí	Reglugerð um klínískar lyfjarannsóknir á mönnum	1121-1133
444	10. maí	Lögreglusamþykkt fyrir Kópavogsbæ	1134-1139
445	7. maí	Gjaldskrá fyrir Sorpstöð Héraðs bs.	1139-1140
446	14. maí	Reglur um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna	1140-1142
447	17. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 473/2001, um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara	1142-1143
448	6. maí	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Kaldrananeshreppi	1143-1144
449	19. maí	Reglur um breytingu á reglum nr. 385/2002 um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands	1145
450	18. maí	Gjaldskrá um breytingu á gjaldskrá nr. 252/2002 fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands	1145-1146
451	30. apríl	Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Breiðdalshreppi	1146
452	15. maí	Reglur um breytingu á reglum nr. 373/2004 um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð	1147
453	10. maí	Gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúa Skilmannahrepps	1147-1148
454	18. maí	Gjaldskrá Landmælinga Íslands	1149-1157
455	19. maí	Auglýsing um staðfestingu úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2004-2005	1158-1182

Framhald á 3. kápusíðu.

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 2004

14. maí 2004

1085

Nr. 430

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðarsvæði við Mýrarveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. maí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í að íbúðarsvæði vestan Mýrarvegur, norðan Akurgerðis, er stækkað til norðurs á kostnað opins svæðis. Stækkunin er rúmlega 2100 m² og verður nýtt til byggingar 5 hæða fjölbýlishúss með 15 íbúðum fyrir eldri borgara.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 14. maí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

14. maí 2004

Nr. 431

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Lækjar- og Tjarnartún í Naustahverfi, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 2. mars 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Naustahverfi. Breytingar á deiliskipulaginu felast í breytingum á skilmálum, byggingarreitum og bindandi byggingarlínunum fyrir fjölbýlishús sunnan Lækjartúns og í afmörkun byggingarreita fyrir sólskála við raðhús við Tjarnartún.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 14. maí 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.**

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Um heimild til veiða umfram aflamark í einstökum fisktegundum, sem skerðir aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega, gildir 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Sú takmörkun 2. málslíðar 10. gr. að heimildin í hverri tegund skuli miðast við 2% af heildaraflaverðmæti botnfisksaflamarks gildir þó ekki við veiðar á eftirfarandi tegundum: löngu, keilu, langlúru og skarkola.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. ákvæði í 2. gr. breytingarlaga nr. 147, 20. desember 2003 til að öðlast þessar gildi. Jafnframt er felld út gildi reglugerð nr. 81, 27. janúar 2004, um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. maí 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 – 2004

18. maí 2004

1087

Nr. 433

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 881/2003 um niðurfellingu
eða endurgreiðslu tolla fyrir matvælaiðnað.

1. gr.

a-liður 2. tl. 2. gr. orðist svo: Starfrækja matvælavinnslu í atvinnuskyni, þó ekki veitingarekstur, mótuneyti, kjöt- eða fiskborð matvælaverslana.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar er hefur fyrirsögnina „Fyrirvari“ verður svohljóðandi:

Hafi undanþága frá greiðslu tolls af innfluttum landbúnaðarhráefnum, sem ekki eru upprunaefni samkvæmt bókun 4 við EES-samninginn, verið veitt skv. 1. gr. geta fullunnu vörurnar ekki notið tollfríðinda við innflutning þeirra til EES-ríkja. Sami fyrirvari gildir vegna hliðstæðra ákvæða í stofnsamningi EFTA og öðrum fríverslunarsamningum sem Ísland á aðild að.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 9. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. maí 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Frostaskjól 2-6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 5. maí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Frostaskjól 2-6, íþróttasvæði KR.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ystasel 37.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 5. maí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Ystasel 37.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Barðastaðir 61.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 5. maí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Barðastaði 61.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 19. maí 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 2004

21. maí 2004

1089

Nr. 435

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis sunnan Reynilundar, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. apríl 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar sunnan Reynilundar. Breytingin felst í því að byggingarreitir húsa nr. 4 og 6 við Grenilund færast um 3 m til vesturs og lóð stækkar til vesturs í átt að svæði sem skipulagi er frestað á samkvæmt aðal- skipulagi.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 21. maí 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 2004

Nr. 436

1090

24. maí 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 í Flatahverfi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 10. febrúar 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 1 og 2 í Flatahverfi vegna lóðarinnar nr. 2 við Brúarflöt.

Breytingin felst í að fjölga íbúðum úr 6 í 7.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. maí 2004.

Þorvaldur Vestmann,

sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

Nr. 437

24. maí 2004

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Mýrarveg, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. febrúar 2004 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Mýrarveg. Breytingin felst í því að við bætist ein lóð fyrir 5 hæða fjölbýlishús, ætlað eldri borgurum, norðan lóðar nr. 113 við Mýrarveg.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsuppdráttur samþykktur í bæjarstjórn Akureyrar 18. maí 1999, en skipulagsskilmálar samþykktir sama dag gilda áfram óbreyttir.

Akureyri, 24. maí 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 2004

18. maí 2004

1091

Nr. 438

AUGLÝSING

um deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag við Ólafsvelli og Blómsturvellu á Stokkseyri.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 15. janúar 2003 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Ólafsvelli og Blómsturvellu á Stokkseyri.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000/1:1250 þann 2. júlí 2002 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 25. september 2002 til og með 23. október 2002 með athugasemdafresti til og með 6. nóvember 2002.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 18. maí 2004.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

12. maí 2004

Nr. 439

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Valla, 2. áfanga“ í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að fjölbýlishúsareit milli Ásbrautar, Engja-, Dreka- og Fléttuvalla er breytt á þá lund að í stað 6 lóða verða 10 lóðir á reitnum og heildarfjöldi íbúða lækkar úr 238-269 í 227-238 íbúðir. Hæðir húsanna verða frá 3 upp í 8 hæðir.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn 6. apríl 2004.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin öðlast gildi nú þegar.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 12. maí 2004.

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa,

Lilja Grétarsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Uppsalaveg á Húsavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Húsavíkubæjar þann 20. apríl 2004 samþykkt deiliskipulag svæðis á „hólnum“ í Húsavíkurbæ. Skipulagið afmarkast af Garðarsbraut að vestan, Fossvöllum að norðan, Holtagerði og Uppsalavegi að austan og Baughóli og Hjarðarhóli að sunnan. Svæðið er að mestu fullbyggt en þó bætast við þrjár nýjar byggingarlóðir við Uppsalaveg. Þrjár athugasemdir bárust við skipulagstillöguna og var henni breytt óverulega til samræmis við þær. Þeir sem óska nánari upplýsingar um deiliskipulagið og afgreiðslu þess geta snúið sér til undirritaðs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Húsavík, 10. maí 2004.

Gaukur Hjartarson, byggingarfulltrúi Þingeyinga.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Reykjalundar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Reykjalundar, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 31. mars 2004.

Breyting felst í því að stofnanasvæðið er minnkað til austurs auk þess sem lóðirnar Amsturdamur 2, 4 og 8 verða sjálfstæðar lóðir utan stofnanasvæðisins. Afmörkuð er aðkoma að lóðinni Amsturdam 6. Einnig er afmörkuð lóð fyrir sumarhúsið Eyri með aðkomu frá Sveinseyri. Jafnframt er mörkum skipulagssvæðis breytt við Engjaveg.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 18. maí 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

- 1.2 Um förgun eiturefna og hættulegra efna fer samkvæmt reglugerð um spilliefni.
- 1.3 Reglugerð þessi nær ekki til aflífunarefna, fúavarnarefna og sótthreinsiefna, sem innihalda önnur efnasambönd en þau, sem tilgreind eru í fylgiskjali 1, né til lækningatækja, sbr. lög nr. 16/2001, um lækningatæki, nema í þeim tilvikum þegar ákvæði reglugerðar þessarar gera strangari kröfur um merkingar og meðferð efnavöru en gerðar eru í lögum um lækningatæki.
- 1.4 Reglugerð þessi nær enn fremur ekki til notkunar varnarefna, en með þau mál fer samkvæmt reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

2. gr.

2. gr. orðast svo:

- 2.1 Með eiturefnum og hættulegum efnum er átt við efni, sem skráð eru á lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. fylgiskjal 1 og gilda ákvæði reglugerðarinnar jafnt um innflutning, framleiðslu, dreifingu og aðra meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.
- 2.2 Með efni er í reglugerð þessari átt við frumefni og efnasambönd þeirra, náttúruleg eða framleidd, þar með talin öll aukaefni sem nauðsynleg eru til að viðhalda stöðugleika efnanna svo og óhreinindi sem stafa af vinnslu efnisins. Leysiefni sem hægt er að skilja frá, án þess að það hafi áhrif á stöðugleika efnisins eða breyti samsetningu þess, telst ekki hluti af efninu.
- 2.3 Með efnablöndu og efnavöru er í reglugerð þessari átt við blöndur, lausnir eða vörur sem samsettar eru úr tveimur eða fleiri efnum.
- 2.4 Með fjölliðu er átt við efni, sem er myndað við samtengingu einnar eða fleiri tegunda einliða. Meirihluti fjölliðunar, miðað við þyngd, skal samstanda af sameindum þar sem a.m.k. þrjár einliður eru bundnar með samgildum tengjum við a.m.k. eina einliðu til viðbótar eða við annað hvarfefni og að minnihluta, miðað við þyngd, af sameindum sem hafa sama mólmassa. Sameindir fjölliðunnar hafa mismunandi mólmassa sem stafar fyrst og fremst af mismunandi fjölda einliða í sameindunum.

3. gr.

Í stað orðanna: „Hollustuvernd ríkisins“ í 3. mgr. 3. gr. og hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

4. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 5. gr. „Flokkunin N á aðeins við um hrein efni ekki efnablöndur“, fellur brott.

5. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

- 11.2 Sérstakar kröfur eru gerðar um öryggislok vegna barna og áþreifanlega viðvörun fyrir

sjónskerta fyrir tiltekin eiturefni, hættuleg efni og vörutegundir sem innihalda slík efni, sbr. reglugerð um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. reglugerðarinnar:

a. 4. mgr. orðast svo:

13.4 Ef framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili efnis eða efnavöru getur fært sönnur á að birting efnaheitis á merkimiða eða í öryggisblöðum geti skaðað viðskiptahagsmuni er heimilt, í samræmi við ákvæði fylgiskjals 9 með þessari reglugerð, að leyfa honum að vísa til þess efnis, annaðhvort með heiti sem auðkennir mikilvægasta virka efna-hópin eða frumefnið.

b. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar svohljóðandi:

13.5 Ákvæði 4. mgr. á einungis við um efni sem flokkað er:

a.- Ertandi, að undanskildum efnum sem eru flokkuð með H41 (hætta á alvarlegum augnskaða), eða ertandi í tengslum við að efnið er flokkað í einn eða fleiri eftirtalinn hættuflokka: hættulegt umhverfinu, sprengifimt, afar eldfimt, mjög eldfimt, eldfimt og/eða eldnærandi.

b.- Hættulegt heilsu eða hættulegt heilsu í tengslum við að efnið er flokkað í einn eða fleiri eftirtalinn hættuflokka: hættulegt umhverfinu, ertandi, sprengifimt, afar eldfimt, mjög eldfimt, eldfimt og/eða eldnærandi.

13.6 Ekki er heimilt að beita ákvæði 4. mgr. ef sett hafa verið viðmiðunarmörk fyrir áverkun viðkomandi efnis.

13.7 Ef framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili efnavöru kýs að nýta sér ákvæði 4. mgr. um þagnarskyldu skal hann senda skriflega umsókn til Umhverfisstofnunar áður en markaðssetning hefst þegar um er að ræða fyrstu markaðssetningu vörunnar innan EES. Umsóknin skal lögð fram í samræmi við ákvæði fylgiskjals 9 og innihalda þær upplýsingar sem farið er fram á í A-hluta þess. Umhverfisstofnun getur óskað eftir frekari upplýsingum frá umsækjanda, ef þær upplýsingar virðast forsenda þess að unnt sé að meta réttmæti umsóknarinnar.

Umhverfisstofnun skal tilkynna umsækjanda skriflega um ákvörðun sína. Umsækjandinn skal framsenda afrit af þessari ákvörðun til þeirra EES-ríkja, þar sem hann hyggst markaðssetja vöruna.

13.8 Fara skal með trúnaðarupplýsingar samkvæmt 7. mgr. í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, um þagnarskyldu er varðar framleiðslu- og verslunarleynd.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 18. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. orðast svo:

18.1 Ef umbúðir eru 125 ml eða minni er ekki gerð krafa um merkingu með H- og V-setningum fyrir vörur sem flokkaðar eru sem mjög eldfimar, eldfimar, eldnærandi, ertandi, að undanskildum þeim sem fá hættusetningu H41 (hætta á alvarlegum augnskaða), eða hættulegar umhverfinu með varnaðarmerki N.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

18.3 Vörur sem flokkaðar eru sem hættulegar heilsu og eru í umbúðum sem eru 125 ml eða minni þarf ekki að merkja með H- eða V-setningum, ef þær eru ekki seldar á almennum markaði.

8. gr.

Á eftir 23. gr. bætist við ný grein, 23. gr. a, sem orðast svo:

Við auglýsingu og kynningu efna og efnavara, svo sem á veraldarvefnum þar sem hægt er að kaupa vöru óséða, skal seljandi taka sérstaklega fram hvers konar hættu er tilgreind á merkimiða viðkomandi efnis eða efnavöru.

9. gr.

Á eftir 33. gr. bætist við ný grein, 33. gr. a, sem orðast svo:

Framleiðendur, innflytjendur og umboðsaðilar efna og efnavara sem falla undir reglugerð þessa skulu hafa tiltækar öryggisleiðbeiningar um viðkomandi efni og efnavörur, sbr. reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

10. gr.

Í inngangi að efnalista, **Skýringar**, í fylgiskjali 1, **Listi yfir eiturfefni og hættuleg efni**, fellur niður athugasemd nr. 6, undir *Athugasemdir vegna flokkunar á efnablöndum í 9. dálki*.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á fylgiskjali 5, Helstu forsendur hættuflokkunar:

- a. Við **Inngang**, bætist við ný málsgrein, sem verður níunda málsgrein, og orðast svo:
Til að meta áhrif vörutegunda á umhverfið skal styðjast við styrkmörk hættulegra efna úr fylgiskjali 1 þegar þau liggja fyrir, en annars skal nota töflur 1-5 og/eða reiknireglur í kafla III.B.
- b. Ný málsgrein bætist við aftast í lið **1.1.a Bráð eiturrhif**, kafla **A. Hrein efni**, hluta **I. Áhrif á heilsu**, sem orðast svo:
Styrkbil áverkunar, þar sem vænta má banvænna eiturrhifa, er fundið með því að kanna hvort dauðsföll tengd efnanotkun komi fram þegar beitt er svokallaðri bráðaeiturrhifaflokkun. Í upphafi prófunar er notaður einn af föstu byrjunarskömmtunum (25, 200 eða 2000 mg á hvert kílógramm líkamspyngdar). Í sumum tilvikum getur verið nauðsynlegt að prófa áhrif stærri eða minni skammta hafi viðeigandi skammtastærð ekki þegar verið prófuð.
- c. Aftan við texta viðeigandi hættusetninga í neðangreindum töluliðum í lið **1.1.a Bráð eiturrhif**, kafla **A. Hrein efni**, hluta **I. Áhrif á heilsu** bætast eftirfarandi málsliðir:
 - 1.1.1.a **H28 Mjög eitrað við inntöku:**
- há dánartíðni við skammta ≤ 25 mg/kg við inntöku, rottur, bráðaeiturrhifaflokkun.
 - 1.1.2.a **H25 Eitrað við inntöku:**
- há dánartíðni við skammta > 25 til ≤ 200 mg/kg við inntöku, rottur, bráðaeiturrhifaflokkun.
 - 1.1.3.a **H22 Hættulegt við inntöku:**
- há dánartíðni við skammta > 200 til ≤ 2000 mg/kg við inntöku, rottur, bráðaeiturrhifaflokkun.
- d. Aftast í tölulið **1.5.1.a Ætandi** í lið **1.5.a Ætandi og ertandi efni**, kafla **A. Hrein efni**, hluta **I. Áhrif á heilsu** bætist eftirfarandi nýr texti:
Athugasemd:
Ef flokkun grundvallast á niðurstöðum fullgiltrar prófunar *in vitro* skal velja H35 eða H34 eftir því sem prófunaraðferðin segir til um. Ef flokkunin byggist eingöngu á mati við mjög lágt eða mjög hátt sýrustig skal nota H35.

- e. 2. mgr. í kafla **B. Samsettar efnavörur – reikniaðferðir**, hluta **I. Áhrif á heilsu** orðast svo:

Ekki þarf að taka tillit til innihaldsefna sem eru í minna magni en hér segir, nema lægri mörk séu sett fyrir viðkomandi efni í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni:

<i>Hættuflokkun efnis:</i>	<i>Styrkur:</i>	
	Lofukennd efni	Önnur efni
Sterkt eitur (Tx)	0,02%	0,1%
Eitur (T)	0,02%	0,1%
Hættulegt heilsu (Xn)	0,2%	1%
Ætandi (C)	0,02%	1%
Ertandi (Xi)	0,2%	1%

- f. Töluliður **1.7.b Önnur eiturhrif**, kafla **B. Samsettar efnavörur – reikniaðferðir**, hluta **I. Áhrif á heilsu** orðast svo:

Varðandi efnavörur sem innihalda efni sem flokkuð eru með hættusetningu H29, H31, H32, H66 eða H67 er vísað til tl. 1.8.a. Ef efnavara inniheldur $\geq 1\%$ af efni flokkað með hættusetningu H33 eða H64, skal sú setning standa á merkimiða efnavörunnar. Fyrir einstaka efni eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1. Ef efnavara inniheldur $\geq 15\%$ af efni flokkað með H67 skal sú setning standa á merkimiða efnavörunnar, nema í eftirfarandi tilvikum:

- Efnavaran er merkt með hættusetningu H20, H23, H26, H68/20, H39/23 eða H39/26.
- Efnavaran er í umbúðum sem eru 125 ml eða minni.

- g. Eftirfarandi orð bætast aftan við orðið „perklórsýra“ í hættusetningu **H5 Sprengifimt við upphitum**, í lið **2.6. Aðrir eðlisefnafræðilegir eiginleikar**, hluta **II. Eld- og sprengihætta**:

.... yfir 50%.

- h. Í stað texta í hluta **III. Umhverfisáhrif**, kemur texti í I. viðauka við reglugerð þessa.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á kafla **B. Samsettar efnavörur** í fylgiskjali 6, **Leiðbeiningar um merkingar**:

- Í stað orðsins „fjórar“ á þremur stöðum í 1. og 2. tölulið undir yfirskriftinni **Varnaðarmerkingar** kemur sex.
- Í kafla með yfirskriftinni **Val á varnaðarsetningum**, 1. málslíð 2. málsgreinar, falla niður orðin „nema þegar um er að ræða efni sem eru hættuleg umhverfinu“.
- Við kafla með yfirskriftinni **Sérákvæði um merkingar** bætast á viðeigandi staði sjö nýir töluliðir, sem birtir eru í II. viðauka við reglugerð þessa.

13. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt fylgiskjal sem verður fylgiskjal 9, **Trúnaðarupplýsingar varðandi efnaheiti**, sem birt er í III. viðauka við reglugerð þessa.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af tilskipun 2001/59/EB um breytingu á tilskipun 67/548/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna, svo og til innleiðingar á tilskipun 1999/45/EB, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, þökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum, ásamt breytingu í tilskipun 2001/60/EB, sem vísað er til í tl. 1 og tl. 121 í XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahags-svæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2004, þann 23. apríl 2004.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 7. maí 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

I. VIÐAUKI

III. Umhverfisáhrif.

Meginmarkmið með flokkun og merkingu efna og efnavara sem eru hættuleg umhverfinu er að vara notendur við skaðlegum áhrifum sem þessi efni geta haft á vistkerfi. Í A-hluta er fjallað um flokkun hreinna efna og í B-hluta eru gefin styrkmörk og reiknireglur til að flokka efnavörur.

Forsendur í þessum kafla miðast við prófunaraðferðir samanber fylgiskjal 8. Þegar flokka skal ný efni er krafist ákveðinna upplýsinga sem getið er um í reglugerð um tilkynninga-skyldu varðandi ný efni. Þessar prófanir eru takmarkaðar og geta gefið ófullnægjandi upplýsingar. Til að flokka efnin kann því að vera þörf á viðbótargögnum í samræmi við það sem tilgreint er í IV. viðauka ofanefndrar reglugerðar eða gögnum úr öðrum sambærilegum rann-sóknum. Enn fremur er hægt að krefjast endurflokkunar efnis með hliðsjón af nýjum upplýsingum.

Að jafnaði er flokkun efnavöru háð styrk og flokkun einstakra efnisþátta. Við ákvörðun á bráðum eiturhrifum á lífríki í vatni getur þó, í sumum tilvikum, verið rétt að gera prófanir á efnavörinni.

Niðurstöður úr slíkum prófunum geta einungis breytt flokkun að því er varðar brád eiturhrif á lífríki í vatni. Ef framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili velur að prófa efnavöruna skal vera tryggt að prófanir séu gerðar í samræmi við gæðaviðmiðanir fyrir prófunaraðferðirnar samanber fylgiskjal 8. Enn fremur skulu prófanirnar gerðar á öllum þremur tegundum líf-veranna (þörungum, halafló og fiski) samanber fylgiskjal 8, nema efnavaran hafi strax verið sett í mesta hættuflokk, með tilliti til bráðra eiturhrifa á lífríki í vatni, eftir prófun á einni tegund lífvera eða prófunarniðurstöður hafi þegar verið fyrir hendi.

Efnum og efnavörum sem eru hættuleg umhverfinu er á grundvelli núverandi þekkingar skipt í tvo flokka, þ.e. brád áhrif og/eða langtíma áhrif á vatnavistkerfi annars vegar og brád áhrif og/eða langtíma áhrif á önnur vistkerfi hins vegar.

Þegar tiltekið efni er skoðað skal meta bæði áhrif efnisins og niðurbrotsefna þess. Ef niðurbrotsefni flokkast sem hættulegt umhverfinu skal efnið einnig flokkað sem slíkt.

Skammstafanir sem notaðar eru:

- LD₅₀: Skammtur sem veldur dauða 50% tilraunadýra, tilgreindur sem mg efni/kg líkamsþyngd. (Lethal dose)
- LC₅₀: Skammtur sem veldur dauða 50% tilraunadýra, tilgreindur sem mg efni/l. (Lethal concentration)
- EC₅₀: Styrkur sem í tilraunum stöðvar hreyfingu 50% lífvera. (Effective concentration for immobilization)
- IC₅₀: Styrkur sem í tilraunum hægir á vexti lífstofns um 50%. (Inhibition test-concentration)
- BOD₅: Líffræðileg súrefnisþörf. Magn súrefnis notað við niðurbrot efnis með örverum. (Biochemical oxygen demand)
- COD: Efnafræðileg súrefnisþörf. Magn súrefnis notað við niðurbrot/oxun efnis með sýru. (Chemical oxygen demand)
- BCF: Mælikvarði á tilhneingingu efnis til uppsöfnunar í lífverum. Hlutfall milli styrks efnis í lífverum og styrks í vatnsfasa eftir að jafnvægi er náð. (Bioconcentration factor)
- P_{ow}: Oktanól/vatn-deilistuðull. Mælikvarði á vatnsleysanleika efnis og óbeinn mælikvarði á tilhneingingu efnis til uppsöfnunar í lífverum. Hlutfall milli styrks efnis í oktanóli annars vegar og vatni hins vegar eftir að jafnvægi er náð. (Octanol/water partition coefficient).

A. Hrein efni.

3.1.a Lífríki í vatni.

3.1.1.a Efni flokkast sem hættuleg umhverfinu og fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) ásamt eftirfarandi hættusetningum samkvæmt neðangreindum forsendum:

H50 Mjög eitrað vatnalífverum

og

H53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

Bráð eiturhrif:

- 96 klst. LC₅₀ (fyrir fisk): ≤ 1 mg/l, eða
- 48 klst. EC₅₀ (fyrir halafló⁸): ≤ 1 mg/l, eða
- 72 klst. IC₅₀ (fyrir þörungum): ≤ 1 mg/l

og

- efnið brotnar ekki auðveldlega niður, eða
- log P_{ow} ≥ 3,0 (nema að BCF ≤ 100, tilraunagildi)

3.1.2.a Efni flokkast sem hættuleg umhverfinu og fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) ásamt eftirfarandi hættusetningu samkvæmt neðangreindum forsendum:

H50 Mjög eitrað vatnalífverum

Bráð eiturhrif:

- 96 klst. LC₅₀ (fyrir fisk): ≤ 1 mg/l, eða
- 48 klst. EC₅₀ (fyrir halafló): ≤ 1 mg/l, eða
- 72 klst. IC₅₀ (fyrir þörungum): ≤ 1 mg/l

⁸ Latneskt heiti: *Daphnia*.

3.1.3.a Efni flokkast sem hættuleg umhverfinu og fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) ásamt eftirfarandi hættusetningum samkvæmt neðangreindum forsendum:

H51 Eitrað vatnalífverum

og

H53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

Bráð eiturhrif:

- 96 klst. LC₅₀ (fyrir fisk): 1 mg/l < LC₅₀ ≤ 10 mg/l, eða
- 48 klst. EC₅₀ (fyrir halafló): 1 mg/l < EC₅₀ ≤ 10 mg/l, eða
- 72 klst. IC₅₀ (fyrir þörungum): 1 mg/l < IC₅₀ ≤ 10 mg/l

og

- efnið brotnar ekki auðveldlega niður, eða
- log P_{ow} ≥ 3,0 (nema að BCF ≤ 100, tilraunagildi)

3.1.4.a Efni flokkast sem hættuleg umhverfinu og fá eftirfarandi hættusetningar samkvæmt neðangreindum forsendum:

H52 Skaðlegt vatnalífverum

og

H53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

Bráð eiturhrif:

- 96 klst. LC₅₀ (fyrir fisk): 10 mg/l < LC₅₀ ≤ 100 mg/l, eða
- 48 klst. EC₅₀ (fyrir halafló): 10 mg/l < EC₅₀ ≤ 100 mg/l, eða
- 72 klst. IC₅₀ (fyrir þörungum): 10 mg/l < IC₅₀ ≤ 100 mg/l

og

- efnið brotnar ekki auðveldlega niður.

Þessi forsenda gildir nema fyrir liggi frekari vísindalegar niðurstöður varðandi niðurbrot og/eða eiturhrif. Niðurstöður þessar skulu sýna fram á að hvorki efnið né niðurbrotsefni þess muni hafa hugsanleg skaðleg langtímaáhrif og/eða síðkomin áhrif á lífríki í vatni. Slík viðbótargögn ættu að öllu jöfnu að byggja á rannsóknum sem krafist er samkvæmt tilskipun 67/548/EBE, VIII. viðauka, 1. hluta⁴⁾ eða öðrum sambærilegum rannsóknum og gætu þau falið í sér:

- i) að sýnt sé fram á að efnið geti brotnað hratt niður í vatni,
- ii) að engin langvinn eiturhrif greinist ef styrkur er 1,0 mg/l, t.d. engin sjáanleg áhrif í langtíma rannsóknum á eiturhrifum í fiski eða halafló ef styrkur er yfir 1,0 mg/l.

3.1.5.a Efni flokkast sem hættuleg umhverfinu og fá eftirfarandi hættusetningu samkvæmt neðangreindum forsendum:

H52 Skaðlegt vatnalífverum

Efni sem falla ekki undir forsendur í tl. 3.1.1.-3.1.4., en fyrirbyggjandi niðurstöður um eiturhrif þeirra benda til að efnin hafi skaðleg áhrif á gerð og/eða starfsemi vatnavistkerfa.

3.1.6.a Efni flokkast sem hættuleg umhverfinu og fá eftirfarandi hættusetningu samkvæmt neðangreindum forsendum:

H53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

Efni sem falla ekki undir forsendurnar í tl. 3.1.1.-3.1.5., en geta þó haft skaðleg langtímaáhrif og/eða síðkomin áhrif á gerð og/eða starfsemi vatnavistkerfa. Byggt skal á fyrirliggjandi upplýsingum um þrávirkni efnanna, hugsanlega uppsöfnun og fyrirsjáanleg eða þekkt afdrif þeirra og ferli í umhverfinu.

Þetta gildir meðal annars um efni með litla vatnsleysni, t.d. efni með minni leysni en 1 mg/l, ef:

- a) þau brotna ekki auðveldlega niður og
- b) log Pow $\geq 3,0$ (nema að BCF ≤ 100 , tilraunagildi)

Þessi forsenda gildir nema fyrir liggi frekari vísindalegar niðurstöður varðandi niðurbrot og/eða eiturrhif. Niðurstöður þessar skulu sýna fram á að hvorki efnið né niðurbrotsefni þess muni hafa hugsanleg skaðleg langtímaáhrif og/eða síðkomin áhrif á lífríki í vatni. Slík viðbótargögn ættu að öllu jöfnu að byggja á rannsóknum sem krafist er samanber fylgiskjal 8, eða öðrum sambærilegum rannsóknum og gætu þau falið í sér:

- i) að sýnt sé fram á að efnið geti brotnað hratt niður í vatni,
- ii) að engin langvinn eiturrhif greinist við leysnimörk, t.d. engin sjáanleg áhrif við leysnimörk í langtíma rannsóknum á eiturrhifum í fiski eða halafló.

3.1.7.a *Sértílvik varðandi ákvörðun á IC₅₀ fyrir þörunga.*

Þegar sýnt er fram á fyrir litsterk efni að það eina sem hamlar vexti þörunga er skertur ljósstyrkur, þá skal ekki byggja flokkun á 72 klst. IC₅₀ prófunum.

3.1.8.a *Niðurbrot.*

Efni teljast brotna auðveldlega niður ef þau uppfylla eftirfarandi:

- a) Niðurstöður í 28 daga prófunum á lífrænu niðurbroti:
 - Aðferðir sem byggja á mælingum á uppleystu lífrænu kolefni: Lífrænt niðurbrot 70%.
 - Aðferðir sem byggja á mælingum á súrefnisþurrð eða koldíoxíðmyndun: 60% af fræðilegu hámarki er náð.

Tiltekið niðurbrot verður að nást innan 10 daga frá því að það hefst. Erfitt er að ákvarða hvenær niðurbrot hefst og því er upphaf þess skilgreint við 10%, þ.e. þegar 10% af efninu hefur brotnað niður.

- b) Hlutfallið BOD₅/COD $\geq 0,5$, þegar niðurstöður úr öðrum niðurbrotsmælingum eru ekki fyrir hendi.
- c) Fyrir liggja önnur vísindagögn sem sýna fram á að > 70% af efninu geti brotnað niður í vatni innan 28 daga (með lífrænu niðurbroti og/eða með öðrum aðferðum).

3.2.a Önnur vistkerfi.

3.2.1.a Efni flokkast sem hættuleg umhverfinu og fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) ásamt að minnsta kosti einni af eftirfarandi hættusetningum í samræmi við neðangreindar forsendur:

H54 Eitrað plöntum**H55 Eitrað dýrum****H56 Eitrað lífverum í jarðvegi****H57 Eitrað býflugum****H58 Getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum í umhverfinu**

Efni sem geta haft skaðleg áhrif á gerð og/eða starfsemi náttúrulegra vistkerfa annarra en þeirra sem fjallað er um í kafla 3.1. Þessi áhrif geta verið bráð eða langvinn og/eða síðkomin. Byggt skal á fyrirbyggjandi niðurstöðum um áhrif efnanna, þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og fyrirsjáanleg eða þekkt afdrif þeirra og ferli í umhverfinu.

3.2.2.a Efni flokkast sem hættuleg umhverfinu og fá varnaðarmerkið **HÆTTULEGT UMHVERFINU (N)** ásamt eftirfarandi hættusetningu í samræmi við neðangreindar forsendur:

H59 Hættulegt ósonlaginu

Efni sem geta haft skaðleg áhrif á ósonlagið í heiðhvolfinu, samkvæmt fyrirbyggjandi niðurstöðum um eiginleika efnanna og fyrirsjáanleg eða þekkt afdrif þeirra og ferli í umhverfinu. Hér undir falla vetnisklórflúorkolefni sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð nr. 586/2002, um efni sem eyða ósonlaginu.

B. Samsettar efnavörur – reikniáðferðir.

Flokkun samsettrar efnavöru er háð styrk og flokkun einstakra efna. Við mat á skaðsemi vöru skal taka tillit til allra innihaldsefna, jafnvel þótt þau séu aðeins til staðar sem óhreinindi eða aukefni.

Ekki þarf að taka tillit til innihaldsefna sem eru í minna magni en hér segir, nema að lægri mörk séu sett fyrir viðkomandi efni í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni:

<i>Hættuflokkun efnis:</i>	<i>Styrkur:</i>
Hættulegt umhverfinu (N)	0,1%
Hættulegt ósonlaginu	0,1%
Hættulegt umhverfinu	1%

Styrkur efna reiknast sem hlutfall af þyngd nema fyrir loftkennd efni, þar sem notað er rúmmálshlutfall. Gefnar eru upp reikniáðferðir og H-setningar sem notaðar eru við flokkun efnavörunnar.

Styrkmörk fyrir flokkun efnavöru eru birt í viðeigandi töflum. Líta skal bæði til hættuflokks og hættusetninga.

Yfirlit yfir töflur í þessum kafla:

Tafla 1: Bráð eiturhrif á lífríki í vatni og skaðleg langtímaáhrif

Tafla 2: Bráð eiturhrif á lífríki í vatni

Tafla 3: Eiturhrif á lífríki í vatni

Tafla 4: Skaðleg langtímaáhrif

Tafla 5: Hættulegt ósonlaginu

Meta skal hættu, sem umhverfinu stafar af efnavöru með aðferðum, sem er lýst hér á eftir, og nota styrkmörk hvers efnis.

Ef hættulegu efnin, sem eru skráð í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, eru með tilgreind styrkmörk, ber að nota þau styrkmörk í stað styrkmarka í töflunum við mat á skaðsemi.

Ef hættulegu efnin eru ekki talin upp í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, eða eru talin þar upp án styrkmarka, skal nota tilgreind styrkmörk í töflum 1-5.

3.1.b Lífríki í vatni.

Við flokkun vöru vegna skaðlegra áhrifa á lífríki í vatni er tekið tillit til allrar hættu sem einstök efni geta haft í för með sér fyrir þetta umhverfi í samræmi við eftirfarandi forsendur.

3.1.1.b Efnavörur flokkast sem hættulegar umhverfinu og fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) ásamt eftirfarandi hættusetningum samkvæmt neðangreindum forsendum:

H50 Mjög eitrað vatnalífverum

og

H53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

- 1) Efnavörur sem innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50/H53 ef styrkur einhvers efnis í efnavörinni er annaðhvort jafn eða meiri en:
 - a) styrkurinn sem er tilgreindur í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, fyrir efnið eða efnin sem um er að ræða, eða
 - b) styrkurinn sem er tilgreindur í töflu 1, ef efnið eða efnin eru ekki talin upp í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, eða eru talin upp þar án styrkmarka.
- 2) Efnavörur sem innihalda fleiri en eitt efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50/53 þrátt fyrir að hvert efni sé í styrk sem er undir mörkunum sem eru tilgreind í 1) ef:

$$\sum \left(\frac{P_{N,H50/53}}{L_{N,H50/53}} \right) \geq 1$$

þar sem:

$P_{N,H50/53}$ er styrkur hvers efnis í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50/53,

$L_{N,H50/53}$ er styrkmörk fyrir hvert efni í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50/53.

Tafla 1. Flokkun efnavöru vegna bráðra eiturhrifa á lífríki í vatni og skaðlegra langtímaáhrifa, gefið upp sem þyngdarhlutfall.

Styrkur efnis í efnavöru	Hættuflokkun efnis		
	N, H50/53	N, H51/53	H52/53
$0\% \leq \text{styrkur} < 0,25\%$			
$0,25\% \leq \text{styrkur} < 2,5\%$	H52/53		
$2,5\% \leq \text{styrkur} < 25\%$	N, H51/53	H52/53	
styrkur $\geq 25\%$	N, H50/53	N, H51/53	H52/53

3.1.2.b Efnavörur flokkast sem hættulegar umhverfinu og fá varnaðarmerkið HÆTTU-LEGT UMHVERFINU (N) ásamt eftirfarandi hættusetningum samkvæmt neðangreindum forsendum, nema efnavaran hafi þegar verið flokkuð samkvæmt lið 3.1.1.b hér að framan:

H51 Eitrað vatnalífverum

og

H53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

- 1) Efnavörur sem innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50/53 eða H51/53 ef styrkur einhvers efnis í efnavörinni er annaðhvort jafn eða meiri en:
 - a) styrkurinn sem er tilgreindur í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, fyrir efnið eða efnin sem um er að ræða, eða
 - b) styrkurinn sem er tilgreindur í töflu 1, ef efnið eða efnin eru ekki talin upp í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, eða eru talin upp þar án styrkmarka.
- 2) Efnavörur sem innihalda fleiri en eitt efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50/53 eða H51/53 þrátt fyrir að hvert efni sé í styrk sem er undir mörkunum sem eru tilgreind í 1) ef:

$$\sum \left(\frac{P_{N,H50/53}}{L_{N,H51/53}} + \frac{P_{N,H51/53}}{L_{N,H51/53}} \right) \geq 1$$

þar sem:

$P_{N,H50/53}$ er styrkur hvers efnis í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50/53,

$P_{N,H51/53}$ er styrkur hvers efnis í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H51/53,

$L_{N,H51/53}$ er styrkmörk fyrir hvert efni í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50/53 eða H51/53.

3.1.3.b Efnavörur flokkast sem hættulegar umhverfinu og fá eftirfarandi hættusetningar samkvæmt neðangreindum forsendum, nema efnavaran hafi þegar verið flokkuð samkvæmt lið 3.1.1.b eða 3.1.2.b hér að framan:

H52 Skaðlegt vatnalífverum

og

H53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

- 1) Efnavörur sem innihalda fleiri en eitt efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50/53 eða H51/53 eða H52/53 ef styrkur einhvers efnis í efnavörinni er annaðhvort jafn eða meiri en:
 - a) styrkurinn sem er tilgreindur í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, fyrir efnið eða efnin sem um er að ræða, eða
 - b) styrkurinn sem er tilgreindur í töflu 1, ef efnið eða efnin eru ekki talin upp í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, eða eru talin upp þar án styrkmarka.
- 2) Efnavörur sem innihalda fleiri en eitt efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50/53 eða H51/53 eða H52/53 þrátt fyrir að hvert efni sé í styrk sem er undir mörkunum sem eru tilgreind í 1) ef:

$$\sum \left(\frac{P_{N,H50/53}}{L_{N,H52/53}} + \frac{P_{N,H51/53}}{L_{N,H52/53}} + \frac{P_{H52/53}}{L_{H52/53}} \right) \geq 1$$

þar sem:

$P_{N,H50/53}$ er styrkur hvers efnis í efnavörðunni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50/53,

$P_{N,H51/53}$ er styrkur hvers efnis í efnavörðunni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H51/53,

$P_{H52/53}$ er styrkur hvers efnis í efnavörðunni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H52/53,

$L_{H52/53}$ er styrkmörk fyrir hvert efni í efnavörðunni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50/53 eða H51/53 eða H52/53.

- 3.1.4.b Efnavörður flokkast sem hættulegar umhverfinu og fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) ásamt eftirfarandi hættusetningu samkvæmt neðangreindum forsendum, nema efnavaran hafi þegar verið flokkuð samkvæmt lið 3.1.1.b hér að framan:

H50 Mjög eitrað vatnalífverum

- 1) Efnavörður sem innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50 ef styrkur einhvers efnis í efnavörðunni er annaðhvort jafn eða meiri en:
 - a) styrkurinn sem er tilgreindur í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, fyrir efnið eða efnin sem um er að ræða, eða
 - b) styrkurinn sem er tilgreindur í töflu 2, ef efnið eða efnin eru ekki talin upp í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, eða eru talin upp þar án styrkmarka.
- 2) Efnavörður sem innihalda fleiri en eitt efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50 þrátt fyrir að hvert efni sé í styrk sem er undir mörkunum sem eru tilgreind í 1) ef:

$$\sum \left(\frac{P_{N,H50}}{L_{N,H50}} \right) \geq 1$$

þar sem:

$P_{N,H50}$ er styrkur hvers efnis í efnavörðunni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50,

$L_{N,H50}$ er styrkmörk fyrir hvert efni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50.

- 3) Efnavörður sem innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50 en uppfylla ekki viðmiðanirnar í lið 1) eða 2) og innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50/53 ef:

$$\sum \left(\frac{P_{N,H50}}{L_{N,H50}} + \frac{P_{N,H50/53}}{L_{N,H50}} \right) \geq 1$$

þar sem:

$P_{N,H50}$ er styrkur hvers efnis í efnavörðunni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50,

$P_{N,H50/53}$ er styrkur hvers efnis í efnavörðunni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50/53,
 $L_{N,H50}$ er styrkmörk fyrir hvert efni í efnavörðunni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50 eða H50/53.

Tafla 2. Flokkun efnavöru vegna bráðra eiturhrifa á lífríki í vatni, gefið upp sem þyngdarhlutfall.

Styrkur efnis í efnavöru	Hættuflokkun efnis	
	N, H50	N, H50/53
$0\% \leq \text{styrkur} < 25\%$		
styrkur $\geq 25\%$	N, H50	N, H50

3.1.5.b Efnavörur flokkast sem hættulegar umhverfinu og fá eftirfarandi hættusetningu samkvæmt neðangreindum forsendum, nema efnavaran hafi þegar verið flokkuð samkvæmt lið 3.1.1.b, 3.1.2.b, 3.1.3.b eða 3.1.4.b hér að framan:

H52 Skaðlegt vatnalífverum

- 1) Efnavörur sem innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H52 ef styrkur einhvers efnis í efnavörðunni er annaðhvort jafn eða meiri en:
 - a) styrkurinn sem er tilgreindur í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, fyrir efnið eða efnin sem um er að ræða, eða
 - b) styrkurinn sem er tilgreindur í töflu 3, ef efnið eða efnin eru ekki talin upp í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, eða eru talin upp þar án styrkmarka.
- 2) Efnavörur sem innihalda fleiri en eitt efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H52 þrátt fyrir að hvert efni sé í styrk sem er undir mörkunum sem eru tilgreind í 1) ef:

$$\sum \left(\frac{P_{H52}}{L_{H52}} \right) \geq 1$$

þar sem:

P_{H52} er styrkur hvers efnis í efnavörðunni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H52,

L_{H52} er styrkmörk fyrir hvert efni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H52.

Tafla 3. Flokkun efnavöru vegna eiturhrifa á lífríki í vatni, gefið upp sem þyngdarhlutfall.

Styrkur efnis í efnavöru	Hættuflokkun efnis
	H52
$0\% \leq \text{styrkur} < 25\%$	
styrkur $\geq 25\%$	H52

3.1.6.b Efnavörur flokkast sem hættulegar umhverfinu og fá eftirfarandi hættusetningu samkvæmt neðangreindum forsendum, nema efnavaran hafi þegar verið flokkuð samkvæmt lið 3.1.1.b, 3.1.2.b eða 3.1.3.b hér að framan:

H53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

- 1) Efnavörur sem innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H53 ef styrkur einhvers efnis í efnavörinni er annaðhvort jafn eða meiri en:
 - a) styrkurinn sem er tilgreindur í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, fyrir efnið eða efnin sem um er að ræða, eða
 - b) styrkurinn sem er tilgreindur í töflu 4, ef efnið eða efnin eru ekki talin upp í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, eða eru talin upp þar án styrkmarka.
- 2) Efnavörur sem innihalda fleiri en eitt efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H53 þrátt fyrir að hvert efni sé í styrk sem er undir mörkunum sem eru tilgreind í 1) ef:

$$\sum \left(\frac{P_{H53}}{L_{H53}} \right) \geq 1$$

þar sem:

P_{H53} er styrkur hvers efnis í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H53,

L_{H53} er styrkmörk fyrir hvert efni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H53.

- 3) Efnavörur sem innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H53 en uppfylla ekki viðmiðanirnar í lið 2) og innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með H50/53, H51/53 eða H52/53 ef:

$$\sum \left(\frac{P_{H53}}{L_{H53}} + \frac{P_{N,H50/53}}{L_{H53}} + \frac{P_{N,H51/53}}{L_{H53}} + \frac{P_{H52/53}}{L_{H53}} \right) \geq 1$$

þar sem:

P_{H53} er styrkur hvers efnis í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H53,

$P_{N,H50/53}$ er styrkur hvers efnis í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H50/53,

$P_{N,H51/53}$ er styrkur hvers efnis í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H51/53,

$P_{H52/53}$ er styrkur hvers efnis í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H52/53,

L_{H53} er styrkmörk fyrir hvert efni í efnavörinni sem flokkast sem hættulegt umhverfinu með H53, H50/53, H51/53 eða H52/53.

Tafla 4. Flokkun efnavöru vegna skaðlegra langtímaáhrifa, gefið upp sem þyngdarhlutfall.

Styrkur efnis í efnavöru	Hættuflokkun efnis			
	H53	N, H50/53	N, H51/53	H52/53
0% ≤ styrkur < 25%				
styrkur ≥ 25%	H53	H53	H53	H53

3.2.b Önnur vistkerfi.

3.2.1.b Lífríki á landi.

Eftirfarandi hættusetningar verða notaðar til að flokka efnavörur þegar viðmiðanir hafa verið settar.

H54 Eitrað plöntum

H55 Eitrað dýrum

H56 Eitrað lífverum í jarðvegi

H57 Eitrað býflugum

H58 Getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum í umhverfinu.

3.2.2.b Ósonlagið.

3.2.2.1.b Efnavörur flokkast sem hættulegar umhverfinu og fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) ásamt eftirfarandi hættusetningu samkvæmt neðangreindum forsendum:

H59 Hættulegt ósonlaginu

Efnavörur sem innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með varnaðarmerkið N og hættusetninguna H59 ef styrkur einhvers efnis í efnavörinni er annaðhvort jafn eða meiri en:

- styrkurinn sem er tilgreindur í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, fyrir efnið eða efnin sem um er að ræða, eða
- styrkurinn sem er tilgreindur í töflu 5, ef efnið eða efnin eru ekki talin upp í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, eða eru talin upp þar án styrkmarka.

3.2.2.2.b Efnavörur flokkast sem hættulegar umhverfinu og fá eftirfarandi hættusetningu samkvæmt neðangreindum forsendum:

H59 Hættulegt ósonlaginu

- Efnavörur sem innihalda eitt eða fleiri efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu með hættusetninguna H59 ef styrkur einhvers efnis í efnavörinni er annaðhvort jafn eða meiri en:
 - styrkurinn sem er tilgreindur í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, fyrir efnið eða efnin sem um er að ræða, eða
 - styrkurinn sem er tilgreindur í töflu 5, ef efnið eða efnin eru ekki talin upp í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni, eða eru talin upp þar án styrkmarka.

Tafla 5. Flokkun efnavöru sem er hættuleg ósonlaginu.

Styrkur efnis í efnavöru	Hættuflokkun efnis	
	N, H59	H59
$0\% \leq \text{styrkur} < 0,1\%$		
styrkur $\geq 0,1\%$	N, H59	H59

Styrkur miðast við þyngdarhlutfall nema í loftkenndum efnablöndum, þar sem miðað er við rúmmálshlutfall.

II. VIÐAUKI

Sérákvæði um merkingar.

1. *Allar efnavörur.*
- 1.8. *Fljótandi efnavörur sem innihalda halógeneruð vetniskolefni.*
Eftirfarandi áletrun skal vera á umbúðum fljótandi efnavara sem innihalda halógeneruð vetniskolefni og meira en 5% af eldfimum eða afar eldfimum efnum, ef kveikjumark er ekki tilgreint eða hærra en 55°C.
Getur orðið afar eldfim við notkun eða Getur orðið eldfim við notkun.
- 1.9. *Sement og sementsblöndur.*
Umbúðir sements og sementsblandna sem innihalda leysanlegt króm (VI) í styrk yfir 0,0002% miðað við þunga sementsins í þurru formi ber að merkja á eftirfarandi hátt:
Inniheldur króm (VI). Getur valdið ofnæmi.
Þetta á þó ekki við ef vörurnar hafa þegar verið flokkaðar og merktar með hættusetningunni
H43 *Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.*
- 1.10. *Efnavörur sem innihalda efni sem flokkast með hættusetninguna H67:*
Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.
Ef efnavörur innihalda eitt eða fleiri efni með hættusetningunni H67 skal hættusetningin standa á merkimiðum þeirra, ef styrkur efnisins er jafn eða meiri en 15%.
Þetta á þó ekki við, ef efnavörur hafa þegar fengið hættusetningar H20, H23, H26, H68/20, H39/23 eða H39/26, eða ef umbúðirnar eru 125 ml eða minni.
- 1.11. *Efnavörur sem eru ekki flokkaðar sem ofnæmisvaldandi en innihalda að minnsta kosti eitt ofnæmisvaldandi efni.*
Eftirfarandi áletrun skal vera á umbúðum efnavara sem innihalda að minnsta kosti eitt efni sem er flokkað sem ofnæmisvaldandi og er til staðar í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% eða í styrk sem er jafn eða meiri en styrkurinn sem er tilgreindur fyrir efnið í fylgiskjali 1, lista yfir eitrefni og hættuleg efni:
Inniheldur (heiti hins ofnæmisvaldandi efnis). Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.
- 1.12. *Efnavörur sem eru ekki ætlaðar almenningi og eru ekki flokkaðar sem hættulegar en innihalda eitt eða fleiri hættuleg efni.*
Eftirfarandi áletrun skal vera á merkimiðum á umbúðum efnavara, sem innihalda eitt eða fleiri hættuleg efni í styrk sem er $\geq 1\%$ miðað við þyngd eða $\geq 0,2\%$ miðað við rúmmál.
Fagmenn geta beðið um og fengið öryggisleiðbeiningar.

2. *Hættulegar efnavörur.*2.8. *Efnavörur sem innihalda efni sem flokkast með hættusetninguna H33:*

Hætta á heilsutjóni eykst við reglubundna notkun.

Ef efnavörur innihalda eitt eða fleiri efni með hættusetningunni H33 skal setningin standa á merkimiðum þeirra, ef styrkur efnisins er jafn eða meiri en 1%, nema annar styrkur hafi verið tilgreindur í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni.

2.9. *Efnavörur sem innihalda efni sem flokkast með hættusetninguna H64:*

Getur skaðað brjóstmylkinga.

Ef efnavörur innihalda eitt eða fleiri efni með hættusetningunni H64 skal setningin standa á merkimiðum þeirra, ef styrkur efnisins er jafn eða meiri en 1% nema annar styrkur hafi verið tilgreindur í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni.

III. VIÐAUKI

Fylgiskjal 9.**Trúnaðarupplýsingar varðandi efnaheiti.**

A-HLUTI

Upplýsingar í umsókn um að fá að meðhöndla efnaheiti sem trúnaðarupplýsingar.**Inngangur.**

- A. Í 13. gr. eru tilgreind skilyrðin sem sá sem markaðssetur efnavöru þarf að uppfylla til að geta skírskotað til trúnaðar.
- B. Ekki þarf að senda inn margar umsóknir um undanþágu viðvirkjandi sama efninu, sem notað er í mismunandi efnavörur, ef þær:
- innihalda sömu hættulegu efnin á sama styrkbili,
 - eru flokkaðar og merktar á sama hátt,
 - eru ætlaðar til sömu notkunar.
- Til þess að fela heiti efnis, sem notað er í viðkomandi efnavöru, skal nota eitt, sérstakt staðgönguheiti. Í umsókn skulu enn fremur koma fram allar upplýsingar sem eru tilgreindar hér að neðan.
- C. Staðgönguheiti skal fundið skv. leiðbeiningum í B-hluta þessa fylgiskjals. Nota verður staðgönguheiti sem veitir nægar upplýsingar um efnið til að tryggja að meðhöndla megi það án áhættu.
- D. Þegar sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu leggur fram umsókn með ósk um að mega nota staðgönguheiti skal hann taka mið af því að veita þarf nægar upplýsingar til að gera megi nauðsynlegar heilbrigðis- og öryggisráðstafanir á vinnustað og til að tryggja að unnt sé að halda áhættu vegna meðhöndlunar efnavörunnar í lágmarki.

Umsókn um undanþágu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í umsókn um að fá að meðhöndla efnaheiti sem trúnaðarupplýsingar sbr. 13. gr.:

1. Nafn og fullt heimilisfang (ásamt símanúmeri) þess einstaklings sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og ber ábyrgð á markaðssetningu efnavörunnar, hvort sem það er framleiðandinn, innflytjandinn eða dreifingaraðilinn.
2. Nákvæm auðkenni efnisins, sem lagt er til að haldið sé leyndu, og staðgönguheiti.

CAS-nr.	EINECS-nr.	Efnaheiti samkvæmt alþjóðlegu nafna- og flokkunarkerfi sbr. fylgiskjal 1, skýringar, eða bráðabrigðaflokkun	Önnur heiti
Ath.: Ef efni eru flokkuð til bráðabrigða skal veita viðbótarupplýsingar (tilvísun í heimildir) til staðfestingar á að við bráðabrigðaflokkun hafi verið tekið mið af öllum fyrirliggjandi upplýsingum sem máli skipta og varða eiginleika efnisins.			

3. Rökstuðningur fyrir undanþágubeiðni (líkindi – trúverðugleiki).
4. Eitt eða fleiri heiti eða viðskiptaheiti efnavörunnar.
5. Hvort heitið eða viðskiptaheitið er það sama á öllu EES-svæðinu. Ef svarið er nei skal tilgreina heitið eða viðskiptaheitið sem notað er í öðrum EES-ríkjum.
6. Samsetning efnavörunnar samkvæmt skilgreiningu í 2. lið viðaukans við reglur Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.
7. Flokkun efnavörunnar skv. fylgiskjali 5, kafla I í þessari reglugerð.
8. Merking efnavörunnar skv. IV. kafla þessarar reglugerðar.
9. Fyrirhuguð notkun efnavörunnar.
10. Öryggisleiðbeiningar, í samræmi við reglur Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999.

B-HLUTI

Leiðbeinandi orðalisti til notkunar við ákvörðun annarra heita (almennra heita).

1. Inngangur.

Við gerð orðalistans var tekið mið af aðferðinni við flokkun hættulegra efna (skiptingu efna í flokka) sem birt er í fylgiskjali 1 við þessa reglugerð.

Nota má önnur heiti en þau sem byggð eru á þessum leiðbeiningum. Í öllum tilvikum skulu heitin, sem eru valin, þó veita nægar upplýsingar til að tryggja að meðhöndla megi efnavöruna án áhættu og gera nauðsynlegar heilbrigðis- og öryggisráðstafanir á vinnustað.

Flokkarnir eru skilgreindir sem hér segir:

- ólífræn eða lífræn efni með eiginleika sem auðkennast af sameiginlegu frumefni sem er aðaleinkenni þeirra. Heiti flokksins er leitt af nafni frumefnisins. Þessir flokkar eru auðkenndir með sætistölu frumefnisins (001 til 103) eins og í fylgiskjali 1, skýringum, töflu A
- lífræn efni með eiginleika sem auðkennast af sameiginlegum virkum efnahópi sem er aðaleinkenni þeirra. Heiti flokksins er leitt af heiti virka efnahópsins. Flokkarnir fá viðurkennd númer sem eru tilgreind í fylgiskjali 1, skýringum, (601-650) í töflu B. Í sumum tilvikum hefur verið bætt við undirflokkum til að sameina efni með sömu sérkennum.

2. Ákvörðun almenns heitis.*Almennar meginreglur.*

Almennt heiti er ákvarðað með eftirfarandi aðferð sem er í tveimur þrepum:

- i) sanna greining á virkum efnahópum og frumefnum í sameindinni;
- ii) ákvarðað er að hvaða marki skuli taka tillit til mikilvægustu, virku efnahópanna og frumefnanna.

Flokkarnir og undirflokkarnir, sem eru taldir upp í 3. lið, eru meðal þeirra virku efnahópa og frumefna sem taka skal tillit til en upptalningin er þó ekki tæmandi.

3. Skipting efna í flokka og undirflokka.

Flokkur nr. Fylgiskjal 1, skýringar	Flokkur/ undirflokkur
001	Vetnissambönd hýdríð
002	Helíumsambönd
003	Lítíumsambönd
004	Beryllíumsambönd
005	Bórsambönd bórön bóröt
006	Kolefnissambönd karbamöt ólífræn kolefnisambönd sölt blásýru úreöt og afleiður þeirra
007	Köfnunarefnissambönd fjörgild ammoníumsambönd súr köfnunarefnissambönd nitröt nitrít
008	Súrefnissambönd
009	Flúorsambönd ólífræn flúoríð
010	Neonsambönd
011	Natríumsambönd
012	Magnesiúmsambönd málmlífrænar magnesíumafleiður
013	Álsambönd málmlífrænar álafleiður
014	Kísilsambönd silíkon silíköt

Flokkur nr. Fylgiskjal 1, skýringar	Flokkur/ undirflokkur
015	Fosfórsambönd súr fosfórsambönd fosfóníumsambönd fosfórestrar fosföt fosfít fosfóramíð og afleiður af þeim
016	Brennisteinssambönd súr brennisteinssambönd merkaptön súlföt súlfít
017	Klórsambönd klóröt perklóröt
018	Argonsambönd
019	Kalíumsambönd
020	Kalsíumsambönd
021	Skandíumsambönd
022	Títansambönd
023	Vanadíumsambönd
024	Krómsambönd sambönd sexgilds króms (krómöt)
025	Mangansambönd
026	Járnsambönd
027	Kóbaltsambönd
028	Nikkelsambönd
029	Koparsambönd
030	Sinksambönd málmlífrænar sinkafleiður
031	Gallíumsambönd
032	Germaníumsambönd
033	Arsensambönd
034	Selensambönd
035	Brómsambönd
036	Kryptonsambönd
037	Rúbídíumsambönd
038	Strontíumsambönd
039	Yttríumsambönd
040	Sirkonsambönd

Flokkur nr. Fylgiskjal 1, skýringar	Flokkur/ undirflokkur
041	Níóbíumsambönd
042	Mólybdensambönd
043	Teknetíumsambönd
044	Rúteníumsambönd
045	Ródfíumsambönd
046	Palladíumsambönd
047	Silfursambönd
048	Kadmíumsambönd
049	Indíumsambönd
050	Tinsambönd málmlífrænar tinafleiður
051	Antímionsambönd
052	Tellúrsambönd
053	Joðsambönd
054	Xenonsambönd
055	Sesíumsambönd
056	Baríumsambönd
057	Lantansambönd
058	Seríumsambönd
059	Praseódíymsambönd
060	Neódíymsambönd
061	Prómetíumsambönd
062	Samaríumsambönd
063	Evrópíumsambönd
064	Gandólínsambönd
065	Terbíumsambönd
066	Dysprósíumsambönd
067	Hólmíumsambönd
068	Erbíumsambönd
069	Túlíumsambönd
070	Ytterbíumsambönd
071	Lútetíumsambönd
072	Hafníumsambönd
073	Tantalsambönd
074	Volframsambönd
075	Reníumsambönd
076	Osmíumsambönd
077	Iridíumsambönd
078	Platínusambönd

Flokkur nr. Fylgiskjal 1, skýringar	Flokkur/ undirflokkur
079	Gullsambönd
080	Kvikasilfursambönd málmlífrænar kvikasilfursafleiður
081	Þallfumsambönd
082	Blýsambönd málmlífrænar blýafleiður
083	Bismútsambönd
084	Pólóníumsambönd
085	Astatsambönd
086	Radonsambönd
087	Frankíumsambönd
088	Radíumsambönd
089	Aktíníumsambönd
090	Póríumsambönd
091	Prótaktínsambönd
092	Úransambönd
093	Neptúníumsambönd
094	Plútoníumsambönd
095	Ameríkíumsambönd
096	Kúríumsambönd
097	Berkelíumsambönd
098	Kaliforníumsambönd
099	Einsteiníumsambönd
100	Fermíumsambönd
101	Mendelevíumsambönd
102	Nóbelíumsambönd
103	Lárensíumsambönd
601	Vetniskolefni alifatísk vetniskolefni arómatísk vetniskolefni alísýklísk vetniskolefni fjölhringja arómatísk vetniskolefni (PAH)
602	Halógeneruð vetniskolefni (*) halógeneruð, alifatísk vetniskolefni (*) halógeneruð, arómatísk vetniskolefni (*) halógeneruð, alísýklísk vetniskolefni (*)
	(*) Tilgreina skal flokkinn út frá því halógeni sem um er að ræða hverju sinni.

Flokkur nr. Fylgiskjal 1, skýringar	Flokkur/ undirflokkur
603	Alkóhól og afleiður þeirra alifatísk alkóhól arómatísk alkóhól alisýklísk alkóhól alkanólamín epoxýafleiður eterar glýkóletrar glýkól og pólýól
604	Fenól og afleiður þeirra halógeneraðar fenólaafleiður (*) <hr/> (*) Tilgreina skal flokkinn út frá því halógeni sem um er að ræða hverju sinni.
605	Aldehyð og afleiður þeirra alifatísk aldehyð arómatísk aldehyð alisýklísk aldehyð alifatísk asetöl arómatísk asetöl alisýklísk asetöl
606	Keton og afleiður þeirra alifatísk keton arómatísk keton (*) alisýklísk keton <hr/> (*) Einnig kínon.

Flokkur nr. Fylgiskjal 1, skýringar	Flokkur/ undirflokkur
607	Lífrænar sýrur og afleiður þeirra alifatískar sýrur halógeneraðar, alifatískar sýrur (*) arómatískar sýrur halógeneraðar, arómatískar sýrur (*) alisýklískar sýrur halógeneraðar, alisýklískar sýrur (*) alifatísk sýruanhýdríð halógeneruð, alifatísk sýruanhýdríð (*) arómatísk sýruanhýdríð halógenereruð, arómatísk sýruanhýdríð (*) alisýklísk sýruanhýdríð halógeneruð, alisýklísk sýruanhýdríð (*) sölt af alifatískum sýrum sölt af halógeneruðum, alifatískum sýrum (*) sölt af arómatískum sýrum sölt af halógeneruðum, arómatískum sýrum (*) sölt af alisýklískum sýrum sölt af halógeneruðum, alisýklískum sýrum (*) esterar af alifatískum sýrum esterar af halógeneruðum, alisýklískum sýrum (*) esterar af arómatískum sýrum esterar af halógeneruðum, arómatískum sýrum (*) esterar af alisýklískum sýrum esterar af halógeneruðum, alisýklískum sýrum (*) esterar af glýkóleterum akrýlöt metakrýlöt lakton sýruhalógeníð (*) Tilgreina skal flokkinn út frá því halógeni sem um er að ræða hverju sinni.
608	Nítríl og afleiður þeirra
609	Nítrósambönd
610	Klórueruð nítrósambönd
611	Asoxý- og asósambönd
612	Amínsambönd alifatísk amín og afleiður þeirra alisýklísk amín og afleiður þeirra arómatísk amín og afleiður þeirra anilín og afleiður þess bensidín og afleiður þess

Flokkur nr. Fylgiskjal 1, skýringar	Flokkur/ undirflokkur
613	Basar með misleitum hringjum og afleiður þeirra bensímídasól og afleiður þess ímídasól og afleiður þess pýretrínóíð kínólín og afleiður þess tríasín og afleiður þess tríasól og afleiður þess
614	Glýkósíð og beiskjuefni (alkalóíð) beiskjuefni og afleiður þeirra glýkósíð og afleiður þeirra
615	Sýanöt og ísósýanöt sýanöt ísósýanöt
616	Amíð og afleiður þeirra asetamíð og afleiður þeirra anilíð
617	Lífræn peroxíð
647	Ensím
648	Flóknar kolafleiður sýruútdráttur basaútdráttur antrasenolía útdráttarleif úr antrasenolíu antrasenolíuþáttur karbólólía útdráttarleif úr karbólolíu kolvökvar, eftir útdrátt með fljótandi leysiefni kolvökvar, leysiefni eftir útdrátt með fljótandi leysiefni kolaolía koltjara útdráttarefni úr koltjöru fastar koltjöruleifar lághitakox (úr koltjöru), háhitabik kox (úr koltjöru), háhitabik kox (úr koltjöru), blönduð kol, háhitabik óhreinsað bensen (hrábensól) óhreinsuð fenól óhreinsaðir tjörubasar eimaðir basar eimúð fenól eimi fyrstu eimi (úr kolum), eftir útdrátt með fljótandi leysiefni eimi (úr kolum), eftir útdrátt með leysiefni, vetnissundruð eimi (úr kolum), eftir útdrátt með leysiefni, vetnissundruð, vetnuð, meðalþung

Flokkur nr. Fylgiskjal 1, skýringar	Flokkur/ undirflokkur
	<p>eimi (úr kolum), eftir útdrátt með leysiefni, vetnissundrað, meðalþung útdráttarleifar úr kolum, basísk lághitakoltjara léttolía (fresh oil) dísileldsneyti, eftir útdrátt með leysiefni úr kolum, vetnissundrað, vetnað þotueldsneyti, eftir útdrátt með leysiefni úr kolum, vetnissundrað, vetnað bensín, eftir útdrátt með leysiefni úr kolum, vetnissundrað nafta (hrábensín) afurðir hitameðferðar þung antrasenolía endureimuð, þung antrasenolía léttolía (light oil) útdráttarleifar úr léttolíu, hátt eimingarsvið útdráttarleifar úr léttolíu, meðalhátt eimingarsvið útdráttarleifar úr léttolíu, lágt eimingarsvið endureimuð léttolía, hátt eimingarsvið endureimuð léttolía, meðalhátt eimingarsvið endureimuð léttolía, lágt eimingarsvið metýlnaftalenolía útdráttarleif úr metýlnaftalenolíu nafta (úr kolum), eftir útdrátt með leysiefni, vetnissundrað naftalenolía útdráttarleif úr naftalenolíu endureimuð naftalenolía bik endureimað bik bikleifar hitameðhöndlaðar bikleifar oxaðar bikleifar afurðir hitasundrunar endureimi leifar (úr kolum), eftir útdrátt með fljótandi leysiefni tjara, úr brúnkolum lághitatjara úr brúnkolum tjöruolía, hátt eimingarsvið tjöruolía, meðalhátt eimingarsvið ísogsolía útdráttarleif úr ísogsolíu endureimuð ísogsolía</p>

Flokkur nr. Fylgiskjal 1, skýringar	Flokkur/ undirflokkur
649	Flóknar olíuafleiður jarðolía jarðolfugas nafta með lágt eimingarsvið umbreytt nafta með lágt eimingarsvið hvatasundrað nafta með lágt eimingarsvið hvataumbreytt nafta með lágt eimingarsvið hitasundrað nafta með lágt eimingarsvið vetnismeðhöndlað nafta með lágt eimingarsvið nafta með lágt eimingarsvið – óbreytt beineimuð steinolía óbreytt steinolía sundruð gasolía óbreytt gasolía svartolía feiti óhreinsuð eða lítið hreinsuð grunnolía óbreytt grunnolía arómatísk útdráttarefni úr eimi arómatísk útdráttarefni úr eimi (meðhöndlað) botnolía olíuauðugt vax vaselín
650	Ýmis efni notið ekki þennan flokk. Notið heldur framangreinda flokka eða undirflokka.

4. Dæmi um framkvæmd.

Þegar kannað hefur verið hvort efnið tilheyrir einum eða fleiri flokkum eða undirflokkum í skránni er unnt að fastsetja almenna heitið á eftirfarandi hátt:

4.1. Ef heitið á flokki eða undirflokki nægir til að lýsa frumefnum eða mikilvægum, virkum efnahópum er það valið sem almennt heiti.

Dæmi:

- 1,4 díhýdroxýbensen
flokkur 604: fenól og afleiður þeirra
almennt heiti: fenólafleiður
- bútanól
flokkur 603: alkóhól og afleiður þeirra
undirflokkur: alifatísk alkóhól
almennt heiti: alifatísk alkóhól

– 2-ísóprópoxyetanól
flokkur 603: alkóhól og afleiður þeirra
undirflokkur: glýkóleterar
almennt heiti: glýkóleter

– metakrýlat
flokkur 607: lífrænar sýrur og afleiður þeirra
undirflokkur: akrýlöt
almennt heiti: akrýlat

- 4.2. Ef heiti flokks eða undirflokks nægir ekki til að lýsa frumefnum eða mikilvægum, virkum efnahópum er almenna heitið myndað með því að tengja saman heitin á fleiri en einum flokki eða undirflokki:

Dæmi:

– klórbensen
flokkur 602: halógeneruð vetniskolefni
undirflokkur: halógeneruð, arómatísk vetniskolefni
flokkur 017: klórsambönd
almennt heiti: klórað, arómatískt vetniskolefni

– 2,3,6-tríklórphenýledíksýra
flokkur 607: lífrænar sýrur
undirflokkur: halógeneraðar, arómatískar sýrur
flokkur 017: klórsambönd
almennt heiti: klóruð, arómatísk sýra

– 1-klór-1-nítróprópan
flokkur 610: klóraðar, nítraðar afleiður
flokkur 601: vetniskolefni
undirflokkur: alifatísk vetniskolefni
almennt heiti: klórað, alifatískt vetniskolefni

– tetraprópýldíþíópýrófosfat
flokkur 015: fosfórsambönd
undirflokkur: fosfóresterar
flokkur 016: brennisteinssambönd
almennt heiti: þíófosfórester

Ath.: Þegar um er að ræða ákveðin efni, einkum málma, má tilgreina flokkinn eða undirflokkinn nánar með orðunum „lífrænn“ eða „ólífrænn“.

Dæmi:

– díkvikasílfursklóríð
flokkur 080: kvikasílfurssambönd
almennt heiti: ólífrænt kvikasílfurssamband

– baríumasetat
flokkur 056: baríumsambönd
almennt heiti: lífrænt baríumsamband

— etýlnítrít
flokkur 007: köfnunarefnissambönd
undirflokkur: nítrít
almennt heiti: lífrænt nítrít

— natríumhýdrósúlfít
flokkur 016: brennisteinssambönd
almennt heiti: ólífrænt brennisteinssamband

(Efnin í þessum dæmum eru úr fylgiskjali 1, við reglugerð þessa).

12. maí 2004

Nr. 443

REGLUGERÐ

um klínískar lyfjarannsóknir á mönnum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til klínískra lyfjarannsókna á mönnum.

Reglugerðin tekur ekki til lækningatilrauna á einstökum sjúklingum eða rannsókna án inngríps.

Í þessari reglugerð eru sett sérákvæði varðandi framkvæmd klínískra lyfjarannsókna, þ.m.t. fjölsetrarannsóknir á mönnum með lyfjum einkum að því er varðar framkvæmd góðra klínískra starfshátta við lyfjarannsóknir (GCP).

Um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við klínískar lyfjarannsóknir gilda lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur settar á grundvelli þeirra að svo miklu leyti sem þær víkja ekki fyrir sérákvæðum reglugerðar þessarar.

Tilhögun, framkvæmd og skýrslugerð við allar klínískar lyfjarannsóknir, þar með taldar rannsóknir á aðgengi (bioavailability and bioequivalence), skal vera í samræmi við meginreglurnar um góða klíníska starfshætti.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

- a. *Lyf*: Lyf eru efni eða efnasamsetningar sem falla undir skilgreiningu lyfjahugtaksins í 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.
- b. *Klínísk rannsókn*: Kerfisbundin rannsókn á lyfi í þeim tilgangi að afla þekkingar eða staðfesta þekkingu á verkun, milliverkun, aukaverkun, lyfjahvörfum eða rannsaka lækningalegt gildi.

- c. *Góðir klínískir starfshættir (GCP)*: Staðall fyrir tilhögun, stjórn, framkvæmd, eftirlit, skráningu gagna og tilkynningu niðurstaðna klínískra rannsókna, sem tryggir að gögn og túlkun niðurstaðna úr rannsókninni séu trúverðugar og nákvæmar og að réttindi, öryggi og velferð þátttakanda séu virt.
- d. *Fjölsetra rannsókn (multi-centre clinical trial)*: Klínísk rannsókn sem fer fram samtímis á mörgum stöðum og eftir sömu rannsóknaráætlun.
- e. *Rannsakandi (investigator)*: Læknir eða tannlæknir sem hefur heimild til að framkvæma klíníska lyfjarannsókn. Ef einungis einn rannsakandi tekur þátt í klínískri lyfjarannsókn telst hann einnig aðalrannsakandi sbr. f-lið.
- f. *Aðalrannsakandi (principal investigator)*: Rannsakandi sem ber ábyrgð á framkvæmd klínískrar lyfjarannsóknar á hverju rannsóknarsetri. Aðalrannsakandi getur í ákveðnum tilfellum einnig verið bakhjarl, sbr. i-lið.
- g. *Umsjónaraðili rannsóknar*: Sá aðalrannsakandi sem samhæfir framkvæmd klínískra lyfjarannsókna í þeim íslensku setrum sem taka þátt í fjölsetrarannsókn.
- h. *Þátttakandi (subject)*: Einstaklingur sem tekur þátt í klínískri lyfjarannsókn, annaðhvort sem viðtakandi rannsóknarlyfs eða sem hluti af viðmiðunarhópi.
- i. *Bakhjarl (sponsor)*: Einstaklingur, félag, stofnun, samtök eða fyrirtæki sem gegnir því hlutverki að koma á fót, stjórna og/eða fjármagna klíníska lyfjarannsókn. Ef enginn bakhjarl er tengdur rannsókninni skal aðalrannsakandi sinna hans hlutverki.
- j. *Vaktari (monitor)*: Sá einstaklingur sem fylgist með því að rannsókn hafi eðlilegan gang og gætir þess að hún sé framkvæmd í öllum atriðum samkvæmt rannsóknaráætlun, stöðluðum verkferlum, gildandi leiðbeiningum um góða klíníska starfshætti og íslenskum lögum og reglum.
- k. *Rannsóknaráætlun (clinical trial protocol)*: Skjal þar sem fram kemur markmið, tilhögun, aðferðafræði, tölfræðilegar aðferðir og skipulag klínískrar lyfjarannsóknar.
- l. *Upplýsingarit rannsakanda (investigator's brochure)*: Samantekt á klínískum og forklínískum gögnum um rannsóknarlyfið sem máli skipta fyrir klíníska rannsókn á lyfinu í mönnum.
- m. *Upplýst samþykki*: Samþykki sem veitt er skriflega og af fúsum og frjálsum vilja, eftir að einstaklingur sem tekur þátt í klínískri lyfjarannsókn hefur m.a. verið upplýstur um eðli hennar, mikilvægi, afleiðingar og hugsanlega áhættu. Viðkomandi einstaklingur verður að vera fær um veita samþykki sitt eða aðili sem til þess er bær lögum samkvæmt fyrir hans hönd. Ef einstaklingurinn er ekki fær um að skrifa má í undantekningartilvikum veita munnlegt samþykki í vitna viðurvist.
- n. *Eftirlit (inspection)*: Sú aðgerð stjórnvalds að láta fara fram opinbera endurskoðun á skjölum, aðstöðu, skrám, gæðatryggingarmálum og öllum öðrum hlutum sem stjórnvaldið telur að tengist klínísku lyfjarannsókninni og sem kunna að vera staðsettir á prófunarsetri, í starfsstöðvum bakhjarls og/eða samningsbundinna rannsóknarstofnanna eða á öðrum stöðum sem stjórnvaldið telur að þurfi að skoða.
- o. *Meintilvik (adverse event)*: Sérhver óæskilegur læknisfræðilegur atburður hjá þátttakanda í klínískri rannsókn og sem er ekki endilega í orsakatengslum við þá meðferð.
- p. *Aukaverkun (adverse reaction)*: Öll óæskileg áhrif, sem ekki eru fyrirætluð, af þeim skömmtum sem notaðir eru af rannsóknarlyfi.
- q. *Alvarleg meintilvik (serious adverse event) eða alvarleg aukaverkun (serious adverse reaction)*: Skaðleg eða óvænt viðbrögð eða áhrif þar sem hver skammtur leiðir til dauða, lífshættulegs ástands, veldur fötlun, fæðingargalla, sjúkrahúsvist eða lengingar á sjúkrahúsvist.

- r. *Óvænt aukaverkun (unexpected adverse reaction)*: Aukaverkun sem vegna eðlis, alvarleika eða afleiðinga þeirra er ekki eins og getið er um í upplýsingariti rannsakanda um prófunarlyf eða samantekt á eiginleikum lyfs (SPC).
- s. *Rannsókn án inngrips (non-interventional trial)*: Rannsókn þar sem lyfið eða lyfjunum er ávísað á venjulegan hátt í samræmi við skilmála markaðsleyfisins. Meðferð sjúklingsins ákvarðast ekki fyrir fram af rannsóknaráætlun heldur er hún samkvæmt gildandi venju. Fyrirmælin um lyfið eru skýrt afmörkuð frá þeirri ákvörðun að sjúklingurinn skuli vera hluti af rannsókninni. Ekki skal beita neinum viðbótargreiningum eða -eftirliti við meðhöndlun sjúklings og nota skal faraldsfræðilegar aðferðir við greiningu gagnanna sem er aflað.

3. gr.

Fjölsetrarannsóknir.

Fjölsetrarannsóknir á Íslandi verða að hafa umsjónaraðila sem ber ábyrgð á því að samhæfa setrin sem taka þátt í viðkomandi rannsókn.

Þegar íslensk setur taka þátt í fjölþjóðlegri fjölsetrarannsókn verður að vera til staðar umsjónaraðili fyrir íslensku setrin.

4. gr.

Ábyrgð.

Aðalrannsakandi, eða eftir atvikum rannsakandi, er ábyrgur fyrir viðkomandi rannsókn og fyrir þeim skýrslum og tilkynningum sem ber að senda skv. 29. – 33. gr. eftir því sem við á sbr. þó 30. gr. Aðalrannsakandi, eða eftir atvikum rannsakandi, ber ábyrgð á vali, meðferð og eftirliti með þátttakendum. Aðalrannsakandi, eða eftir atvikum rannsakandi, og bakhjarl sem undirrita umsókn um klínísku rannsókn bera ábyrgð á því að rannsóknin sé framkvæmd samkvæmt gildandi reglum. Í fjölsetrarannsóknnum er það umsjónaraðili rannsóknarinnar sem ber þessa ábyrgð, nema á tilkynningum um meintilvik en rannsakendur og aðalrannsakandi eru ábyrgir fyrir þeim.

Þegar klínísk lyfjarannsókn er framkvæmd í samvinnu við bakhjarl er honum skylt að taka þátt í vinnu við þær skýrslur og tilkynningar sem ber að senda.

5. gr.

Tryggingar.

Þátttakendur í klínískri lyfjarannsókn skulu vera tryggðir á fullnægjandi hátt fyrir hugsanlegu heilsutjóni vegna rannsóknarinnar.

Aðalrannsakandi, eða eftir atvikum rannsakandi, er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi tryggingar séu fyrir hendi.

6. gr.

Siðfræðilegt mat.

Leggja skal vísindalegt og siðfræðilegt mat á allar klínískar lyfjarannsóknir áður en þær hefjast. Þetta mat skal vera í höndum vísindasiðanefndar sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 552/1999 eða siðanefndar viðkomandi stofnunar.

Með ósk um mat vísindasiðanefndar, eða eftir atvikum siðanefndar viðkomandi stofnunar, skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- a. Útfyllt umsóknareyðublað.
- b. Rannsóknaráætlun, sbr. 9. gr.
- c. Viðbótarupplýsingar um ýmis atriði tengd rannsókninni, sbr. 10. gr.

- d. Upplýsingar um rannsóknar- og samanburðarlyf, sbr. 11. gr.
- e. Afrit af umsókn til Lyfjastofnunar.
- f. Eintak af upplýsingum til þátttakenda og upplýstu samþykki, sbr. 18. gr.
- g. Afrit af staðfestingu á tryggingu, sbr. 5. gr.

Umsóknin skal vera undirrituð af aðalrannsakanda. Ef rannsóknin fer fram á sjúkrahúsi eða annarri heilbrigðisstofnun, skal yfirlæknir, yfirmaður deildar eða stofnunar einnig skrifa undir umsóknina. Ef rannsóknin er gerð í samvinnu við bakhjarl skal fulltrúi hans einnig undirrita umsóknina.

Þegar vísindasiðanefnd, eða eftir atvikum viðkomandi siðanefnd, undirbýr álit sitt skal hún einkum taka tillit til eftirfarandi:

- a. Gildi og tilhögunar klínísku lyfjarannsóknarinnar.
- b. Hvort mat á ætluðum ávinningi og áhættu sé fullnægjandi og hvort niðurstöðurnar eigi við rök að styðjast.
- c. Rannsóknaráætlunarinnar.
- d. Hæfis rannsakanda/aðalrannsakanda og aðstoðarmanna hans.
- e. Upplýsingarits rannsakandans.
- f. Gæða aðstöðunnar.
- g. Hvort ritaðar upplýsingar, sem láta á í té, séu viðunandi og tæmandi svo og málsmeðferðin sem fylgja skal við að fá upplýst samþykki og rökin sem færð eru fyrir rannsóknnum á einstaklingum sem eru ófærir um að veita upplýst samþykki með tilliti til sérstakra takmarkana sem mælt er fyrir um í 19. gr.
- h. Hvort ákvæði hafi verið sett um tryggingu eða skaðabætur ef klíníska rannsóknin leiðir til meiðsla eða dauða.
- i. Trygginga eða skaðabóta sem nema bótaábyrgð rannsakanda og bakhjarls.
- j. Fjárhæða og eftir því sem við á hvernig þóknun rannsakenda og þátttakenda og hugsanlegum rétti þeirra til skaðabóta er háttað.
- k. Fyrirkomulags við nýskráningu þátttakenda.

Viðkomandi siðanefnd hefur að hámarki 60 daga frá viðtökudegi gildirar umsóknar til að skila rökstuddu álitinu sínu til umsækjanda og Lyfjastofnunar.

Viðkomandi siðanefnd má krefjast viðbótargagna einu sinni frá því að gild umsókn berst og skal umsóknarferlið stöðvað þar til umbeðin gögn berast siðanefndinni.

Ekki er heimilt að framlengja 60 daga tímamörkin sem um getur í 3. mgr., nema um sé að ræða prófanir í tengslum við lyf til genameðferðar eða lækninga með líkamsfrumum eða lyfjum sem innihalda erfðabreyttar lífverur. Í því tilviki er leyfilegt að framlengja tímamörk um 30 daga að hámarki. Telji viðkomandi siðanefnd nauðsynlegt að ráðfæra sig við aðra hópa eða nefndir er henni heimilt að framlengja tímamörkin í allt að 180 daga frá því að gild umsókn barst. Ef um er að ræða lækningar með dýrafrumum eru engin skilgreind tímamörk fyrir mat á umsókn.

Hyggist viðkomandi siðanefnd framlengja ofangreind tímamörk skal hún tilkynna umsækjanda um þá fyrirætlun sína.

Um tilkynningu allra breytinga, sem geta haft áhrif á öryggi þátttakenda eða niðurstöður rannsóknarinnar eða sem eru á annan hátt mikilvægar, fer samkvæmt 1. mgr. 15. gr.

7. gr.

Persónuvernd.

Tilkynna skal allar klínískar lyfjarannsóknir til Persónuverndar áður en þær hefjast, í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 með síðari breytingum og reglur sem Persónuvernd setur á grundvelli þeirra laga um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

II. KAFLI

Umsókn um klíniska lyfjarannsókn.

8. gr.

Umsókn um klíniska lyfjarannsókn.

Umsókn um klíniska lyfjarannsókn skal send Lyfjastofnun og viðkomandi siðanefnd en þarf ekki nauðsynlega að berast þessum aðilum samtímis.

Með umsókn til Lyfjastofnunar um leyfi til klínískrar rannsóknar skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- a. Útfyllt umsóknareyðublað.
- b. Rannsóknaráætlun, sbr. 9. gr.
- c. Viðbótarupplýsingar um ýmis atriði tengd rannsókninni, sbr. 10. gr.
- d. Upplýsingar um rannsóknar- og samanburðarlyf, sbr. 11. gr.
- e. Afrit af umsókn til viðkomandi siðanefndar.
- f. Eintak af upplýsingum til þátttakenda og upplýstu samþykki, sbr. 18. gr.
- g. Afrit af staðfestingu á tryggingu, sbr. 5. gr.

Umsóknin skal vera undirrituð af aðalrannsakanda. Ef rannsóknin fer fram á sjúkrahúsi eða annari heilbrigðisstofnun, skal yfirlæknir, yfirmaður deildar eða stofnunar einnig skrifa undir umsóknina. Ef rannsóknin er gerð í samvinnu við bakhjarl skal fulltrúi hans einnig undirrita umsóknina.

Litið er á fjölsetrarannsókn sem eina rannsókn. Þegar um fjölsetrarannsókn er að ræða, skal ein umsókn send Lyfjastofnun og hún undirrituð af umsjónaraðila rannsóknarinnar. Umsókninni skulu einnig fylgja viðbótarumsóknareyðublöð fyrir hvert setur á Íslandi, undirritað af aðalrannsakanda þess.

Taka skal fram í rannsóknaráætlun hvort rannsóknin er hluti af fjölþjóðarannsókn.

Lyfjastofnun getur gefið nánari leiðbeiningar um útfyllingu umsóknareyðublaða og fylgigögn.

Á umsóknareyðublaði á að koma fram það númer sem umsækjendur fá við skráningu rannsóknarinnar í evrópskan gagnagrunn fyrir klínískar rannsóknir. Þetta númer á að nota í öllum samskiptum við Lyfjastofnun þar á eftir.

9. gr.

Rannsóknaráætlun.

Semja skal rannsóknaráætlun fyrir allar klínískar lyfjarannsóknir. Í rannsóknaráætlun skulu eftirfarandi atriði koma fram:

- a. Bakgrunnur og markmið rannsóknar.
- b. Þátttakendur.
- c. Snið rannsóknarinnar.
- d. Forsendur fyrir vali á úrtaki (inntöku- og útilokunarskilyrði).
- e. Meðferðaráætlun.
- f. Viðmiðunarhópar og meðferð þeirra.
- g. Tölfræðilegar aðferðir og forsendur fyrir stærð úrtaks.
- h. Skráning áhrifa lyfsins og meintilvika.
- i. Rannsóknir til að tryggja öryggi þátttakenda.
- j. Túlkun á niðurstöðum.
- k. Gæðatrygging gagna og aðferða.
- l. Siðfræðilegt mat.
- m. Uppgjör á lyfjabirgðum.

Ef rannsóknin er unnin í samvinnu við bakhjarl, skal gera grein fyrir því hvernig rannsóknin fellur inn í heildarþróun viðkomandi lyfs.

10. gr.

Viðbótarupplýsingar vegna rannsókna.

Til viðbótar við þau gögn sem áður hafa verið talin upp sem hluti af rannsóknaráætlun, skal einnig senda Lyfjastofnun upplýsingar um:

- a. Hæfni aðalrannsakanda til að framkvæma rannsóknina (menntun, störf og rannsóknir).
- b. Tímaáætlun.
- c. Rannsóknarsetur.
- d. Hvernig fyrri meðferð þátttakanda verður stöðvuð ef með þarf.
- e. Eftirfylgni með þátttakendum að lokinni ransókn.
- f. Þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk rannsóknarinnar.
- g. Viðbrögð við meintilvikum.
- h. Áform um með hvaða hætti niðurstöður rannsókna verða kynntar.
- i. Meðhöndlun og skráningu rannsóknarlyfja.
- j. Hvernig söfnun og meðferð allra upplýsinga um þátttakendur verður háttað.
- k. Tryggingu þátttakenda.
- l. Merkingu lyfjaumbúða.

11. gr.

Gögn um lyfin.

Umsókn um klíníska lyfjaprófun skal fylgja samantekt á upplýsingum um efnafræði, lyfjagerðarfræði, líflyfjafræði (pharmacology) í dýrum, eiturefnafræði, líflyfjafræði í mönnum og klíníska eiginleika lyfjanna.

Framleiðsla og innflutningur rannsóknarlyfja skal vera í samræmi við gildandi reglur um framleiðslu og innflutning lyfja.

Rannsóknarlyf skal framleitt í samræmi við leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti (GMP).

Lyfjastofnun getur krafist þess að viðbótargögn og nánari skýrslur séu lagðar fram ef þörf krefur.

III. KAFLI

Samþykki og framkvæmd rannsókna.

12. gr.

Samþykki lyfjarannsóknar.

Mat Lyfjastofnunar á umsókn um klíníska lyfjarannsókn byggir á þeim upplýsingum sem sendar eru með umsókn samkvæmt II. kafla og er meðal annars lagt mat á gæði, öryggi og ætluð áhrif rannsóknarlyfjanna, vísindalegan grunn, rannsóknaraðferð, klínískt notagildi og gæðastaðla.

Samþykki viðkomandi siðanefndar skal meðal annars byggja á þeim atriðum sem talin eru upp í 6. gr.

Framkvæmd rannsóknar má ekki hefjast fyrr en endanlegt samþykki viðkomandi siðanefndar liggur fyrir skv. 6. gr. og að því tilskildu að Lyfjastofnun hafi ekki gert athugasemdir eða tilkynnt umsækjanda um ástæður fyrir synjun umsókna um klíníska rannsókn innan þeirra tímamarka sem getið er um í 14. gr.

Lyfjastofnun getur synjað umsókn ef:

- a. Öryggi þátttakenda er í hættu.
- b. Rannsóknaráætlun er ekki í samræmi við gildandi staðla.
- c. Lyfjastofnun telur það nauðsynlegt af öðrum ástæðum.

Rannsóknir með lyfjum til genameðferðar verða ekki samþykktar ef lyfin valda breytingum á erfðaeiginleikum kynfruma.

Eftir að gild umsókn hefur borist mun Lyfjastofnun leitast við að senda athugasemdir vegna hennar innan 30 daga. Umsækjendur hafa þá um 10 daga til að senda inn viðbótargögn.

13. gr.

Samþykki Lyfjastofnunar.

Hafi umsækjanda um klíníska lyfjarannsókn ekki borist neinar athugasemdir frá Lyfjastofnun innan þeirra tímamarka sem tiltekin eru í 14. gr. er heimilt að hefja rannsóknina. Samþykki Lyfjastofnunar er þó ávallt skriflegt þegar um er að ræða klínískar rannsóknir með lyfjum:

- a. Til genameðferðar.
- b. Til lækninga með líkamsfrumum.
- c. Sem innihalda erfðabreyttar lífverur.
- d. Sem þróuð eru með líftæknilegum aðferðum, sbr. reglugerð nr. 2309/93/EB um málsmeðferð bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu.
- e. Þar sem virkt innihaldsefni er líffræðilegt efni, upprunið frá mönnum eða dýrum, eða ef það inniheldur líffræðilega efnisþætti frá mönnum eða dýrum eða ef slíkir þættir eru hluti af framleiðslu lyfsins.

14. gr.

Tímamörk samþykkis á klínískri lyfjarannsókn.

Lyfjastofnun skal meta umsókn um klíníska rannsókn innan 60 daga frá því að fullgild umsóknargögn hafa borist. Lyfjastofnun metur umsóknargögn þegar þau berast og tilkynnir umsækjanda hvort þau teljast fullgild.

Lyfjastofnun er heimilt að framlengja tímamörkin á mati umsóknar um klíníska rannsókn um 30 daga ef um er að ræða lyf til genameðferðar eða lækninga með líkamsfrumum eða lyf sem innihalda erfðabreyttar lífverur. Ef nauðsynlegt þykir að ráðfæra sig við aðra hópa eða nefndir fyrir utan Lyfjastofnun við mat á rannsóknnum með slíkum lyfjum, má framlengja tímamörkin í allt að 180 daga frá því að gild umsókn barst. Ef um er að ræða lækningar með dýrafrumum eru engin skilgreind tímamörk fyrir mat á umsókn.

Hyggist Lyfjastofnun framlengja ofangreind tímamörk skal hún tilkynna umsækjanda um þá fyrirætlun sína.

15. gr.

Breytingar á rannsóknaráætlun.

Allar breytingar sem geta haft áhrif á öryggi þátttakenda eða niðurstöður rannsóknarinnar eða sem eru á annan hátt mikilvægar skulu tilkynntar Lyfjastofnun og viðkomandi siðanefnd ásamt rökstuðningi fyrir breytingunum. Viðkomandi siðanefnd ber að skila inn umsögn um synjun eða samþykki breytinganna innan 35 daga. Lyfjastofnun hefur einnig 35 daga til að senda athugasemdir, en ef engar athugasemdir berast innan þeirra tímamarka taka breytingarnar gildi. Ef umsögn viðkomandi siðanefndar er neikvæð er óheimilt að gera breytingar á aðferðarlýsingunni. Ef umsögn viðkomandi siðanefndar er jákvæð og Lyfjastofnun gerir engar athugasemdir innan ofangreindra tímamarka er bakhjarli heimilt að halda framkvæmd rannsóknarinnar áfram samkvæmt breyttri aðgerðarlýsingu.

Samþykki þarf ekki að liggja fyrir í þeim tilvikum þar sem upp koma áður óþekktar aðstæður sem geta ógnað öryggi þátttakenda, og ber bakhjarli og rannsakanda þá að grípa til viðeigandi bráðaaðgerða til að forða þátttakendum frá frekari hættu. Tilkynna skal

Lyfjastofnun og viðkomandi siðanefnd þegar í stað um þessar aðstæður og viðbrögð við þeim.

16. gr.

Tilkynning um synjun.

Lyfjastofnun skal tilkynna aðalrannsakanda um synjun umsóknar um klínískar lyfjarrannsóknir eða breytingu á rannsókn innan tilskilins frests, sbr. 14. og 15. gr. Þegar um fjölsetra rannsóknir er að ræða skal tilkynna umsjónaraðila rannsóknarinnar um synjun.

17. gr.

Tilkynning um lok klínískrar rannsóknar.

Tilkynna skal Lyfjastofnun og viðkomandi siðanefnd um lok rannsóknar innan 90 daga frá lokum hennar. Ef rannsókn er lokið fyrr en áætlað er skal tilkynna um lok hennar og greina frá ástæðum fyrir því innan 15 daga frá því að rannsókninni lauk.

IV. KAFLI

Upplýst samþykki og persónuvernd.

18. gr.

Krafa um upplýst samþykki.

Afla skal upplýsts samþykkis þátttakenda áður en rannsókn hefst enda hafi rannsakandi gefið þátttakendum munnlegar og skriflegar upplýsingar um rannsóknina. Skrifleg staðfesting á þessu skal liggja fyrir frá rannsakanda eða þeim sem hann hefur falið að sjá um upplýsingagjöfina. M.a. skal upplýsa um eftirfarandi:

- a. Nafn, stöðuheiti og heimilisfang bakhjarls rannsóknarinnar.
- b. Nafn, stöðuheiti og heimilisfang þess sem er ábyrgur fyrir rannsókninni auk upplýsinga um umsjónaraðila rannsóknarinnar ef við á.
- c. Hver sé vinnsluaðili rannsóknar, hverjir séu að öðru leyti í samstarfi við þann sem er ábyrgur fyrir rannsókninni og hverjum upplýsingar verða afhentar.
- d. Hver sé tilgangur rannsóknar, hvernig framkvæmd hennar verði háttáð í grófum dráttum, hver sé möguleg gagnsemi hennar, hvenær rannsókn byrji og hvenær áætlað sé að henni ljúki.
- e. Hver sé möguleg áhætta og hugsanleg óþægindi þátttakanda í rannsókninni og í hverju þátttakan sé fólgin.
- f. Hvort um slembival sé að ræða.
- g. Aðra hugsanlega meðferð í rannsókninni.
- h. Hvort nauðsynlegt sé að hætta við fyrri meðferð.
- i. Hvort lyf sem ekki hefur markaðsleyfi á Íslandi eða lyfleysa séu þáttur í rannsókninni.
- j. Hugsanlega eftirfylgni.
- k. Upplýsingar um það hvar þátttakandi getur fengið frekari upplýsingar.
- l. Tryggingar þátttakanda.
- m. Hvort aðgangur innlendra og/eða erlendra lyfjafirvalda (eftirlitsaðila í löndum þar sem setja á lyfið á markað), vaktara og fulltrúa frá gæðaeftirliti lyfjaframleiðandans (auditor) að sjúkraskrá kann að vera nauðsynlegur vegna rannsóknarinnar.
- n. Að þátttakanda í klínískri lyfjarannsókn sé heimilt að afturkalla samþykki og hvaða réttaráhrif það hafi, þ. á m. hvaða afleiðingar afturköllun hefur fyrir þátttakanda í rannsókninni varðandi upplýsingar sem þegar hefur verið safnað og unnar í rannsókninni um hann.

Að öðru leyti en að ofan greinir um öflun samþykkis gilda reglur nr. 170/2001 um það hvernig afla skal upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðisviði.

19. gr.

Rannsóknir á börnum og einstaklingum með skerta hæfni til að gefa upplýst samþykki.

Áður en klínísk rannsókn getur hafist á börnum undir lögdri verður að liggja fyrir samþykki foreldra eða þeirra er barni koma í foreldraað samkvæmt ákvæðum barnalaga. Eftir því sem kostur er skal barn haft með í ráðum og alltaf ef það er 12 ára eða eldra.

Ákvæði lögræðislaga gilda um samþykki fyrir klínískri lyfjarannsókn á fullorðnum einstaklingum sem vegna andlegrar fötlunar, sjúkdóms eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina eru ófærir um að veita samþykki sitt. Viðkomandi einstaklingur skal hafður með í ráðum eftir því sem kostur er.

Rannsóknir á einstaklingum með skerta hæfni til að gefa upplýst samþykki má einungis framkvæma að uppfylltum skilyrðum þessarar greinar og ef:

- a. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu haft jákvæða þýðingu fyrir heilsu viðkomandi einstaklings.
- b. Sambærilega rannsókn er ekki hægt að framkvæma á einstaklingum með óskerta hæfni til að veita upplýst samþykki.
- c. Viðkomandi einstaklingur er ekki mótfallinn þátttöku.

Foreldrar eða þeir er koma barni í foreldraað samkvæmt ákvæðum barnalaga geta gefið samþykki fyrir þátttöku þess þó að rannsóknin gefi ekki niðurstöður sem geti komið að beinu gagni fyrir heilsu þess. Þetta er háð því að rannsóknin hafi í för með sér lágmarksáhættu og -óþægindi fyrir viðkomandi einstakling, sé ætlað að auka marktækt þekkingu á ástandi hans, eða sjúkdómi og sú þekkingaraukning geti haft þýðingu fyrir viðkomandi einstakling eða aðra í sama aldursflokki eða með sama sjúkdóm eða ástand.

20. gr.

Skriflegt samþykki eða vottað munnlegt samþykki.

Samþykki samkvæmt 18. gr. skal ávallt vera skriflegt, dagsett og undirritað af þátttakanda sem er fær um að veita samþykki sitt. Munnlegt samþykki er nægjanlegt í undantekningartilvikum þegar þátttakandi er ekki fær um að skrifa nafn sitt og skal það þá gefið í vitna viðurvist og bókað á samþykkisyfirlýsinguna.

Samþykki skv. 19. gr. skal ávallt vera skriflegt.

21. gr.

Afturköllun samþykkis.

Þátttakandi getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt fyrir þátttöku í klínískri rannsókn. Við afturköllun samþykkis lýkur þátttöku viðkomandi samstundis og skilyrðislaust. Þátttakandi má ekki á nokkurn hátt vera látinn gjalda fyrir ákvörðun sína um að hætta þátttöku.

22. gr.

Aðgangur að sjúkraskrá þátttakenda.

Um aðgang að sjúkraskrá þátttakanda fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997. Ávallt skal gera þátttakanda í klínískri lyfjarannsókn grein fyrir því að Lyfjastofnun, lyfjastofnanir landa þar sem sækja á um markaðsleyfi fyrir viðkomandi lyf, vaktari og starfsfólk gæðaeftirlits lyfjaframleiðandans (auditor) kunni að hafa þörf fyrir

upplýsingar úr sjúkraskráum viðkomandi í þeim tilgangi að tryggja gæði rannsóknarinnar og sem eru nauðsynlegar fyrir gæðaeftirlitið.

Aðgangur að sjúkraskrá felur ekki í sér rétt til að fara með trúnaðarupplýsingar út af heilbrigðisstofnun. Slíkar upplýsingar má einungis fjarlægja á formi sem er ekki persónu-greinanlegt.

Erlend lyfjastofnun verður að tilkynna Lyfjastofnun fyrirfram um fyrirhugað eftirlit sitt með rannsókn sem framkvæmd er hér á landi.

Þegar aðgangur er veittur á að færa það inn í sjúkraskrá.

23. gr.

Þagnarskylda við aðgang að sjúkraskrá í tengslum við klínískar lyfjarannsóknir.

Sá sem fær aðgang að sjúkraskrá í tengslum við klínískar lyfjarannsóknir er bundinn þagnarskyldu varðandi upplýsingar sem hann fær aðgang að. Lyfjastofnun getur krafist þess að fá skriflega staðfestingu með umsókn skv. 8. gr. á vitneskju um þagnarskyldu.

Þagnarskyldan helst þó látið sé af starfi.

24. gr.

Upplýsingar til þátttakenda og öryggisráðstafanir.

Upplýsingar sem hafa verulega þýðingu og sem snerta þátttakendur í rannsókninni og sem fram koma meðan rannsóknin stendur yfir verður rannsakandi að kynna fyrir þátttakendum.

Sé um að ræða atvik sem tengist framkvæmd rannsóknarinnar eða þróun rannsóknar-lyfsins og sem líkleg eru til að hafa áhrif á öryggi þátttakendanna skulu bakhjarlinn og rannsakandinn gera allar þær öryggisráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að vernda þátttakendur gegn bráðri hættu. Bakhjarlinn skal þegar í stað tilkynna stjórnvöldum um slík atvik og þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið og sjá til þess að viðkomandi siðanefnd sé einnig tilkynnt um þau.

V. KAFLI

Kröfur til rannsakanda og rannsóknar.

25. gr.

Menntunarkröfur til rannsóknaraðila.

Rannsakandi þarf að uppfylla viðeigandi kröfur um menntun og fagþekkingu til þess að mega framkvæma klínískra rannsókn sbr. e-lið 2. gr.

26. gr.

Alþjóðlegar reglur um klínískar lyfjarannsóknir.

Klínískar lyfjarannsóknir skulu framkvæmdar í samræmi við ákvæði Helsinki-yfirlýsingar Alþjóðafélags lækna.

27. gr.

Rannsóknaráætlun og grunnupplýsingar.

Rannsókn skal framkvæma í samræmi við rannsóknaráætlun, sbr. 9. gr. Á meðan á rannsókn stendur skal allur búnaður vera aðgengilegur hjá viðkomandi rannsóknaraðila.

Allar grunnupplýsingar um rannsóknina skulu geymdar á aðgengilegan hátt á rannsóknarsetri í minnst 15 ár eftir að lokaskýrsla rannsóknarinnar liggur fyrir.

Allar verklýsingar og skráðar upplýsingar hjá hverjum þeim sem hefur tekið þátt í framkvæmd klínískrar rannsóknar, skulu varðveittar á aðgengilegan hátt í minnst 15 ár eftir að lokaskýrsla rannsóknarinnar liggur fyrir.

28. gr.

Merking og afhending lyfja.

Allar umbúðir lyfja sem notuð eru í klínískum rannsóknum skulu merktar með áletruninni „Til klínískrar rannsóknar“. Þetta á einnig við um umbúðir lyfja með markaðsleyfi.

Á umbúðirnar skal jafnframt skrá upplýsingar um:

- a. Nafn lyfsins eða kóða þess.
- b. Lotunúmer eða sannkennslisnúmer.
- c. Nafn, heimilisfang og síma aðalrannsakanda eða bakhjarls.
- d. Notkunarfyrirmæli lyfsins.
- e. Skömmtnun lyfsins.
- f. Geymslufyrirmæli.
- g. Fyrningu.
- h. Tæknileg notkunarfyrirmæli (ef við á).

Upplýsingarnar skulu vera á íslensku.

Lyf vegna klínískra rannsókna, skulu vera í vörslu og umsjá lyfjabúðar eða sjúkrahús-apóteks, sem ber ábyrgð á varðveislu og meðferð þeirra.

Lyfjastofnun getur í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá kröfum þessarar greinar að fenginni skriflegri beiðni þar um.

29. gr.

Tilkynningarskylda vegna meintilvika.

Rannsakandi skal tafarlaust tilkynna bakhjarli um öll alvarleg meintilvik sem ekki er lýst í rannsóknaráætlun, í upplýsingariti rannsakanda og/eða í samantekt um lyf (SPC). Ítarlegar skriflegar upplýsingar má senda seinna til bakhjarls. Bakhjarl gefur tilkynningunni sérstakt númer.

Rannsakandi tilkynnir bakhjarli um öll meintilvik og/eða rannsóknarniðurstöður utan öryggismarka rannsóknarinnar.

Ef meintilvik er dauðsfall skal rannsakandi, tilkynna það bakhjarli, Lyfjastofnun og viðkomandi siðanefnd og þeir aðilar geta krafist nánari gagna.

30. gr.

Tilkynningarskylda vegna aukaverkana.

Bakhjarl skal sjá til þess að Lyfjastofnun og viðkomandi siðanefnd sé tilkynnt um allar alvarlegar aukaverkanir, sem upp kunna að koma. Ef enginn bakhjarl er tengdur rannsókninni, sbr. i-lið 2. gr. hvílir þessi skylda á aðalrannsakanda eða eftir atvikum rannsakanda. Eftirfarandi tímafrestur gildir fyrir þessar tilkynningar:

a. Aukaverkun sem leiðir til dauða eða óvænts lífshættulegs ástands af völdum rannsóknarlyfs, skal tilkynnt þegar í stað eða innan viku (7 daga) frá því atvikið átti sér stað.

b. Allar ætlaðar alvarlegar og/eða óvæntar aukaverkanir skal tilkynna innan 15 daga.

Bakhjarl skal senda upplýsingar til allra rannsakanda um alvarlegar, óvæntar aukaverkanir sem tengjast rannsóknarlyfinu.

Halda skal skrá yfir allar ætlaðar alvarlegar aukaverkanir af völdum rannsóknarlyfs og skal skrá þessi vera hluti af ársskýrslu rannsóknar, sbr. 33. gr.

Halda skal skrá yfir öll meintilvik af völdum rannsóknarlyfs og skráin skal birt í heild í lokaskýrslu, sbr. 33. gr.

Tilkynningu samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skal fylgja greinargerð um hvort rannsókn hafi verið hætt eða hvort blindun hafi verið aflétt (afkóðun) svo og áhættumat rannsakanda um afleiðingar þess að rannsókn sé framhaldið.

Lyfjastofnun og viðkomandi siðanefnd geta krafist sérstakrar samantektar á meintilvikum.

Lyfjastofnun skal sjá til þess að allar ætlaðar óvæntar alvarlegar aukaverkanir (suspected unexpected serious adverse reactions (SUSARs)) vegna rannsóknarlyfs, sem tilkynntar eru, séu tafarlaust skráðar í evrópskan gagnagrunn sem aðeins lyfjastofnanir aðildarríkja EES, Lyfjamálastofnun Evrópu og framkvæmdastjórnin hafa aðgang að.

31. gr.

Tilkynningarskylda vegna breytinga á rannsókn.

Aðalrannsakandi, eða eftir atvikum rannsakandi, umsjónaraðili rannsóknar ef um fjölsetra rannsókn er að ræða, bakhjarl eða fulltrúi hans skulu senda skriflega rökstudda tilkynningu til Lyfjastofnunar og viðkomandi siðanefndar þegar breytingar eru gerðar á rannsóknaráætlun:

- a. Ef mögulegt er að breytingar verði á öryggi sjúklinga.
- b. Ef breytingin hefur í för með sér breytingu á túlkun á niðurstöðum.
- c. Ef um verulegar breytingar á áður samþykktri rannsóknaráætlun er að ræða.

Bakhjarl skal láta Lyfjastofnun vita um:

- a. Þegar tafir verða á því að rannsóknin hefjist.
- b. Þegar rannsókninni er hætt fyrir áætluð lok.

Lyfjastofnun og viðkomandi siðanefnd meta og þurfa að samþykkja verulegar breytingar í áður tilgreindri rannsóknaráætlun áður en þær taka gildi, sbr. 12. – 17. gr.

32. gr.

Tilkynningarskylda vegna breytinga á rannsóknarlyfi o.fl.

Aðalrannsakandi, eða eftir atvikum rannsakandi, skal tilkynna til Lyfjastofnunar allar verulegar breytingar, sem gerðar eru á skráningargögnum lyfja sem notuð eru í klínískum rannsóknum m.a.:

- a. Allar breytingar á efnafræðilegum eða lyfjafræðilegum skráningargögnum.
- b. Allar breytingar á lyfjafræði, eiturefnafræði og klínískum heimildum sem geta haft þýðingu fyrir framhald rannsóknarinnar.

Tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu gerðar í samræmi við 12. – 17. gr.

33. gr.

Ársskýrsla og lokaskýrsla.

Þegar rannsókn varir lengur en eitt ár skal senda ársskýrslu til Lyfjastofnunar og viðkomandi siðanefndar, þar sem greint er frá stöðu rannsóknarinnar svo og samantekt á öllum alvarlegum meintilvikum, sbr. 29. gr. og 30. gr.

Í síðasta lagi ári eftir að rannsókninni er lokið á að senda lokaskýrslu til Lyfjastofnunar og viðkomandi siðanefndar. Ef magn upplýsinga, sem vinna þarf úr er umtalsvert, er hægt að senda inn beiðni um framlengingu frestsins til þess að skila inn lokaskýrslu. Það sama á við ef aðrar sérstakar ástæður valda því að ekki er hægt að ljúka gerð lokaskýrslu innan eins árs frá lokum rannsóknarinnar.

Lokaskýrslan á að vera stutt samantekt á helstu niðurstöðum og mat á þeim ásamt samantekt yfir öll meintilvik.

Aðalrannsakandi, bakhjarl eða fulltrúi hans skal senda lokaskýrsluna, nema þegar um fjölsetra rannsókn er að ræða, þá skal umsjónaraðili rannsóknar senda lokaskýrsluna. Ef klínísk rannsókn er gerð í samvinnu við bakhjarl eða fulltrúa hans bera þeir einnig ábyrgð á að ársskýrsla og lokaskýrsla séu sendar Lyfjastofnun og viðkomandi siðanefnd.

VI. KAFLI

Eftirlit, stöðvun og viðurlög.

34. gr.

Opinber eftirlitsaðili.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt við framkvæmd klínískra rannsókna, sbr. 45. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

35. gr.

Eftirlit.

Lyfjastofnun er heimilt að framkvæma eftirlit á starfsemi allra þeirra sem taka þátt í framkvæmd klínískra rannsókna bæði meðan á rannsókn stendur en einnig eftir að rannsókn er lokið.

Starfsmenn Lyfjastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um allt er þeir kunna að verða varir við í eftirlitsstörfum sínum.

36. gr.

Stöðvun klínískra rannsókna.

Lyfjastofnun getur stöðvað tímabundið eða bannað framkvæmd klínískrar rannsóknar með tilliti til öryggis sjúklinga, þegar framkvæmd rannsóknarinnar er á einhvern hátt ábótavant eða ef aðrar gildar ástæður liggja fyrir. Lyfjastofnun skal tilkynna bakhjarli rannsóknar um ákvörðun sína.

Um afturköllun samþykkis vísindasiðanefndar eða eftir atvikum siðanefndar viðkomandi stofnunar fer skv. 6. gr. reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

37. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum XV. kafla lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum. Um mál sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Lagaheimild. Gildistaka. Brottfall.

38. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. og 47. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 284/1986 um klínískar rannsóknir á lyfjum.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/20/EB frá 4. apríl 2001 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um góðar klínískar starfsvenjur við framkvæmd klínískra prófana á lyfjum sem ætluð eru mönnum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. maí 2004.

Árni Magnússon.

Davíð Á. Gunnarsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Kópavogsbæ.

I. KAFLI

Staðgildi samþykktarinnar.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Kópavogs.

2. gr.

Með almannafæri í samþykkt þessari er átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fer um eða ætlaðir eru til almenningsnota, utan húss eða innan, svo sem verslanir, samkomustaði og aðra þjónustustaði.

II. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

Regla og næði.

3. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

4. gr.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum. Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

5. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

6. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

7. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

8. gr.

Skylt er að hlýða fyrirmælum, sem lögregla gefur, vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri, sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

Góðir umgengnishættir og hreinlæti á almannafæri.

9. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þann hluta

af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannaferi. Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Þá er óheimilt að reisa auglýsingaskilti á almannaferi nema með leyfi bæjaryfirvalda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannaferi og bannað er að slíta þar upp gróður.

10. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum eða á girðingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu. Ekki má fara í hífýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

11. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

Almennar reglur um öryggi á almannaferi, skyldur húsráðenda o.fl.

12. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gagnstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. spilliefnum o.s.frv.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannaferi. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjárgróður, sem liggur að almannaferi þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

13. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi og því um líkt, í því skyni að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi umferðarstjórn.

14. gr.

Á almannaferi má ekki nota skotvopn, ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum, nema með leyfi lögreglustjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra til að halda flugeldasýningar.

15. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni, einnig er slökkviliðsstjóra heimilt að takmarka samgang við skip sem flytja eldfim efni, svo sem olúskip.

16. gr.

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjaryfirvalda og lögreglustjóra. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfara og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu bygðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag, það sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna.

17. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrirmælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það fjarlægt eða rífið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtaðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

18. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laga nr. 73/1997 nema að fengnu leyfi bæjarstjórnar, sbr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint bann tekur til hverskonar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra er auglýsingalega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóðarhafa, ef hann sinnir ekki fyrirmælum byggingayfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein.

III. KAFLI

Um ökutæki, umferð o.fl.

19. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Vörubifreiðar, sem eru 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og hópþifreiðar sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, mega ekki standa á götum í íbúðahúsaahverfum eða almennum bifreiðastæðum bæjarins á tímabilinu milli kl. 22.00 og 06.00 nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

Heimilt er að flytja burtu og taka í vörslu bæjarins bifreiðar sem standa án skráningar-númera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða um-ráðamanni um flutninginn og ber hann kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar.

20. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

21. gr.

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

22. gr.

Aflvélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í annars konar notkun, er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur en þörf krefur, svo komast megi hjá ólofti og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

23. gr.

Þeir, sem flytja hvers konar farm um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

24. gr.

Atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum er óheimil. Bæjarstjórn getur þó heimilað þar minni háttar starfsemi svo fremi að tryggt sé að slíkt leiði ekki af sér ónæði eða truflun gagnvart íbúum.

Atvinnurekstri í húsnæði sem liggur að íbúðarbyggð skal að jafnaði hagað þannig að ekki hljótist af ónæði eða truflun fyrir þá sem næst búa. Gildir það jafnt um starfsemina sjálfa sem og umferð sem af henni hlýst.

IV. KAFLI

Um götuspjöld og húsnúmer.

25. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

V. KAFLI

Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.

26. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri. Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda

séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

27. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn, sbr. 2. mgr.

Heimilt er bæjarstjórn að banna flokka tiltekinna veitingastaða á afmörkuðum svæðum samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Veitingastöðum þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar skal þó lokað þegar heimilum veitingatíma áfengis lýkur og má ekki opna þá að nýju fyrir en a.m.k. tveimur klukkustundum eftir að heimiluðum veitingatíma áfengis lýkur. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar er einni klukkustund eftir að lokað er.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

Opnunartími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálst að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

28. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu skal sjá um að allt fari vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti og er lögreglunni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir hafa aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

Við sýningar á nektardansi í næturklúbbum er þeim sem dansar bannað að vera í lokuðu rými með viðskiptamanni meðan á sýningu stendur sem og að fara um meðal áhorfenda.

29. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Knattborð, spilakassa og leiktæki má reka frá kl. 09.00 til 23.30.

Börnum innan 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miðað skal við fæðingarár.

VI. KAFLI

Um útvistartíma barna.

30. gr.

Um útvistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Hegningarákvæði.

31. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum,

er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af hinum brotlega eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

32. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Staðfesting og gildistaka.

33. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, nr. 365, 28. júlí 1986, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. maí 2004.

Björn Bjarnason.

Kristrún Kristinsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Sorpstöð Héraðs bs.

1. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar skal vera í samræmi við eftirfarandi:

Sorpflokkur	kr/kg án vsk.	með vsk. u.þ.b.
Grófur óflokkaður úrgangur	12,0	14,9
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, rafeindabúnaður, málmar, timbur, steinefni og gler.		
Annar óflokkaður úrgangur	8,4	10,5
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.		
Seyra/úrgangur úr fituskiljum	2,0	2,5
Timbur	4,0	5,0
Hreint, ekki litað eða fúavarið		
Óendurvinnanlegt flokkað timbur	5,75	7,2
Litað, spónaplötur o.þ.h.		
Bylgjupappi, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu	5,75	7,2
Gler	5,75	7,2
Kjöt og sláturúrgangur	5,95	7,4

Sorpflokkur	kr/kg án vsk.	með vsk. u.þ.b.
Málmar, heimilistæki o.fl.	6,8	8,5
Garðaúrgangur	2,0	2,5
Gjald fyrir sorpförgun frá aðildarsveitarfélögum	8,4	10,5
Afgreiðslugjald	680	847
Húsbúnaður, fatnaður o.fl. til endurnotkunar	0,0	0,0
Sólarhringsgjald fyrir trjáskurlara	2.500	3.113

2. gr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa á úrgangi, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni.

Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða geri grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstöku tilfalli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms.

Íbúar sveitarfélaga sem sorpstöðin þjónustar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengis dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

3. gr.

Stjórninni er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustu-þætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

Stjórninni er heimilt að ákveða að veittur verði allt að 3% afsláttur af framangreindri gjaldskrá gegn skilvísri greiðslu gjalda skv. gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Sorpstöðvar Héraðs bs., staðfestist hér með samkvæmt 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. júní 2004.

Egilstöðum, 7. maí 2004.

F.h. stjórnar Sorpstöðvar Héraðs bs.,

Ásta Sigfúsdóttir, formaður stjórnar.

REGLUR

um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna.

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Reglur þessar taka til allra sjálfstætt starfandi tannlækna.

Markmið regnanna er að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð.

Birting verðupplýsinga.

2. gr.

Gjaldskrá sem sýnir verð á öllum aðgerðaliðum sem framkvæmdir eru hjá tannlækni skal liggja frammi á tannlæknastofu.

Tannlækni sem reglur þessar taka til er skylt að hafa útdrátt úr gjaldskrá á áberandi stað á biðstofu sinni. Útdrátturinn skal sýna verð á þeim aðgerðaliðum og í þeirri röð sem fram koma í 4. gr. þessara reglna.

Í gjaldskrá og útdrætti skal koma fram dagsetning sem sýnir gildistöku.

3. gr.

Ef verð á einstökum aðgerðaliðum er breytilegt, skal bæði í gjaldskrá og í útdrætti gefa upp lágmarks- og hámarksverð og skýringar á verðmun. Ef verð á einstökum aðgerðaliðum er byggt á þeim tíma sem meðferð tekur, þá skal tímagjald gefið upp. Ef annars er ekki getið, þá skal notkun á efni og hjálpargögnum vera innifalið í gjaldskrá og útdrætti.

Útdráttur úr gjaldskrá.

4. gr.

Í útdrætti skal koma fram verð á eftirfarandi aðgerðaliðum:

1. Skoðun, áfangaeftirlit, ein tímaeining.
2. Tannröntgenmynd.
3. Deyfing.
4. Flúorlökkun – báðir gómar.
5. Skorufylling – jaxl, fyrsta tönn.
6. Ljóshert plastfylling, einn flötur.
7. Ljóshert plastfylling, jaxl, tveir fletir.
8. Silfur – amalgam, jaxl, þrír fletir.
9. Gúmmídúkur, ein til þrjár tennur.
10. Rótarholsaðgerð; úthreinsun, einn gangur.
11. Rótarholsaðgerð; rótfylling, þrír gangar.
12. Létt tannsteinshreinsun, ein tímaeining.
13. Tanndráttur – venjulegur.
14. Endajaxl fjarlægður með skurðaðgerð.
15. Postulínsheilkróna á forjaxl. Tannsmíði innifalin.
16. Gervitennur, heilgómur á báða tanngarða. Tannsmíði innifalin.
17. Lýsingaskinnur og efni til tannlýsingar, báðir gómar.

Kostnaðaráætlun.

5. gr.

Ef ætla má að meðferðarkostnaður verði 100.000 kr. eða meiri skal tannlæknir afhenda neytanda skriflega heildarkostnaðaráætlun áður en meðferð hefst.

Ef kostnaðaráætlun breytist vegna ófyrirsjáanlegra atvika eftir að meðferð er hafin skal tannlæknir gera nýja kostnaðaráætlun áður en meðferð er fram haldið.

Sundurliðaður reikningur.

6. gr.

Tannlæknir skal afhenda neytanda sundurliðaðan reikning í samræmi við gjaldskrá þannig að hann geti á auðveldan hátt séð hvaða meðferð hefur verið framkvæmd.

Undanþága.

7. gr.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Viðurlög.

8. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Gildistaka.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast gildi þann 1. september 2004.

Samkeppnisstofnun, 14. maí 2004.

Georg Ólafsson.

*Kristín Færseth.***REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 473/2001, um námskeið
og próf fyrir viðurkennda bókara.**

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Námskeiðið skiptist í þrjá áfanga, I. áfanga, reikningshald, II. áfanga, upplýsingamiðlun og upplýsingakerfi og III. áfanga, skattskil. Miða skal við að kennslan á námskeiðinu skuli vera samtals 106 klst. Prófnefnd ákveður í hvaða röð áfangarnir eru kenndir á námskeiðinu og vægi hvers áfanga innan námskeiðs. Kennslugreinar eru þessar og skiptast þannig milli námskeiðsáfanga:

I. áfangi

Grundvallarreglur reikningsskila.

Lög og reikningsskilavenjur.

Reikningsskilagerð.

II. áfangi

Rafræn skattskil einstaklinga og lögaðila.

Áhrif upplýsingatækni á reikningshaldskerfi.

Reikningshaldlegt innra eftirlit í viðskiptaferlum.

III. áfangi

Lög og reglur.

Samskipti við skattyfirvöld.

Úrskurðir, dómur og álit.

Að loknum hverjum áfanga skal halda próf úr námsefni þess áfanga. Prófnefnd tekur ákvörðun um það námsefni sem prófað er úr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. maí 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Elva Ósk S. Wiium.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur eftirlit með meðferð úrgangs, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps sér til þess, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau flát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

3. gr.

Sorpgámum er komið fyrir á völdum stöðum í sveitarfélaginu. Í sorpgáma má aðeins setja heimilisúrgang. Ábúendur eða eigendur lögbýla, eigendur sumarbústaða og hjólhýsa sem notuð eru sem sumarbústaðir og fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma úrgangi í gámanna eftir þörfum.

4. gr.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílatin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframúrgangi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

5. gr.

Söfnun heimilisúrgangs skal fara fram reglulega eftir fyrirfram gerðri áætlun staðfestri af sveitarstjórn Kaldrananeshrepps.

6. gr.

Kaldrananeshreppur skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er hreppnum heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðferð úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorphlata eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Kaldrananeshreppur skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Kaldrananeshreppi er heimilt að setja upp gjaldskrárflokka fyrir mismunandi þjónustu, með það að markmiði að draga úr úrgangsmagni og umfangi þess sem fer til urðunar.

8. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausar bifreiðar, bílflok, vélar og sambærilega hluti.

9. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður húsnæðis fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðiseftirlits Vestfjarða eða oddvita Kaldrananeshrepps.

10. gr.

Brjótí eigandi eða umráðamaður eignar ákvæði samþykktar þessarar um meðferð úrgangs skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps eða heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, sem gera viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr.

11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

12. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. maí 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 385/2002 um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. verður svohljóðandi:

Seðlabankinn selur 7 daga og 90 daga innstæðubréf eftir ákvörðun bankastjórnar hverju sinni. Innstæðubréf með 7 daga binditíma verða seld á uppboðum sem verða tilkynnt sérstaklega.

2. gr.

2. ml. 1. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

Samingstími endurhverfra viðskipta er 7 dagar.

3. gr.

2. ml. 2. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

Pegar svo stendur á kunna einnig að verða boðin til sölu 7 daga innstæðubréf.

4. gr.

1. ml. 5. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

Frágangur endurhverfra viðskipta eða sölu 7 daga innstæðubréfa skal fara fram á uppboðsdegi.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/2001, taka gildi 1. júní 2004.

Reykjavík, 19. maí 2004.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson,
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

GJALDSKRÁ

um breytingu á gjaldskrá nr. 252/2002 fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Útseld vinna.

	kr./klst.
3.1 Sérfræðingur I.....	6.500
3.2 Sérfræðingur II.....	5.500
3.3 Aðstoðarmenn sérfræðinga og aðrir starfsmenn.....	4.100

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 4. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands, öðlast gildi 1. júní 2004.

Umhverfissráðuneytinu, 18. maí 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Porvaldsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af hlutað-eigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði bæjarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

6. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjar-sjóðs ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. apríl 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 373/2004 um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð.

1. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. greinar er eigendum lögbýla við austanverðan Eyjafjörð, sem rétt hafa til silungsveiði, heimil netaveiði á silungi í sjó í samræmi við ákvæði laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum fram til 15. júlí 2004.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 15. maí 2004.

Árni Ísaksson veiðimálastjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúa Skilmannahrepps.

		kr.
A. Framkvæmdaleyfisgjald:	Afgreiðslugjald (lágmark)	5.000
	Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar.	
B. Byggingarleyfisgjald:	Afgreiðslugjald (lágmark)	5.000
<i>Íbúðarhús</i>	Einbýlishús	28.000
	Íbúðir í sambýlis- og fjölbýlishúsum á fb.	20.000
	Frístundahús að 60 m ²	12.000
	Frístundahús yfir 60 m ² veiðihús og hliðstæð	18.000
	Bílskúrar/bílskýli/bátaskýli og áþekk hús	14.000
<i>Hótel, skrifstofu- og verslunarhús</i>	Að 100 m ² hver hæð í húsi	20.000
	100 til 200 m ² hver hæð í húsi	60.000
	200 til 500 m ² hver hæð í húsi	80.000
	500 til 800 m ² hver hæð í húsi	120.000
<i>Gripahús</i>	Að 100 m ²	15.000
	100 til 200 m ²	20.000
	200 til 500 m ²	45.000

		kr.
	500 til 800 m ²	95.000
	800 til 2000 m ²	200.000
	2000 til 4000 m ²	450.000
<i>Óeinangraðar geymslur og hlöður</i>	Að 100 m ²	10.000
	100 til 200 m ²	15.000
	200 til 500 m ²	24.000
	500 til 800 m ²	48.000
	800 til 2000 m ²	112.000
	2000 til 4000 m ²	240.000
<i>Smágeymslur/stækkanir undir 20 m²</i>	Að 20 m ²	6.000

C. Þjónustugjöld:

<i>Mælinga- og útsetningagjald</i>	Tvær útmælingar	60.000
	Ein útsetning	30.000
<i>Úttektir</i>	Einbýlis-, rað- og parhús á einni hæð	30.000
	Einbýlis-, rað- og parhús á fleiri en einni hæð	35.000
	Fjölbýlishús til og með sex íbúðir	35.000
	Til viðbótar við hverja íbúð	5.000
	Annað húsnæði	52.000
	Gripahús og einangraðar vélageymslur	30.000
	Óeinangraðar geymslur	20.000
	Minni byggingar, gripahús o.þ.h.	10.000
	Stöðuúttektir	5.000
	Úttektir vegna skipta á meistara/byggingarstjóra	5.000
	Húsaleiguúttektir, íbúðir	5.000
	Húsaleiguúttektir, atvinnuhúsnæði	5.000
	Útkall byggingarfulltrúa	5.000

1. *Gjalddagar.*

Ofangreind gjöld skal greiða við útgáfu byggingarleyfis. Þó er heimilt að gera skriflegan samning um greiðslur.

2. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt gjaldskrá fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengis dóms eða réttarsáttar.

Byggingarleyfisgjald er ekki endurkræft þó að ekki verði af framkvæmd.

Gjaldskrá þessi er samin af byggingarfulltrúa Skilmannahrepps og staðfest af viðkomandi sveitarstjórn samkvæmt lögum nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 401/1998.

Skilmannahreppi, 10. maí 2004.

Skúli Lýðsson byggingarfulltrúi

Sigurður Sverrir Jónsson oddviti.

GJALDSKRÁ

Landmælinga Íslands.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldtökuheimild.

Landmælingar Íslands gefa út kort og framleiða landfræðilegar upplýsingar. Fyrir sölu, birtingu og útgáfu efnis og sérhæfða þjónustu sem veitt er samkvæmt gjaldskrá þessari skal stofnunin innheimta gjöld af viðskiptamönnum sínum, þ.m.t. ríkisstofnunum.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í gjaldskrá þessari er sem hér segir:

Efni frá Landmælingum Íslands: Allar upplýsingar, þ.m.t. öll gögn og annað efni frá Landmælingum Íslands, sem nýtur höfundarréttar.

Gjald: Greiðsla fyrir efni frá Landmælingum Íslands eða gjald fyrir sérhæfða þjónustu.

Leyfisþegi: Sá sem fær takmarkað, óframseljanlegt leyfi til notkunar á efni frá Landmælingum Íslands.

Nákvæm endurgerð efnis: Efni sem óbreytt byggist á efni frá Landmælingum Íslands og er framleitt í lit eða í svart hvítu, og er í sama eða svipuðum mælikvarða eða stærð og hið upprunalega efni.

Notkunarleyfi: Takmarkaður afnotaréttur sem Landmælingar Íslands veita til notkunar á efni frá stofnuninni.

Smákort: Einföld kort með takmörkuðum upplýsingum um staðfræði, sem birt eru í stærðinni A4 eða minni, og notuð eru til skýringar með texta, t.d. í dagblöðum, bókum eða tímaritum.

3. gr.

Höfundaréttur.

Íslenska ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast. Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög nr. 73/1972, með síðari breytingum.

II. KAFLI

Kaup og áskrift að efni frá Landmælingum Íslands.

A. Prentað efni.

4. gr.

Landmælingar Íslands selja prentað efni. Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali 1 með gjaldskrá þessari.

B. Loftmyndir og ljósmyndir.

5. gr.

Landmælingar Íslands selja eftirgerðir loftmynda og ljósmynda sem stofnunin framleiðir eða er í vörslu hennar. Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali 2 með gjaldskrá þessari.

C. Stafrænt efni.

6. gr.

Kaup og áskrift.

Landmælingar Íslands selja og bjóða áskrift að stafrænu efni frá stofnuninni samkvæmt gjaldskrá þessari. Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali 3 með gjaldskrá þessari.

7. gr.

Notkunarleyfi.

Við kaup eða áskrift að stafrænu efni frá Landmælingum Íslands fær kaupandi notkunarleyfi fyrir efninu og gengst við almennum skilmálum sem stofnunin setur um notkun þess, nema um annað sé samið.

8. gr.

Fjöldi notkunarleyfa.

Notkunarleyfi fyrir kaup eða áskrift að stafrænu efni frá Landmælingum Íslands skiptast í tvo gjaldflokka sem hér segir:

1. Leyfi fyrir einn notanda.
2. Leyfi fyrir tvo eða fleiri notendur.

III. KAFLI**Sérhæfð þjónusta.**

9. gr.

Almennt.

Landmælingar Íslands taka að sér ráðgjöf og sérhæfða þjónustu á fagsviði stofnunarinnar. Með sérhæfðri þjónustu er átt við vinnslu landupplýsinga, loftmynda og einnig landmælingar, fjarkönnun og kortagerð sem viðskiptavinir stofnunarinnar óska sérstaklega eftir. Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali 4 með gjaldskrá þessari.

IV. KAFLI**Útgáfa og birting.**

10. gr.

Útgáfu- og birtingarleyfi.

Veitt eru leyfi til afnota, útgáfu og birtingar efnis sem nýtur höfundarréttar ríkisins, svo sem:

1. Ljósmyndir, loftmyndir og gervitunglamyndir.
2. Kort.
3. Stafræn gögn.
4. Annað efni í vörslu Landmælinga Íslands.

11. gr.

Umsókn um leyfi.

Sá sem hyggst birta, gefa út eða endurprenta efni sem byggt er á efni frá Landmælingum Íslands skal sækja skriflega um útgáfu- og birtingarleyfi til stofnunarinnar. Þar skal meðal annars koma fram hvar fyrirhugað er að birta efnið, á hvaða formi, í hvaða upplagi, stærð og/eða mælikvarða.

Í framhaldi af umsókn skal gerður samningur þar sem kveðið er á um gjald og nánari skilmála fyrir útgáfu eða birtingu efnisins.

12. gr.

Gjaldflokkar.

Gjald fyrir leyfi til útgáfu- og birtingar á efni samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal miðað við gjaldflokkana í þessari grein nema ákvæði 13. gr. eigi við. Um upphæð gjaldsins, þ. á m. afslætti fer samkvæmt fylgiskjölum 5 og 6 með gjaldskrá þessari.

Gjaldflokkarnir eru sem hér segir:

Flokkur 1.

Gjald fyrir útgáfu efnis þegar um er að ræða:

1. Nákvæma endurgerð efnis.
2. Birt efni í endanlegri útfærslu sem inniheldur meira en 60% af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni frá Landmælingum Íslands.

Flokkur 2.

Gjald fyrir útgáfu efnis sem endurgert er eftir efni frá Landmælingum Íslands þegar um er að ræða:

1. Mikilsverðar breytingar án endurtekningar eða einföldunar.
2. Birt efni í endanlegri útfærslu sem inniheldur 30-60% af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni frá Landmælingum Íslands.

Flokkur 3.

Gjald fyrir það efni sem unnið hefur verið upp úr grunngögnum Landmælinga Íslands sem innihalda á bilinu 10-30% af birtu efni. Ekki skal innheimta gjald sé efni Landmælinga Íslands undir 10% af birtu efni. Birting loftmynda Landmælinga Íslands skal gjaldtekin samkvæmt þessum flokki.

13. gr.

Birting í fjölmiðlum.

Greiða skal sérstakt gjald fyrir eftirfarandi birtingu efnis frá Landmælingum Íslands í fjölmiðlum samkvæmt því sem hér segir nema 18. gr. eigi við:

1. Greiða skal fyrir hverja birtingu í dagblaði, án tillits til upplags.
2. Greiða skal fyrir hverja birtingu í tímariti, án tillits til upplags.
3. Greiða skal fyrir hverja birtingu í sjónvarpi á korti/mynd sem varir lengur en 10 sekúndur. Fyrir reglubundna og stöðuga notkun á kortum, loftmyndum og gervitungla-myndum í sjónvarpi skal greiða árgjald án tillits til fjölda birtinga á ári.
4. Greiða skal árgjald fyrir birtingu í lokuðum myndbandakerfum.

Þegar dagblöð og tímarit hafa greitt gjald samkvæmt 1. mgr. er þeim heimilt að birta sömu kort á heimasíðum sínum á Internetinu og birtust á hinu prentaða formi, án þess að sérstakt leyfi komi til. Þegar birting fer fram með þessum hætti skal þó ávallt gætt ákvæða 17. gr. um áletrun.

Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali 7 með gjaldskrá þessari.

14. gr.

Birting á veraldarvefnum.

Fyrir birtingu og útgáfu stafræns efnis á veraldarvefnum (world wide web) skal innheimta gjald samkvæmt fylgiskjali 8 með gjaldskrá þessari. Þegar birting fer fram með þessum hætti skal ávallt gætt ákvæða 17. gr. um áletrun.

15. gr.

Endurgerð lendir milli tveggja stærðaflokka.

Ef endurgerð korts lendir milli tveggja stærðaflokka skal ávallt reikna gjaldið eftir þeim stærri.

16. gr.

Kortabækur o.fl.

Við ákvörðun á stærðarflokki korta í kortabókum, leiðsögubókum og öðrum slíkum ritum skal telja saman heildarflatarmál kortanna. Við útreikninginn skal draga frá 20% af heildarflatarmálinu vegna endurtekningar á kortasvæðum milli blaðsíðna.

17. gr.

Áletrun.

Efni sem á uppruna sinn að rekja til efnis frá Landmælingum Íslands skal merkt á eftirfarandi hátt: „© **Landmælingar Íslands**“.

Þegar fleiri en einn aðili á höfundarrétt að endanlegri útgáfu kortagagna skal samráð haft við Landmælingar Íslands um það hvernig merkja skuli efni frá stofnuninni.

18. gr.

Smákort.

Ekki skal innheimta gjald fyrir birtingar- og útgáfuleyfi þegar um er að ræða:

1. Smákort eða skýringarmyndir á veraldarvefnum
2. Smákort eða skýringarmyndir á prentuðu formi í A4 stærð eða minni eða í mælikvarða 1:2.000.000 eða minni. Þó skal geta heimilda skv. 17. grein.

19. gr.

Kort og myndir í vísindalegum tilgangi.

Heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari þegar um er að ræða kort og myndir sem birt eru í vísindalegum tilgangi. Þar er um að ræða birtingar innan skólakerfisins, í fagtímaritum og skýrslum opinberra aðila, á prentuðu eða stafrænu formi. Þó skal ávallt gerður samningur skv. 3. mgr. 11. gr. og gætt skal ákvæða 17. gr. um áletrun.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Hlutdeild viðskiptamanna í gögnum.

Ef efni frá Landmælingum Íslands á að einhverju leyti uppruna sinn að rekja til hlutaðeigandi viðskiptamanns skal lækka gjaldið í hlutfalli við magn þess efnis sem er frá honum komið.

21. gr.

Ágreiningur.

Ágreiningi um framkvæmd gjaldskrár þessarar er heimilt að skjóta til ráðherra með stjórnsýslukæru.

22. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga nr. 95/1997 um land-

mælingar og kortagerð með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 2004. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Landmælinga Íslands nr. 860/2002.

Umhverfissráðuneytinu, 18. maí 2004.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.

Fylgiskjal 1.

Prentuð kort frá Landmælingum Íslands.

Prentuð kort	Útsöluverð kr.	Heildsöluverð kr.
Atlaskort 1:100 000	715	510
Staðfræðikort 1:50 000	715	510
Staðfræðikort 1:25 000	715	510
Veiðisvæðakort	859	615
Upphleypt kort	2.651	1.890
Jarðskjálftakort	715	510
Jarðfræðikort 1:250 000	715	510
Jarðfræðikort Orkustofnunar	715	510

Ofangreint verð er án virðisaukaskatts.

Fylgiskjal 2.

Loftmyndir og ljósmyndir frá Landmælingum Íslands.

Snertimyndir svart/hvítar	Verð án vsk. kr.
Pappír – grunnverð pr. mynd	1.590
Pappír – pr. mynd 6-25	10% afsl.
Pappír – pr. mynd 26 eða fleiri	20% afsl.
Eftirgerð – pappír	50% afsl.
filma „díapósítív“	3.131

Stækkun svart/hvítar	Verð án vsk. kr.
0,2 m ²	3.898
0,6 m ²	6.167
1 m ²	7.454
Eftirgerð	50% afsl.

Skönnun svart/hvítar*	Verð án vsk. kr.
Fyrsta mynd	1.590
Pr. mynd 2-5	1.400
6 eða fleiri pr. mynd	1.200

* Gögnum er skilað á TIFF formati og eru þau afhent á CD-ROM diskum.

Sýnismyndir með stafrænni myndavél		
Upplausn	Verð pr. mynd 1-9 án vsk.	Verð pr. mynd 10 eða fleiri, án vsk.
75 dpi	600 kr.	300 kr.

Með sýnishornum geta viðskiptavinir skoðað og afmarkað svæði sem óskað er eftir til stækkunar. Myndina er hægt að fá senda í tölvupósti. Verði af pöntun, dregst kostnaður við sýnismyndir frá kostnaði við myndagerð.

Fylgiskjal 3.

Stafrænt kortaefni frá Landmælingum Íslands.

KORT Á GEISLADISKUM

	Verð án vsk. kr.
Á flugi yfir Íslandi	1.590
Íslandskort — kortadiskur 1	2.393
Atlaskort — kortadiskur 2	3.197

STAFRÆN KORT OG GAGNASÖFN

Rastakort			
Heiti	Mælikvarði	Útgáfuár	Verð án vsk. kr.
Yfirlitskort	1:2 000 000	2004	2.900
Ferðakort IS 500 R	1:500 000	2001	795
Aðalkort IS 250 R	1:250 000	1990-1997	795
Atlaskort IS 100 R	1:100 000	1986-1990	795
Staðfræðikort IS 50 R	1:50 000	1977-1990	795
Staðfræðikort IS 25 R	1:25 000	1988-1989	795
Aðalkort IS 250 R (samsett 9 blöð)	1:250 000	1990-1997	7.000

Grunnjald vegna afgreiðslu skannaðra kortagagna er kr. 1000.

Vigrúð kort ¹⁾					
Heiti	Pema	Mælikvarði	Áskrift ²⁾	Uppfærslugjald kr.	Kaupverð án vsk. kr.
Heildarkort IS 3000 V		1:3 000 000			8.200
Heildarkort IS 2000 V		1:2 000 000			32.000
Ferðakort IS 500 V	Hæðarlínur	1:500 000		30.000	
Ferðakort IS 500 V	Vatnakerfi	1:500 000		20.000	
Ferðakort IS 500 V	Vegakerfi	1:500 000		10.000	
Ferðakort IS 500 V	Stjórnsýslumörk	1:500 000		12.500	
Ferðakort IS 500 V	Örnefni	1:500 000		10.000	
Ferðakort IS 500 V	Allar þekjur	1:500.000	75.000		
Ferðakort IS 500 V	Strandlína	1.500 000			10.000
Staðfræðikort IS 50 V	Hæðarlínur	1:50 000	15.000	12.000	
Staðfræðikort IS 50 V	Vatnakerfi	1:50 000	10.000	8.000	
Staðfræðikort IS 50 V	Yfirborð	1:50 000	5.000	4.000	
Staðfræðikort IS 50 V	Samgöngur	1:50 000	6.250	5.000	
Staðfræðikort IS 50 V	Byggð	1:50 000	6.250	5.000	
Staðfræðikort IS 50 V	Mörk	1:50 000	2.500	2.000	
Staðfræðikort IS 50 V	Örnefni	1:50 000	5.000	4.000	
Staðfræðikort IS 50 V	Heilt kortblað	1:50 000	50.000	40.000	
Staðfræðikort IS 50 V	Útlit örnefna	1:50 000	2.500	2.500	
Staðfræðikort IS 25 V	Hæðarlínur	1:25 000			15.000
Staðfræðikort IS 25 V	Vatnakerfi	1:25 000			10.000
Staðfræðikort IS 25 V	Vegir	1:25 000			6.250
Gróðurmynd	Gervitunglam.	100x100m			10.000
Landsat gervitunglamynd, s/h innrauð eða lit	30x30 m myndeiningar				30.000
Landsat gervitunglamynd, s/h innrauð eða lit	90x90 m myndeiningar				10.000
Hæðarlíkan DTED level 1		90x90m			110.000
Hluti DTED verð pr. ferkm. ³⁾					20

Verð segulmiðla bætist við ofangreint verð. Gjald fyrir hvern geisladisk er kr. 200. Gjald fyrir DVD disk er kr 400.

- 1) Verð miðast við einn notanda sbr. 8. grein gjaldskrár. Ef gögnin eru notuð af fleiri en einum á neti (intraneti) þá margfaldast ofangreint verð með stuðlinum 1,5.
- 2) Sumt efni er fánlegt í áskrift. Áskrifendur greiða áskriftarverð við gerð samnings og síðan uppfærsluverð í hvert sinn sem þeir uppfæra þekjur.
- 3) Grunn gjald 4.000 kr. án virðisaukaskatts.

Afsláttur á IS50V

1-5 kort keypt	fullt verð
6-20 kortblöð	25% afsláttur
21-50 kortblöð	50% afsláttur
fleiri en 50 kortblöð	75% afsláttur

Fylgiskjal 4.**Gjald vegna sérhæfðrar þjónustu frá Landmælingum Íslands.**

Tímagjald kr. 5.600 pr. klst. án virðisaukaskatts.

Fylgiskjal 5.**Birting og útgáfa efnis frá Landmælingum Íslands.**

	A6	A5	A4	A3	A2	A1	A0
Stærð korts og mynda sem á að gefa út	og minna 155 fersm.	og minna 310 fersm.	og minna 625 fersm.	og minna 1250 fersm.	og minna 2500 fersm.	og minna 5000 fersm.	og minna 10000 fersm.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Flokkur 1	2,00	4,00	10,00	20,00	33,00	46,00	65,00
Flokkur 2	1,50	3,00	7,50	15,00	25,00	35,00	50,00
Flokkur 3	1,00	1,50	2,50	5,00	7,50	10,00	15,00

Lágmarksupphæð vegna útgáfu og birtingar efnis kr. 4.000 án virðisaukaskatts.

Afsláttur vegna flokks 1 og 2	1.000-2.499 stk.	5%
	2.500-4.999 stk.	10%
	5.000-9.999 stk.	15%
	10.000 eða fleiri	25%

Afsláttur vegna flokks 3	10.000-24.999 stk.	25%
	25.000-49.999 stk.	50%
	50.000 stk. eða fleiri	75%

Afsláttur vegna flokks 3 er veittur í þrepum þannig að ef að gefin eru út 35.000 eintök af korti þá reiknast 10.000 stk. án afsláttar, 15.000 stk. með 25% afslætti og 10.000 stk. með 50% afslætti.

Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

Fylgiskjal 6.**Birting og útgáfa efnis frá Landmælingum Íslands.**

Tafla um hlutfallslega skiptingu á efni þekja í stafrænum kortagrunni:

Hæðarlínur, mælipunktur:	30%
Vatnafar, ár, lækir og vötn:	20%
Samgöngur, vegir, flugvellir, ferjuleiðir:	10%
Stjórnsýslumörk, hreppar, sýslur o.fl.:	5%
Örnefni:	10%
Yfirborð, s.s. gróður, hraun, sandar:	10%
Byggingar og mannvirki:	10%
Annað:	5%

Fylgiskjal 7.**Birting efnis frá Landmælingum Íslands í fjölmiðlum.**

1. Dagblöð: Greiða skal. kr. 5.000 fyrir hverja birtingu í dagblaði, án tillits til upplags.
2. Tímarit: Greiða skal. kr. 5.000 fyrir hverja birtingu í tímariti, án tillits til upplags.
3. Sjónvarp: Greiða skal. kr. 1.000 fyrir hverja birtingu á korti sem varir lengur en 10 sekúndur. Fyrir reglubundna stöðuga notkun skal greiða kr. 200.000 árgjald, án tillits til fjölda birtinga á ári.
4. Myndbandakerfi: Greiða skal árgjald kr. 10.000 fyrir birtingu í myndbandakerfum, án tillits til fjölda birtinga

Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

Fylgiskjal 8.**Birting og útgáfa efnis frá Landmælingum Íslands á vefnum.**

A6	A5	A4	A3	A2	A1	A0	
Upprunaleg stærð korts og mynda sem á að gefa út	og minna 155 fersm.	og minna 310 fersm.	og minna 625 fersm.	og minna 1250 fersm.	og minna 2500 fersm.	og minna 5000 fersm.	og minna 10000 fersm.
	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.
Flokkur 1	2.500	5.000	7.500	11.250	16.800	25.000	38.000
Flokkur 2	1.250	2.500	5.000	7.500	11.250	16.800	25.000
Flokkur 3	-	1.250	2.500	5.000	7.500	11.250	16.800

Birting á vefnum telst vera ein mynd eða kort sem hluti af heimasíðu viðskiptavinar. Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

AUGLÝSING

um staðfestingu úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2004-2005.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum hefur menntamálaráðherra hinn 19. maí 2004 staðfest úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 2004-2005 samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari. Úthlutunarreglurnar voru samþykktar á fundi stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hinn 14. maí 2004 og taka gildi hinn 1. júní 2004.

Menntamálaráðuneytinu, 19. maí 2004.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

Fylgiskjal.

Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2004 - 2005.

I. kafli – Lánshæft nám.

1.1. Almenn.

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms, við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Þetta gildir m.a. um launað framhaldsnám lækna.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms að loknu doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Gestanám er að öllu jöfnu ekki lánshæft. Fjarnám getur verið lánshæft ef boðið er upp á a.m.k. 75% nám miðað við reglubundið skólanám.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að viðkomandi sé fjárráða og hafi átt lögheimili á Íslandi í tvö ár samfellt fyrir upphaf þess tímabils sem sótt er um námslán vegna eða átt lögheimili hér á landi í þrjú ár af síðustu tíu árum fyrir upphaf tímabilsins.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.2.1., telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

1.2. Lánshæft nám á Íslandi.

1.2.1. Á háskólastigi.

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Háskóli Íslands
Háskólinn á Akureyri
Háskólinn á Hólum
Háskólinn í Reykjavík
Kennaraháskóli Íslands
Landbúnaðarháskólinn
Listaháskóli Íslands

Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmennta- og tónfræðideild
Tækniskóli Íslands, tæknifræði, heilbrigðisdeild og rekstrardeild
Viðskiptaháskólinn á Bifröst

1.2.2. Sérnám á Íslandi.

Nám í fjölbrauta- og menntaskólum og öðrum skólum sem bjóða uppá nám sem er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs, er ekki lánshæft skv. þessari grein.

Lánshæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað samþykkt starfsnám á framhalds-skólastigi, skipulagt af viðkomandi starfsgreinaráði, sem ekki er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi, sbr. grein 3.1.1. Námið er lánshæft þann tíma sem það er kennt í skóla að undanskildu fyrsta eða fyrstu tveimur misserunum, sbr. 3. mgr., ef hægt er að leggja stund á það beint eftir grunnskólapróf. Ef krafist er aðfaranáms á framhalds-skólastigi er aðfaranámið (fornámið) einnig ólánshæft. Að meðtöldum launuðum starfsnáms-tíma er námið að hámarki lánshæft 75% af heildartíma námsins.

Ef sérnám beint eftir grunnskólapróf er skipulagt sem fimm missera nám eða styttra í skóla er það ólánshæft fyrsta misserið, en annars tvö fyrstu misserin (6-8 missera nám).

Nánar er gerð grein fyrir lánshæfu sérnámi á Íslandi í fylgiskjali III.

1.2.3. Réttindi erlendra námsmanna.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara, njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt eins og íslenskir námsmenn á þeirri önn sem samþykkt er að veita þeim ríkisborgararétt.

Ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu sem hafa búsetu hérlendis vegna starfs síns, fjölskyldur þeirra og aðrir sem eru eða hafa verið á þeirra framfæri eiga rétt á námslánnum eins og íslenskir námsmenn.

1.3. Lánshæft nám í útlöndum.

1.3.1. Háskólanám.

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.8. og 4.13. um lán vegna skólagjalda.

1.3.2. Sérnám.

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám sem talist getur nægilega veigamikilið, að því er varðar eðli þess, uppbyggingu og starfsréttindi, að mati stjórnar sjóðsins. Ekki er lánað til starfsnáms sem er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu, sbr. grein 3.1.2.

1.3.3. Einkanám í tónlist.

Skilyrði fyrir veitingu láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið 8. stigi tónlistarnáms á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. BA prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

Hámarksnámsstími sem lánað er til einkanáms er allt að þremur námsárum eða tuttugu og sjö mánuðum, sbr. þó gr. 2.4.4.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms við útlendingadeildir háskóla ef það er undirbúningur undir nám í landi þar sem önnur tungumál eru töluð en enska og norðurlandamál önnur en finnska. Heimilt er að líta á undirbúningsnám í tungumálum sem nám á framhaldsháskólastigi í sambandi við skólagjöld sbr. gr. 4.8. og hámarkssvigrúm sbr. gr. 2.4.3. hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda framhaldsháskólanám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúningsmálanáms.

Hámarksnámsstími sem veitt er lán til skv. þessari grein er eitt misseri í eftirtöldum tungumálum: Pýsku, frönsku, spænsku og ítölsku. Í námi þar sem námsári er skipt í fjórðunga jafngilda tveir fjórðungar einu misseri.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru tvö misseri eða þrjú fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Finnsku, grísku, hollensku, tékknesku, ungversku o.s.frv.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru þrjú misseri eða fimm fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Kínversku, japönsku, o.s.frv.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu málanáminu er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í málanáminu. Fáir námsmaður undirbúningsnámið metið til styttingar á nýju námi kemur matið til lækkunar á einingaskuld hans.

Lánshæfi undirbúningsnáms í tungumálum er háð því að um sé að ræða a.m.k. tveggja mánaða skipulagt nám sem talist getur nægjanlega veigamikið að því er varðar eðli og uppbyggingu að mati stjórnar sjóðsins. Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

Áður en lán vegna undirbúningsnáms í tungumálum er afgreitt þarf að liggja fyrir staðfesting á inngöngu í fagnám.

1.3.5. Upplýsingar um lánshæft nám erlendis.

Hjá sjóðnum liggja fyrir upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað er til. Ef sótt er um skóla eða námsbraut sem ekki hefur verið lánað til þarf stjórn sjóðsins að fjalla um málið. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um námið. Gera verður ráð fyrir að slík málsmeðferð geti tekið einhvern tíma.

II. kafli – Námsframvinda.

2.1. Námsstími.

2.1.1. Almenn.

Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma ársins sem eiginlegt skólahald eða skyldunámskeið standa yfir og að jafnaði í 9 mánuði fyrir fullt nám á skólaári. Ef námsmaður sækir sérstaklega um það og fyrir liggur staðfesting skóla á því hvenær nám hófst að hausti og hvenær viðkomandi námsmaður lauk síðasta prófi að vori er heimilt að lána í allt að tvo mánuði til viðbótar. Ef fullt nám á skólaári stendur skemur en 8 mánuði skal skerða reiknaðan námstíma um það sem upp á 8 mánuðina vantar.

2.1.2. Sumartími.

Námsmaður sem flýtir námslokum með námi á sumarönn og lýkur 75% af fullu námi á venjulegri önn, skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins, á rétt á sumarláni þegar námsárangur liggur fyrir. Ekki er lánað út á lægra hlutfall, sbr. gr. 2.3.5., nema fyrir liggir staðfest námslok á árinu 2005. Námsmaður sem flýtir fyrir sér í náminu með því að ljúka yfir 100% námi á námsárinu, sbr. grein 2.3.1, ávinnur sér rétt til sumarlána út á staðfestar umframeiningar. Veitt er aðstoð í eina viku fyrir hverjar tvær ECTS-einingar eða ígildi þeirra sem námsmaður lýkur. (ECTS stendur fyrir „The European Credit Transfer System“).

Aðstoð á sumarönn reiknast sem aðstoð í eitt misseri við ákvörðun heildarsvigrúms.

2.2. Framvinda náms.

2.2.1. Almenn um námsframvindu.

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skál námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Miða skal fullt nám við stysta skipulegan námstíma samkvæmt námskrá sem yfirstjórn skóla hefur staðfest. Þegar um meistara- eða doktorsnám er að ræða er þó heimilt að bæta einu misseri við framangreindan námstíma til samræmis við persónubundna námsáætlun um fullt nám sem yfirstjórn námsgreinar hefur staðfest. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs, fá námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri. Þannig reiknast metnar einingar úr fyrra námi ekki til námsframvindu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að taka tillit til námskeiða umfram lokapróf sem nemur námi í allt að eitt misseri hafi námsmaður dvalið erlendis sem ERASMUS eða NORDPLUS skiptinemi og fengið námskeiðin metin sem valnámskeið umfram lágmarks-einingafjölda til lokaprófs.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka námi ákveðst af reglum sjóðsins um framvindu náms, sbr. 1. mgr., og leyfilega hámarksnámslengd, sbr. gr. 2.4. Þegar heildarsvigrúm í grunnháskólanámi í bandarískum háskólum er metið er fyrsta árið ekki meðtalið. Námsmaður telst hafa fullnýtt svigrúm sitt þegar hann hefur fengið lán eða frestun á námslokum í þann annafjölda sem heildarsvigrúm gerir ráð fyrir.

2.2.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins til þess að fá námslán. Geri skóli kröfur um meira en 75% árangur í námi til þess að námsmaður fái að halda áfram námi eða flytjast milli ára teljast kröfur skólans lágmarksárangur.

Námseftirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2.1., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%. Þetta á eingöngu við um framfærslu- og bókalán.

Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrri misserum eða námsferlum og er skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka er lán á fyrri námsárum ekki tekið til endurskoðunar. Námsmaður telst hins vegar skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til. Þetta á m.a. við þegar endurtaka þarf nám vegna fjöldatakmámarkana sem kveðið er á um í reglugerð viðkomandi skóla, eða vegna þess að námsmaður gerir of langt hlé á námi skv. reglum skóla. Þó er heimilt að veita námsmanni sem skilað hefur fullnægjandi árangri á fyrsta misseri en ekki komist áfram í námi eingöngu vegna reglna um fjöldatakmákanir lán til þess að endurtaka misserið. Skipti slíkur námsmaður hins vegar um námsbraut áður en hann hefur lokið fyrsta námsárinu með fullnægjandi hætti, þá telst hann skulda árangur sem nemur öðru láninu fyrir fyrsta misserið.

Hafi námsmaður fullnýtt heimild sína til láns á tiltekinni námsbraut á hann ekki rétt á lánnum fyrr en hann hefur unnið upp tafir eða lokið fyrrgreindri námsbraut.

2.3. Aukið svigrúm í námi.

2.3.1. Almenn.

Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu námssvigrúmi í sama námsferli. Það telst nýr námsferill skipti námsmaður um skóla eða

námssgrein. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

Að loknu skólaári skal árangur ársins gerður upp. Skili námsmaður þá samanlagt a.m.k. 75% árangri á námsárinu í heild, á hann rétt á láni í hlutfalli við árangur á einstökum öllum námsársins.

2.3.2. Veikindi og barnsburður.

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast eða námsmaður eignast barn. Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts í nánustu fjölskyldu við mat á námsframvindu. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi. Námsmaður sem ekki hefur áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi á þó rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein vegna lánshæfs náms, ef hann skilar fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma hann vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati lækni.

Veikist námsmaður seinni hluta annar eða í prófum og skili vegna þess minna en 50% árangri á þeirri önn er heimilt að veita honum 75% lán fyrir önnina. Skilyrði er að fyrir liggja læknisvottorð þar sem greinilega kemur fram á hvaða tíma námsmaður vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati lækni. Ennfremur þarf að liggja fyrir að viðkomandi námsmanni hafi verið synjað um að taka upptökupróf og ástæður skóla fyrir þeirri synjun. Ákvæði þessarar málsgreinar getur einnig átt við ef alvarleg veikindi maka eða barns hafa kallað á innlögn á sjúkrahús eða sambærilega umönnun og þau raskað verulega högum námsmannsins.

Námsmaður sem hefur fengið lán vegna veikinda, skv. læknisvottorði en engum árangri skilað eða minni en 50% á önn á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrr en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka 50% af fullu námi á önninni. Námsmaður sem hefur skilað 50% árangri og fengið veikindasvigrúm, þ.e. 75% lán skv. læknisvottorði í tvö misseri í röð getur átt rétt á að tekið sé tillit til veikinda hans síðar í náminu þannig að honum verði veitt lán í hlutfalli við einingaskil.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 50% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Fæðingarvottorð liggja fyrir í þessu tilviki. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm á þeirri önn sem fæðing á sér stað, og á næstu önn fyrir fæðingu og eftir fæðingu. Samanlagt skal þó viðbótarsvigrúm vegna einnar fæðingar ekki vera hærra en 50% af árangri einnar annar.

2.3.3. Örorka og lesblinda.

Geti námsmaður vegna örorku sinnar að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri, skv. reglum sjóðsins er heimilt að veita honum 75% lán ef hann lýkur a.m.k. 50% árangri á hverju misseri. Ef hann lýkur innan við 50% árangri er heimilt að veita honum lán í hlutfalli við einingaskil. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa. Skilyrði fyrir undanþágu skv. þessari grein er að örorka viðkomandi sé metin a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um

fyrirnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð.

Ákvæði þessarar greinar á einnig við ef lesblinda (dyslexia) háir námsmanni og hægir óhjákvæmilega á námsframvindu hans samkvæmt mati sérfræðings og skóla.

2.3.4. Fyrsta árs nemi erlendis.

Á fyrsta misseri í nýju námslandi erlendis er veitt aukið svigrúm. Þannig er heimilt að veita mönnum lán sem nemur að lágmarki 60% á því misseri. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa.

2.3.5. Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.

Ef námsmaður á eftir minna en sem nemur 75% af einni önn á síðasta misseri í námi þá fær hann lán í réttu hlutfalli við það sem ólokið er.

Námsmaður sem ekki getur lokið 75% árangri á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrra námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil séu ekki undir 50% af fullu námi.

2.3.6. Mat á ástundun.

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu, þannig er heimilt að veita 100% lán ef skýrt kemur fram í vottorði að menn hafi stundað fullt nám. Þegar vorpróf liggja fyrir hjá námsmönnum í heilsársnám-skeiðum er lánið endurmetið. Komi þá í ljós að einingar sem tilheyra haustönn duga ekki fyrir því láni sem veitt var fyrir önnina þá ber námsmanni að endurgreiða ofgreitt lán.

2.3.7. Ástundun í framhaldsháskólanámi.

Ástundunarvottorð manna í framhaldsháskólanámi eða námi þar sem próf eru tekin sjaldnar en einu sinni á ári er einungis tekið til greina ef í því kemur fram áætlun skóla og námsmanns um námslok.

Heimilt er í þeim tilvikum að veita allt að 100% lán fyrir hvert misseri eða önn.

Ástundunarvottorð eru ekki tekin gild við afgreiðslu lána á þeirri önn eða misseri sem viðkomandi námsmaður á að ljúka námi skv. skipulagi skóla.

2.3.8. Lágmarkseinkunn.

Ljúki námsmaður tilskildum einingafjölda en aðaleinkunn hans er ekki fullnægjandi skv. reglum skóla, er heimilt að veita honum lán vegna þess misseris, ef hann skilar þeirri einkunn, sem skóli gerir kröfur til eftir næstu önn. Ef honum tekst það ekki fellur réttur hans til láns niður vegna þeirrar annar sem hann náði ekki tilskilinni einkunn.

2.4. Námslengd.

2.4.1. Hvað telst aðstoðarár?

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur eða tekjur. Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

2.4.2. Fimm ára reglan.

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður að hámarki fengið lán í allt að fimm ár samanlagt. Þó er heimilt að veita námsmanni undanþágu frá ofangreindu hámarki og veita honum lán í allt að eitt námsár til viðbótar ef annað eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:

- a) Samanlögð fyrri lán hans hjá sjóðnum nema lægri fjárhæð en 2,1 m.kr.
- b) Hann hefur áður staðist lokapróf í lánshæfu námi og lýkur á námsárinu öðru lokaprófi í lánshæfu námi. Með lokaprófi er átt við próf til staðfestingar starfs- eða háskóla-gráðu, en ekki undirbúnings-, fornáms- eða frumgreinapróf.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir sbr. grein 2.2.1. og 2.2.2.

2.4.3. Tíu ára reglan.

Leggi námsmaður stund á framhaldsháskólanám er heimilt að veita honum lán umfram það hámark sem tilgreint er í 2.4.2. Samanlagður tími sem námsmaður getur fengið lán er að hámarki 10 ár. Með framhaldsháskólanámi er átt við doktors- eða licentiatnám, meistara-nám eða sambærilegt nám að loknu þriggja ára háskólanámi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Auk þess er átt við háskólanám eftir þrjú ár skv. skipulagi skóla, á námsbrautum sem eru skipulagðar sem lengra nám en þrjú ár. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir 4 ár. Stutt starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf, listnám og námsráðgjöf, getur talist vera framhaldsháskólanám.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir sbr. grein 2.2.1. og 2.2.2.

2.4.4. Einkanám.

Einkanám, t.d. í söng eða tónlist telst til náms á grunnháskólastigi.

2.5. Námslok.

2.5.1. Almennt.

Námslok teljast við lok þess misseris þegar námsmaður hættir að fá lán, nema námsmaður sýni fram á áframhaldandi lánshæft nám á næsta skólaári þar á eftir. Ef námsmaður gerir hlé á námi sínu lengur en eitt skólaár miðast námslok þannig við síðasta aðstoðartímabil fyrir námshlé. Hefji námsmaður nám aftur að loknu námshléi, sem er lengra en eitt skólaár, skal líta á það sem nýtt nám.

2.5.2. Skilyrðum til útskriftar lokið.

Eigi námsmaður rétt á frestun námsloka, sbr. gr. 2.5.4., skulu þau teljast á síðasta degi þess misseris sem hann lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast. Frestun á útborgun námsláns hefur ekki í för með sér frestun á skilgreindum námslokum.

2.5.3. Síðasta aðstoðartímabil.

Eigi námsmaður ekki rétt á frekari lánnum þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm, skulu námslok miðast við lok síðasta aðstoðartímabils.

2.5.4. Frestun námsloka.

Stundi lánþegi lánshæft nám án þess að sækja um lán eða námsaðstoð frá sjóðnum er heimilt að fresta námslokum. Námsmaður skal þá sækja sérstaklega um frestunina. Eftir því sem við á skulu reglur um námsaðstoð gilda um þá umsókn, s.s. hvað varðar umsóknarfrest, gildistíma umsóknar, upplýsingar um tekjur og námsárangur.

2.5.5. Vafi um námslok.

Sjóðsstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.

III. kafli – Framfærsla og tekjur.

3.1. Grunnframfærsla.

3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma skólaárið 2004–2005 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er kr. 79.500. (Sjá nánar fylgiskjal I.)

3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum.

Grunnframfærsla í útlöndum á námstíma skólaárið 2004–2005, sem getur verið mismun-

andi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. (Sjá nánar fylgiskjal II.)

3.2. Framfærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1.–4.6. áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans.

Lán samkvæmt gr. 4.4. og greinum 4.7.–4.12. eru til viðbótar lánum til framfærslu námsmanns. Tekjur geta því komið til frádráttar þessum lánum samkvæmt ákvæðum greina 4.1.–4.6. eftir því sem við á.

3.3. Tekjur.

3.3.1. Tekjur.

Tekjur námsmanns og maka á árinu 2004 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma skólaársins fram til 30. júní 2005. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirfærðar í mynt námslands miðað við gengi hinn 12. maí 2004.

Áhrifum tekna skal að jafnaði dreift á 9 mánuði og á einstakar annir skólaársins skv. skipulagi skóla. Ef námstími fram til 30. júní 2005 er styttri en 9 mánuðir skal dregið hlutfallslega úr tekjuáhrifunum.

3.3.2. Komið úr námshléi.

Heimilt er að tvöfalda frítekjumark námsmanns sem kemur úr námshléi, sbr. fjárhæðir tilgreindar í gr. 4.1.–4.6., enda liggi fyrir staðfesting á að hann hafi verið í fullri vinnu lengur en 7,5 mánuð á árinu.

3.3.3. Tekjuáætlun.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 2004.

3.3.4. Endanlegt tekjutillit.

Endanlegt tekjutillit á sér stað eftir álagningu skattfyrivalda. Séu tekjur lánþega þá áætlaðar skal sjóðurinn ákvarða honum námsaðstoð í samræmi við áætlunina. Ákvörðunin er endanleg nema lánþegi geri athugasemd við hana innan þriggja mánaða. Skal þá heimilt að endurskoða hana í samræmi við nýjar tekjuupplýsingar staðfestar af skattfyrirvöldum.

3.3.5. Ófullnægjandi tekjuáætlun.

Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

3.4. Hvað telst til tekna.

3.4.1. Tekjur á árinu 2004.

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 2004 teljast til tekna við útreikning á láni samkvæmt greinum 4.1.–4.12.

3.4.2. Námsstyrkir.

Skattskyldir náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ reiknast sem tekjur, sbr. grein 4.8.

3.4.3. Sérstakir námsstyrkir.

Styrkir sem veittir eru á vegum NORDPLUS og ERASMUS hafa engin áhrif á lán, enda sæki námsmaður ekki um viðbótarlán vegna þess kostnaðar, sem hann verður fyrir vegna námsins erlendis. Styrkirnir eru skattskyldir og á framtali þarf að færa kostnað á móti, s.s. ferðakostnað og fleira vegna námsins.

3.4.4. Frádráttur frá tekjum.

Til frádráttar koma skattar vegna tekna á árinu 2004 eins og þeir eru reiknaðir af sjóðnum að teknu tilliti til reglna íslenskra skattfirvalda, skólagjöld umfram þá upphæð sem námsmaður fær lánað fyrir skv. gr. 4.8. að frádregnum 35.000 kr. og föst afborgun R-, S- eða V-láns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.

3.5. Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

IV. kafli – Lánaflokkar.

4.1. Lán til námsmanns sem býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á náms-tíma en 33% tekna umfram 300.000 kr. koma til frádráttar.

Einhleypur námsmaður, barnlaus hjón eða sambylifsfolk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með afriti af greiðsluseðli til skattfirvalda eða staðfesti íbúðareign með afriti frá Fast-eignamati ríkisins.

4.2. Lán til einstaklings sem hvorki býr í leiguhúsnæði né eigin húsnæði.

4.2.1. Framfærsla.

Framfærsla námsmanns sem hvorki býr í leiguhúsnæði né eigin húsnæði er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 33% tekna umfram 238.000 kr. koma til frádráttar.

4.2.2. Námsmenn sem búa hjá efnalitlum foreldrum/foreldri.

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá efnalitlum foreldrum upp í 100%, ef tekjur hvors foreldris um sig eru undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni.

4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 35.775 kr. fyrir hvert barn vegna náms á Íslandi og um sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 33% tekna umfram 300.000 kr. koma til frádráttar. Námsmanni er ekki veitt lán sem einstæðu foreldri nema hann fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma.

4.4. Lán vegna meðlagsgreiðslna.

Námsmaður getur sótt sérstaklega um viðbótarlán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Lánað er vegna meðlags á námstíma 16.500 kr. á mánuði eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi 12. maí 2004.

4.5. Lán til námsmanns í hjónabandi/sambúð.

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða í skráðri sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 33% tekna umfram 300.000 kr. koma til frádráttar. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningar-tilvikum samanber grein 4.6.

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap/staðfesta samvist.

4.6. Lán vegna maka.

4.6.1. Lán vegna maka.

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns í hjónabandi hækkar um 50% af grunnframfærslu vegna maka:

- a) Veikindi eða örorka maka skv. læknisvottorði.
- b) Námsmaður og maki eru búsett erlendis og hafa barn á framfæri sínu og maki kýs að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.

Ef veitt er lán vegna maka koma 33% tekna námsmanns og maka umfram 450.000 kr. til frádráttar. Ef námsmaður á rétt á láni vegna maka, er lánið reiknað út á tvo vegu; með og án makaláns. Niðurstöður eru síðan bornar saman og sá útreikningur valinn, sem leiðir til herra láns.

Ekki er veitt makalán ef maki er sjálfur lánþegi á námsárinu.

4.6.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Óheimilt er að veita makalán vegna námsmanns sem synjað hefur verið um námslán vegna ófullnægjandi námsframvindu. Hafi námsmaður notað hámarkssvigrúm til náms en ekki lokið námi þá telst hann með ófullnægjandi námsframvindu sbr. gr. 2.2.2.

4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.

Námsmaður á rétt á viðbótarláni vegna bókakaupa. Á heilu skólaári skal lán þetta nema 41.000 kr. á Íslandi og sambærilegu hlutfalli af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1.

4.8. Almenn lán vegna skólagjalda.

Viðbótarlán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn óskattskyldan styrk eru aðeins veitt til framhaldsháskólanáms, sbr. skilgreiningu á framhaldsháskólanámi í gr. 2.4.3.

Viðbótarlán vegna skólagjalda á Íslandi, umfram fenginn óskattskyldan styrk, eru veitt til sérnáms, almenns háskólanáms og framhaldsskólanáms.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda út við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema sbr. gr. 5.2.1.

Samanlögð lán til námsmanna vegna skólagjalda á Íslandi skulu aldrei verða hærri en 3,2 m.kr. og vegna skólagjalda erlendis ákveðið hlutfall af þeirri upphæð, sbr. fylgiskjal II. Ef með þarf skal yfirfæra útreikningsupphæð (sbr. gr. 5.2.2.) eldri skólagjaldalána í mynt námslands 2004-2005 miðað við gengi 12. maí 2004. Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 35.000 kr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar ef námsmaður er verulega fatlaður, sbr. 1. mgr. gr. 2.3.3., getur sannanlega ekki stundað nám sitt hér á landi að óbreyttum aðstæðum og sérstakar ástæður mæla með undanþágu.

4.9. Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.

4.9.1. Röskun á stöðu og högum námsmanns.

Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýrtri lánsheimild. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Einnig er heimilt að veita námsmanni, sem ekki nær að skila 75% lágmarksárangri vegna skipulags skóla, aukalán samkvæmt þessari grein, enda eigi hann rétt á láni fyrir viðkomandi misseri, sbr. grein 2.3.5. Aukalánið skal að hámarki nema framfærslu eins mánaðar.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu.

Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

4.9.2. Hámarkslán.

Hámarkslán á misseri vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns miðast við mánaðarframfærslu eins og hún er reiknuð af sjóðnum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar.

4.10. Lán vegna sjúkratrygginga.

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélögum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af framfærslukostnaði. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

4.11. Vaxtastyrkur.

Við útborgun lána fyrir framfærslu- og bókakostnaði, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal greiða vaxtastyrk. Eftir haustmisseri skal styrkur nema 1,4% af framfærslu- og bókaláni, 1,8% eftir vormisseri, og 3,7% eftir sumarmisseri. Samsvarandi hlutföll fyrir fjórðungaskóla skulu vera 1,3% eftir haustfjórðung, 1,2% eftir vetrar- og vorfjórðung og 3,1% eftir sumarfjórðung.

Komi í ljós við endurútreikning námsláns að loknu námsári að námsmanni hafi verið úthlutað of háum vaxtastyrk, er það leiðrétt með þeim hætti að ofgreiddur styrkur er færður sem lán á námsárinu.

4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.

4.12.1. Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna.

Námsmanni er heimilt að sækja um viðbótarlán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna sem eru á framfæri námsmanns. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og um almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði.

Ef maki sækir einnig um lán á námsárinu á námsmaður ekki rétt á viðbótarláni vegna ferða maka, og lán vegna ferða barna miðast þá við helming þeirra upphæða sem tilgreindar eru í gr. 4.12.2.

4.12.2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Námsmenn erlendis eiga kost á láni vegna einnar ferðar milli heimilis og námsstaðar skólaárið 2004–2005, sem ákvarðast þannig: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka í Danmörku, Noregi og Svíþjóð 35.000 krónur á mann, en 40.500 krónur á einstakling vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, 52.000 krónur í Norður Ameríku og 92.000 krónur á einstakling vegna námsmanns og maka annarsstaðar. Lán vegna ferða barna tekur mið af aldri þeirra á skráningardegi farseðils hjá sjóðnum og skal vera 10% af ofangreindum upphæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 75% vegna barna á aldrinum tveggja til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára.

Ofangreindar fjárhæðir eru umreiknaðar í mynt námslands miðað við gengi 12. maí 2004.

4.12.3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán vegna náms á Íslandi tekur mið af aðstæðum þegar sótt er um námslán og ákvarðast þannig: Vegna einstaklings og maka 13.900 krónur, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Vegna ferða innanlands er ekki skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

4.12.4. Hvenær þarf ferð að eiga sér stað?

Heimilt er að taka tillit til ferðar, sem farin er til námsstaðar allt að einu misseri fyrir upphaf námstímabils eða á námstíma og heim á námstíma eða allt að einu misseri eftir lok skólaárs.

4.12.5. Greiðslutími ferðalána.

Ferðalán greiðast þegar sótt hefur verið um þau og afriti af farseðli framvísað sem sýni að ferð hefur verið farin. Lánin greiðast strax að hausti fyrir bæði misseri skólaársins, hjá öðrum en fyrsta árs nemum, ef námsmaður leggur fram afrit af farmiða að og frá námsstað. Ferðalán vegna námsmanna á Íslandi greiðast með framfærslulánum vegna haust- og vorannar.

Lánið er greitt út við upphaf námstíma hjá námsmönnum öðrum en fyrsta árs nemum sbr. gr. 5.2.1.

4.13. Lán á markaðskjörum vegna skólagjalda.

Lánveitingum á markaðskjörum verður hætt frá og með 1. júní 2005 og er stjórn LÍN því einungis heimilt að veita verðtryggð námslán til allt að 10 ára með 2% álagi á lægstu bankavexti fram að þeim tíma. Lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánum, enda sé endurgreiðsla þeirra lána sérstaklega tryggð. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Lán þessi er heimilt að veita vegna skólagjalda í grunnháskólánámi og sérnámi erlendis, sem ekki verður stundað á Íslandi.

Hámarkslán sem veitt er skv. þessum reglum er samtals 500 þúsund krónur á námsári.

Lánin eru verðtryggð og með breytilegum vöxtum skv. auglýsingum frá Seðlabanka Íslands um meðalvexti banka og sparisjóða á hverjum tíma. Vextir reiknast frá útborgunardegi. Lánin greiðast óháð öðrum námslánum. Þau eru ekki háð skerðingu vegna námsframvindu eða öðrum útreikningi námslána. Reglur sjóðsins um undanþágur frá endurgreiðslum og niðurfellingu vegna andláts gilda ekki um lán sem veitt eru á markaðskjörum.

Óheimilt er að veita námsmanni sem fær venjulegt námslán vegna skólagjalda markaðskjaralán.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda út við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema sbr. gr. 5.2.1.

V. kafli – Umsóknir og útborgun lána.

5.1. Umsóknir um námslán.

5.1.1. Umsóknareyðublöð.

Sótt er um námslán á sérstökum rafrænum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á vefnum (www.lin.is). Umsóknareyðublöðin fást einnig á skrifstofu sjóðsins.

5.1.2. Umsóknir og gildistími.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarár. Hver umsókn gildir til loka misseris. Umsókn verður að hafa borist áður en lánshæfur námstími hefst. Sjóðnum er þó heimilt að miða við upphaf misseris hafi umsókn borist fyrir:

- 30. september vegna aðstoðar til áramóta;
- 31. janúar vegna aðstoðar eftir áramót fram að sumri;
- 31. maí vegna sumarlána.

Framhaldsumsóknir, þ.e. umsóknir frá námsmönnum sem fengu lán á námsárinu 2003-2004, gilda frá upphafi námsársins berist þær fyrir 31. janúar.

5.1.3. Fylgiskjöl og skilafrestur.

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð, þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur, að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður hafi fallið frá umsókn um lán á viðkomandi önn.

5.1.4. Aðstoð.

Starfsmenn og samtök námsmanna sem tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið sjóðsins.

5.1.5. Afgreiðsla umsókna og annarra erinda.

Ákvörðun stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skal tilkynnt skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá ákvörðun rökstudda, samanber gr. 5.10.3., mál endurupptekið, samanber gr. 5.10.4. eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnarsýslulögum.

5.1.6. Lánsáætlun.

Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta lánsáætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sbr. reglu 5.2.4.

5.1.7. Umboðsmaður.

Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldaþréf fyrir hans hönd.

5.1.8. Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir lántakendur. Teljist námsmaður ótryggur lántakandi skv. ofangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á annað, eða að hann leggi fram aðrar ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.

5.2. Útborgun námslána.

5.2.1. Útborgun námslána.

Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða. Lánveitingum vegna námsársins 2004-2005 skal þó lokið fyrir 1. febrúar 2006, eftir það eru ekki afgreidd lán vegna námsársins.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda og ferðalán skv. grein 4.8. og grein 4.12. á þeirri önn sem námsmaður greiðir slíkan kostnað. Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru þessi lán endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

Fyrsta árs nemar teljast námsmenn á fyrsta misseri í lánshæfu námi og eiga þeir ekki rétt á að lán vegna skólagjalda skv. gr. 4.8. og gr. 4.13. og ferða skv. gr. 4.12. séu greidd út fyrr en þeir hafa skilað fullnægjandi árangri við lok fyrsta misseris. Hafi námsmaður áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi telst hann ekki fyrsta árs nemi samkvæmt skilningi þessarar greinar þegar hann hefur nýtt nám.

5.2.2. Útreikningur lána erlendis.

Námslán eru að jafnaði reiknuð út í mynt viðkomandi námslands. Tekjum og styrkjum er breytt í mynt námslands miðað við gengi 12. maí 2004. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar er upphæðinni sem greiða á út breytt í íslenskar krónur miðað við daggengi á útborgunardegi.

5.2.3. Staðfesting á tekjum.

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 2004 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

5.2.4. Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða.

Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni lánsáætlun námsmanns.

5.2.5. Bóka- og aukalán.

Bóka- og aukalán greiðast í einu lagi þegar framfærslulán viðkomandi kemur til útborgunar.

5.2.6. Hlutilán.

Nú óskar námsmaður eftir því að fá einungis greiddan hluta af því láni sem honum reiknast og skal honum það þá heimilt.

5.2.7. Skuldabréf og bankareikningur.

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

5.3. Um ábyrgðir á námslánum. Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna.

5.3.1. Eðli sjálfskuldarábyrgðar.

Þeir sem gerast ábyrgðarmenn að námsláni takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á náms-skuldinni en slík ábyrgð gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina sem ábyrgð er fyrir strax og í ljós kemur að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um að greiða af láninu.

Sjóðurinn getur innheimt ábyrgðina beint hjá ábyrgðarmanni og þarf ekki að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá lántakanda. Þó getur sjóðurinn ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrr en staðreynt hefur verið að lántakandi hafi ekki greitt af láninu á gjalddaga.

Sjóðurinn getur látið gera aðför (fjárnám) til fullnustu skuldarinnar hjá sjálfskuldarábyrgðarmanni án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Sjálfskuldarábyrgð skal ætíð bundin við ákveðna hámarksfjárhæð sem breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs en auk þess tekur sjálfskuldarábyrgðin til greiðslu, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kann af vanskilum skuldarinnar þar með talin réttargjöld og innheimtuþóknun.

Hámarksábyrgð ábyrgðarmanns á láni til námsmanns skal að jafnaði vera 6 m.kr. Ábyrgðarmanni er þó heimilt að veita ábyrgð umfram þetta vegna láns sem námsmanni reiknast á því námsári sem ábyrgðarupphæð hans nær 6 m.kr. Lágmarksábyrgð er 100 þús.kr.

5.3.2. Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla.

Ábyrgðarmaður staðfestir með undirskrift sinni á skuldabréf eða ábyrgðaryfirlýsingu að hann hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins.

Ábyrgðarmenn verða að vera orðnir 18 ára og fjárráða, en enginn hámarksaldur gildir um þá. Ábyrgð lögpersónu í stað einstaklings er háð samþykki stjórnar og að um sé að ræða opinbera stofnun eða fjármálastofnun sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Í þeim tilvikum skal lágmarksábyrgðartími vera 10 ár eftir fyrsta gjalddaga eða 15 ár eftir að ábyrgð er veitt. Sjóðnum skal þá heimilt, með samþykki lánþega, að innheimta gjald fyrir ábyrgðaradilann við útborgun lánsins. Að öðru leyti gilda um ábyrgð lögpersónu sömu reglur og almennt gilda um sjálfskuldarábyrgð einstaklinga.

Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir lántakanda.

Ábyrgðarmenn skulu að jafnaði vera íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi.

Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni, sem eru á dómaskrá vegna gjaldþrots eða annarra verulegra fjárhagsörðugleika eða þeir teljist af öðum ástæðum bersýnilega ótryggir ábyrgðarmenn að mati sjóðsins.

Breytist staða ábyrgðarmanns þannig að hann telst ekki lengur uppfylla ofangreind skilyrði þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir námsláni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd hjá sjóðnum. Þá ábyrgist hinn nýi ábyrgðarmaður allt það lán sem lántakandi hefur fengið ásamt því sem hann kann að fá til viðbótar. Hin nýja ábyrgð getur þó ýmist verið til viðbótar fyrri ábyrgð eða samhliða henni. Eldri ábyrgð fellur ekki úr gildi nema að henni sé sagt upp.

5.3.3. Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfur.

Ábyrgðarmenn bera óskipta sameiginlega (solidaríska) ábyrgð gagnvart sjóðnum, en þeir bera jafna ábyrgð sín á milli allt að tilteknu hámarki hvers og eins. Sá ábyrgðarmaður sem greiðir skuldina getur því bæði átt endurkröfurétt á hendur lántakanda og öðrum ábyrgðarmönnum.

Verði vanskil á námskuld getur ábyrgðarmaður greitt upp sinn ábyrgðarluta ásamt vöxtum og kostnaði.

Ábyrgðarmaður getur neytt þeirra réttinda sem lántakandi á skv. skuldabréfinu og haldið láninu í skilum. Í því sambandi getur hann óskað eftir því við sjóðinn að greiðslunni skuli ráðstafað til lækkunar á þeim hluta heildarskuldarinnar sem hann ábyrgðist.

Ákvæði skuldabréfs um undanþágur frá endurgreiðslu gilda ekki gagnvart ábyrgðarmanni sem ábyrgð hefur fallið á og tekið hefur að sér endurgreiðslu lánsins.

Látist ábyrgðarmaður getur lántakandi útvegað nýjan ábyrgðarmann sem uppfyllir ofangreind skilyrði en að öðrum kosti taka erfingjar hins látna við ábyrgðinni eftir almennum reglum ef erfingjar hafa á annað borð tekið á sig ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgðinni. Það skal gert skriflega með bréfi til sjóðsins. Áhrif þess eru þau að ekki aukast skyldur hans umfram það sem þá þegar er um samið. Uppsögnin tekur gildi um leið og sjóðurinn hefur tilkynnt lántakanda um uppsögnina.

5.3.4. Veðtrygging.

Óski námsmaður eftir að setja fasteign að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: Veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamat.

Við veðtryggingu námslána er miðað við að áhvílandi lán, að viðbættu láni frá sjóðnum, fari ekki yfir 65% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og sé innan 65% af brunabótamati. Jafnframt er heimilt að fara fram á sölumat löggilts fasteignasala og skal þá miðað við að lán frá sjóðnum fari ekki yfir 60% af sölumati.

5.4. Greiðsla félagsgjalda.

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu gjalda vegna félagsaðildar að Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), Bandalagi íslenskra námsmanna (BÍSN) og Iðnnemasambandi Íslands (INSÍ). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánnum og greiðir til réttra aðila.

5.5. Breytingar á aðstoð.

5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanns.

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduáðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.

5.5.2. Leiðrétting á útreikningi.

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

5.6. Vísitandi villandi upplýsingar.

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

5.7. Ofgreidd lán.

5.7.1. Ofgreidd lán.

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal greiðslutíminn að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir.

Ofgreidd lán námsmanna erlendis, eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við gengi 12. maí 2004. Ef gengi er ekki skráð fyrir viðkomandi mynt þann dag, er notað gengi eins og það var á síðasta skráningardegi á undan.

5.7.2. Skuldabréf.

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána bera almenna meðalvexti banka og sparisjóða og leggjast vextirnir á þá upphæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

5.7.3. Vextir.

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

5.7.4. Innheimta.

Ofgreitt lán kemur til innheimtu við lok námsárs. Lok námsárs í þessum skilningi er þegar námsárangur og önnur gögn hafa borist vegna allra anna á námsárinu, sem sótt er um aðstoð fyrir.

5.8. Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.

5.8.1. Námsmenn á Íslandi.

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

5.8.2. Námsmenn á Norðurlöndum.

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur sl. árs. Í Danmörku „ársoppgörelse“, í Noregi „skatteoppgjør“ og í Svíþjóð „slutlig skatsedel“.

5.8.3. Námsmenn í öðrum löndum.

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

5.8.4. Endurgreiðsla.

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærrí en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

5.9. Mistök sjóðsins.

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðrétist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákvæðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

5.10. Vafamál.**5.10.1. Hlutverk stjórnar.**

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5.

5.10.2. Málsmeðferð.

Áður en stjórn sker úr vafamáli skal sérstök undirnefnd skipuð úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum, undirbúa og gera tillögur um bókanir fyrir stjórn sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar. Bókanir stjórnar í vafamálum skulu vera almennar og þeim haldið sérstaklega til haga þannig að þær séu aðgengilegar öllum þeim sem eiga erindi við sjóðinn.

5.10.3. Rökstuðningur.

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, lögum, reglugerð, úthlutunarreglum eða bókun stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðun byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

5.10.4. Endurupptaka.

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og hún tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

5.10.5. Málskotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur.

VI. kafli – Samnorrænar reglur.

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi.

Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

DANMÖRK

Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte (SU)
 Danasvej 30
 DK-1780 København V
 Sími: 00-45-33268600
 Bréfasími: 00-45-33268611
 Veffang: <http://www.su.dk/>

FINNLAND

Folkpensionsanstaltens Studiestødscentral
 P.O. Box 228
 SF-40 101 Jyväskylä 10
 Sími: 00-358-20-4346770
 Bréfasími: 00-358-20-4346710
 Veffang: <http://www.kela.fi/>

NOREGUR

Statens lånekasse for utdanning (SLK)
 P. boks 195, Østre Aker vei 20
 N-0510 Oslo 5
 Sími: 00-47-22726700
 Bréfasími: 00-47-22642636
 Veffang: <http://www.lanekassen.no/>

SVÍPJÓÐ

Centrala studiestödsnämnden (CSN)
 Norra Tjärngatan 2-6
 S-851 82 Sundsvall
 Sími: 00-46-60-186290
 Bréfasími: 00-46-60-186006
 Veffang: <http://www.csn.se/>

VII. kafli – Lánskjör.**7.1. Vextir R-lána og verðtrygging.****7.1.1. Lánskjör.**

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

7.1.2. Verðtrygging.

Grunnvísitala skuldabréfs miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á dagsetningu námsloka.

7.1.3. Námslok.

Þegar námslok hafa verið ákvörðuð, sbr. gr. 2.5. skal lántakanda sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyra skuldabréfinu. Honum skal jafnframt tilkynnt um dagsetningu námsloka og hvenær vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Hálfsmánaðar frestur skal gefinn til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er heimilt að fylla skuldabréfið út.

7.1.4. Fullnýtt svigrúm.

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið.

7.1.5. Gengið frá skuldabréfi.

Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

7.1.6. Námshlé o.fl.

Nú sækir lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi og skal þá tilkynna honum að gengið verði frá skuldabréfi hans innan hálfsmánaðar og hvenær sjóðurinn telur námslok hans hafa verið. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á námslokum.

7.2. Endurgreiðslutími.

7.2.1. Lán er afborgunarlaust í tvö ár.

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrr en tveimur árum eftir námslok sbr. gr. 2.5. Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. janúar – 30. júní, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 30. júní tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni árgreiðslan er alltaf 1. september.

7.2.2. Vextir.

Vextir reiknast frá námslokum. Fáí námsmaður greitt út lán eftir námslok eins og þau eru skilgreind af sjóðnum, þá reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun.

7.3. Árleg endurgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. sept. og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla er 52.698 og miðast við vísitölu neysluverðs 177,8. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við 4,75% af útsvarstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framan-sögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Hafi skattayfirvöld áætlað útsvarstofn greiðanda tekur viðbótargreiðslan mið af þeirri áætlun. Fáí greiðandi síðan samþykka breytingu á útsvarstofninum þarf hann að koma upplýsingum um breytinguna til sjóðsins vilji hann láta útreikning endurgreiðslu miðast við nýjan stofn. Útsvarstofn er leiðréttur í allt að fjögur ár frá gjalddaga viðbótargreiðslu. Ofgreidd fjárhæð skal endurgreidd með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnstæðum.

Lánþegi sem ekki er skattskyldur af öllum tekjum sínum á Íslandi skal senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar erlendis og eftir atvikum einnig um tekjur maka. Geri lánþegi það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar ákvarðar stjórn sjóðsins honum útsvarstofn. Ákvarðaður útsvarstofn vegna gjalddaga á árinu 2004 skal samsvara tvöföldum eftirstöðvum heildarskuldar lánþegans við sjóðinn, þó aldrei lægri upphæð en 7,0 m.kr. Berist sjóðnum staðfestar tekjuupplýsingar eftir áætlaða afborgun er hún leiðrétt, sbr. ákvæði 2. mgr. hér að ofan.

7.4. Undanþágur.

7.4.1. Undanþága vegna skyndilegra og verulegra breytinga.

Nú gefur útsvarstofn vegna tekna á fyrra ári ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluári, vegna skyndilegra og verulegra breytinga sem hafa orðið á högum hans milli ára, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Ef lánþegi gerir skriflega grein fyrir þessum breyttu högum sínum og styður hana tilskildum gögnum, er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, ýmist til lækunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum.

7.4.2. Undanþága vegna lágra tekna.

Námsmaður sem hefur haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótargreiðsla og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu, getur sótt um undanþágu frá fastri árgreiðslu ef lánshæft nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda þessum örðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

7.4.3. Sótt um frest.

Lánþegar sem óska eftir frestun eða niðurfellingu á endurgreiðslu námsláns skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og láta fylgja umsókn nákvæmar upplýsingar, sem þar er óskað eftir, á fylgiskjöllum.

Umsókn um frest á endurgreiðslu námsláns skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Hafi ósk um frestun ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að fresta afborguninni.

7.4.4. Nám hafið að nýju.

Ef veitt er undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur undanþágan ekki áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþágutímanum.

7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952–61	3,5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952–61	3,5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961–67	3,5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961–67	3,5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967–75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X•	1976–82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T••	1982–92	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992	allt að 3% +verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

- nefnast V-lán eftir sameiningu
- nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst

7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Þeir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R-lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T-láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976–85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976–82 og af lánum sem tekin voru 1982–92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982–92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

Lánþegi sem tekið hefur lán skv. lögum nr. 21/1992 og skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal fyrst endurgreiða lán tekin skv. lögum nr. 21/1992. Á því ári sem hann lýkur endurgreiðslu láns skv. lögum nr. 21/1992 hefur hann jafnframt endurgreiðslu eldri lána og skal upphæð heildarársgreiðslu miðast við hámarksgreiðslu skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum en fjárhæð ársgreiðslunnar skal þó aldrei vera hærri en full ársgreiðsla hefði verið skv. lögum nr. 21/1992.

7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Staðfesti hér með framangreindar reglur, sem samþykktar hafa verið af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytinu, 19. maí 2004.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

Fylgiskjal I.

Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið 2004-2005.

Framfærslugrunnur LÍN.

Framfærslugrunnur LÍN skólaárið 2004-2005 gerir ráð fyrir að ársútgjöld einstaklings í leiguhúsnæði á Íslandi séu kr. 1.389.200 og að þeim megi skipta niður á einstaka útgjaldaliði sem hér segir:

Helstu útgjaldaliðir (sbr. vísitölu neysluverðs)	Framfærslu- grunnur LÍN (kr.)
Matur og drykkjarvörur	264.000
Föt og skór	86.400
Húsnæði, hiti og rafmagn	341.900
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	71.800
Heilsugæsla	49.100
Ferðir og flutningar	166.900
Póstur og sími	45.400
Menntun, tómstundir og menning	224.100
Ýmsar vörur og þjónusta	139.600
Alls	1.389.200

Að meðaltali hækkar framfærslugrunnurinn um 3,1% frá skólaárinu 2003-2004. Ástæða þótti til að hækka liðinn „Póstur og sími“ umfram spáða verðlagshækkun eða úr 33.600 kr. í 45.400 kr. vegna ADSL-kostnaðar, sbr. neyslukönnun SHÍ.

Meðaltekjur.

Gert er ráð fyrir að einstaklingur í leiguhúsnæði hafi árið 2004 samtals kr. 857.372 í tekjur.

Árið 2002 höfðu allir barnlausir lánþegar LÍN á Íslandi sem bjuggu í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði kr. 1.834.066.396 í tekjur. Um er að ræða 2321 einstakling sem þýðir að tekjur þeirra voru kr. 790.205 að meðaltali. Frá janúar 2003 til janúar 2004 hækkaði launavísitalan um 3,3%. Viðmiðunarlaun fyrir árið 2003 eru því kr. 816.545.

Frá janúar 2004 til janúar 2005 er gert ráð fyrir 5% hækkun launa. Miðað við þá spá eru áætlaðar tekjur lánþega árið 2004 kr. 816.545 x 1,05 = 857.372 kr.

Meðalráðstöfunartekjur.

Við ákvörðun meðalráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnæði á Íslandi er tekið fullt tillit til skerðingar á námsláni vegna tekna samkvæmt úthlutunarreglum LÍN. Gert er ráð fyrir 300.000 kr. frítekjumarki og að skerðingarhlutfall verði 33% af tekjum umfram frítekjumark. Þetta þýðir að námsmenn hafa tekjur upp að frítekjumarki að fullu til ráðstöfunar og síðan 67% af tekjum umfram frítekjumarkið eða með öðrum orðum:

$$300.000 \text{ kr.} + 0,67(857.372 \text{ kr.} - 300.000 \text{ kr.}) = 673.400 \text{ kr.}$$

Grunnframfærsla LÍN.

Í samræmi við ákvörðun stjórnar skal grunnframfærsla LÍN, sbr. gr. 3.1.1. í úthlutunarreglum LÍN, sýna lánsþörf námsmanns í leiguhúsnæði á mánuði á námstíma, sem telst samkvæmt núgildandi reglum almennt 9 mánuðir. Grunnframfærslan er þannig ákveðin sem 1/9 af mismuni framfærslugrunnsins og meðalráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnæði. Miðað við framangreindar forsendur verður grunnframfærsla LÍN 79.500 kr. skólaárið 2004-2005, þ.e. 1/9 af (1.389.200 - 673.400). Skólaárið 2003-2004 var grunnframfærslan kr. 77.500. Hækkunin er því kr. 2.000 eða 2,6%.

Fylgiskjal II.**Framfærsla erlendis og hámark skólagjaldalána.**

Land	Mynt	Framfærsla	Hámark skólagjaldalána
Argentína	USD	744	33.600
Austurríki	EUR	1.286	37.369
Ástralía	AUD	1.467	61.908
Bandaríkin A	USD	1.526	33.600
Bandaríkin B	USD	1.350	33.600
Belgía	EUR	825	37.369
Danmörk	DKK	7.165	276.145
England	GBP	854	23.335
London	GBP	949	23.335
Filippseyjar	USD	781	33.600
Finnland	EUR	878	37.369
Frakkland	EUR	924	37.369
París	EUR	1.015	37.369
Grikkland	EUR	996	37.369
Guatemala	USD	955	33.600
Holland	EUR	873	37.369
Hong Kong	USD	1.005	33.600
Indland	USD	636	33.600
Írska lýðveldið	EUR	1.001	37.369
Ítalía	EUR	1.059	37.369
Japan	JPY	166.842	4.244.831
Kanada	CAD	1.297	52.028
Kína	USD	560	33.600
Kosta Ríka	USD	835	33.600
Kúba	USD	1.135	33.600
Kýpur	EUR	730	37.369
Litháen	EUR	840	37.369
Lúxemborg	EUR	792	37.369
Mexíkó	USD	1.350	33.600
Norður-Írland	GBP	854	23.335
Noregur	NOK	7.572	279.430
Nýja-Sjálaland	NZD	1.759	74.287
Portúgal	EUR	660	37.369
Pólland	EUR	840	37.369
Rúmenína	EUR	840	37.369

Land	Mynt	Framfærsla	Hámark skólagjaldalána
Rússland	EUR	840	37.369
Sam. ar. furstad.	USD	1.003	33.600
Singapore	USD	1.065	33.600
Skotland	GBP	854	23.335
Spánn	EUR	908	37.369
Suður-Afríka	EUR	630	37.369
Sviss	CHF	2.185	53.941
Svíþjóð	SEK	8.201	340.847
Taiwan	USD	955	33.600
Tékkland	EUR	840	37.369
Tæland	EUR	688	37.369
Ungverjaland	EUR	1.032	37.369
Wales	GBP	854	23.335
Þýskaland	EUR	906	37.369
München	EUR	995	37.369

Fylgiskjal III.

Sérnám á Íslandi, sbr. 1.2.2. Samningsbundið iðnnám er merkt (s)
og verknámsbundið (v).

	Ólánshæf misseri	Hámarksfjöldi lánshæfra missera
Fjölbrauta-, iðn- og verkmenntaskólar		
Iðngreinar		
Bakaraiðn (s)	1. misserið	6
Bifreiðasmíði (v)	1. og 2. misseri	6
Bifvélavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Bílamálun (s)	1. misserið	5
Framreiðsla (s)	1. misserið	5
Gull- og silfursmíði (s)	1. misserið	6
Hársnyrtibraut (s)	1. misserið	6
Húsa- og húsgagnasmíði (s)	1. misserið	6
Húsa- og húsgagnasmíði (v)	1. misserið	6
Kjötiðn (s)	1. misserið	6
Klæðskurður/kjólasmur (v)	1. og 2. misseri	6
Matreiðsla (s)	1. misserið	6
Málaraiðn (s)	1. misserið	6
Málmiðngreinar (fyrri hluti)	1. og 2. misseri	2
Málmiðngreinar (seinni hluti)	Ekkert	4
Meistaránám	Ekkert	1–4
Múrsmíði (s)	1. misserið	6
Pípulagnir	1. misserið	6
Rafvirkjun/rafvélavirkjun (s)	1. misserið	6
Rafvirkjun/rafvélavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6

	Óláns hæf misseri	Hámarks fjöldi láns hæfra missera
Rafeindavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Rafveituvirkjun (s)	1. misserið	6
Símsmíði (s)	1. misserið	6
Snyrtibraut (v)	Fornám	5
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	1. misserið	5
Annað starfsnám		
Ferðamálanám	Verknámið	2
Félagsliðabraut	1. misserið	3
Hjúkrunar- og móttökuritari	1. misserið	2
Leiðsögunám	Ekkert	2
Lyfjatæknabraut	Aðfaranámið	4
Læknaritarabraut	Starfsnámið	3
Matartæknánám	1. misserið	5
Sjávarútvegsbraut	1. og 2. misseri	2
Sjúkraliðabraut	1. og 2. misseri	5
Tanntæknabraut	1. misserið	4
Tækniteiknun	1. misserið	4
Flugskóli Íslands		
Atvinnuflugmannsnám (JAR)	Ekkert	2
Garðyrkjuskóli ríkisins		
Blómaskreytingabraut	Ekkert	6
Ylræktarbraut	Ekkert	6
Skógræktar- og umhverfisbraut	Ekkert	6
Skrúðgarðyrkjubraut	Ekkert	6
Hólaskóli		
Ferðamálabraut	Ekkert	3
Fiskeldisbraut	Ekkert	5
Hrossabraut	Ekkert	5
Kvikmyndaskóli Íslands		
Kvikmyndagerð	Ekkert	4
Landbúnaðarhásk. Hvanneyri		
Búnaðarnám	Ekkert	4
Lögregluskólinn		
Lögreglunám	Starfsnám	1
Snyrtiskólinn		
Snyrtifræði	Ekkert	5

	Ólánshæf misseri	Hámarksfjöldi láns hæfra missera
Stýrimannaskólinn í Reykjavík Skipstjórnarnám	1. og 2. misseri	7
Vélskóli Íslands Vélstjórnarbraut (4. stig)	1. og 2. misseri	8
Tannsmiðaskóli Íslands Tannsmiðanám	2 misseri af 8	6
Tækniskóli Íslands Frumgreinadeild	Ekkert	4
Iðnfræðinám	Ekkert	3
Viðskiptaháskólinn á Bifröst Frumgreinadeild	Ekkert	2
Myndlistaskólinn á Akureyri Myndlist	Ekkert	6
Grafísk hönnun	Ekkert	6
ATS-skólinn Flugumferðarstj.nám	Ekkert	4
Tónlistarskólar Hljóðfæra- og söngnám, 7.–8. stig	Ekkert	6
Burtfarar-, einleikara-, einsöngspr.	Ekkert	2–6
Kennaradeildir	Ekkert	6
Tónfræðadeild	Ekkert	6

REGLUR

um fjárhagsaðstoð hjá Árneshreppi, Strandasýslu.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar.

Skylt er samkvæmt 21. gr. laga nr. 40/1991 að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla áður nefndra laga, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 17. og 18. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálanefndar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Framfærsluskylda.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar.

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er félagsmálanefnd heimilt að greiða lægri fjárhæð til framfærslu en tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringa.

4. gr.

Réttur fylgir lögheimili.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða konnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur

um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. og 26. gr. þessara reglna, sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lán eru vaxtalaus.

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni.

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Ráðgjafarstofnu um fjármál heimilanna ef við á.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

II. KAFLI

Umsókn um fjárhagsaðstoð.

8. gr.

Umsókn og fylgigögn.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsþjónustunni í lögheimilissveitarfélagi umsækjanda. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og fedralaun og meðlög eftir því hvort leið a eða b í leiðbeiningum þessum er valin.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

9. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.

Félagsmálanefnd getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattyfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita félagsmálanefnd eða starfsmönnum hennar upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt félagsmálanefnd og/eða starfsmönnum umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. KAFLI

Réttur til fjárhagsaðstoðar.

Mat á fjárförf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.

10. gr.

Mat á fjárförf.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárförf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr.

Grunnfjárhæð.

Framfærsla barna talin með.

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri miðast að lágmarki við 77.083 kr. á mánuði, hér eftir nefnd *grunnfjárhæð*. Við ákvörðun *grunnfjárhæðar* eru hafðar til hliðsjónar greiðslur almannatrygginga á hverjum tíma sem nema samanlagðri mánaðargreiðslu örorkulífeyris, tekjutryggingar örorkulífeyrisþega og heimilisuppbótar.

Grunnfjárhæðin hækkar miðað við fjölskyldustærð eftir því sem hér segir:

Einstaklingur	<i>grunnfjárhæð</i>	x	1	77.083 kr.
Tveggja manna fjölskylda	"	x	1,6	123.333 kr.
Þriggja manna fjölskylda	"	x	1,8	138.750 kr.
Fjögurra manna fjölskylda	"	x	2,0	154.166 kr.
Fimm manna fjölskylda	"	x	2,2	169.583 kr.

og svo framvegis þannig að aukning vegna hvers fjölskyldumeðlims, sbr. 2. gr., nemur 0,2.

12. gr.

Tekjur umsækjanda.

Framfærsla barna talin með.

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan, eru taldar með við mat á fjárförf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema umönnunarbætur, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, atvinnuleysisbætur, meðlög, barnabætur og mæðra-/feðralaun, leigutekjur o.s.frv. og koma til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnaðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í *grunnfjárhæð*.

13. gr.

Greiðslur meðlags.

Pegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en *grunnfjárhæðin* skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að

þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

Sérákvæði.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur *grunnfjárhæð*, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysisstryggingar, nr. 12/1997, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi eða launþegi í hlutastarfi með tekjur undir *grunnfjárhæð* skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Mat á tekjum bænda.

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna, sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggja einnig fyrir greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Fjárförf skal miða við grunnfjárförf, sbr. 10. gr.

16. gr.

Námsmenn.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öðru jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka eða sambýlismann námsmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána.

IV. KAFLI

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

17. gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri.

Heimilt er að veita foreldrum, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en *grunnfjárhæðin*, sérstaka fjárhagsaðstoð. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tólmundastarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru 10.000 kr. á mánuði.

Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir *grunnfjárhæð* undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað, skólagjöld og ferðakostnað til og frá skóla.

18. gr.

Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð.

Heimilt er að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárförf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna

náms barna fjarri heimabyggð er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003 og fjárhörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

19. gr.

Námsstyrkir.

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og miðast aðstoðin við *grunnfjárhæð* ásamt skólagjöldum og bókakostnaði:

- a) til einstaklinga 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika,
- b) til einstæðra foreldra 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir einni milljón krónum undanfarna tólf mánuði,
- c) til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Starfsmaður skal meta námsframvindu í hverju tilviki miðað við aðstæður hvers og eins. Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlok. Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

20. gr.

Styrkur vegna húsbúnaðar.

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema *grunnfjárhæð*, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- b) til ungs fólks á aldrinum 18–24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir *grunnfjárhæð*, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- c) til ungra foreldra á aldrinum 18–24 ára, sem eru eignalausir, hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og eru að stofna heimili í fyrsta sinn.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli, þá eru mörkin 40.000 kr.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

21. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar.

I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* og fullnægja a.m.k. einu eftirfarandi skilyrða:

- a) hafa átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða eða verið tekjulausir undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) eru lífeyrisþegar,
- c) hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu til lengri tíma.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 50.000 kr. á ári.

Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

II. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, sem liður í umfangsmeiri aðstoð:

- a) einstaklingum á aldrinum 18–24 ára, sem alist hafa upp við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,
- b) einstaklingum sem hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða,
- c) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 55.000 kr. á ári.

22. gr.

Útfararstyrkir.

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru 160.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

23. gr.

Öryggishnappur.

Heimilt er að veita lífeyrisþegum fjárhagsaðstoð vegna öryggishnapps. Skilyrði er að umsækjendur hafi einungis tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða tekjur nái ekki *grunnfjárhæð* og þeir þurfi samkvæmt læknisvottorði öryggishnapp til að geta búið heima.

Styrkurinn nemi að hámarki hlut umsækjanda í stofnkostnaði sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki.

24. gr.

Áfallaaðstoð.

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

- a) vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna, skriðufalla, snjóflóða eða annarra hamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið,
- b) þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr.

25. gr.

Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu.

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir *grunnfjárhæð* í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu.

Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði. Hámark láns er 300.000 kr.

26. gr.

Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika.

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- b) fyrir liggja yfirlit starfsmanns félagsþjónustunnar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda,
- c) fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.

Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur á eða undir *grunnfjárhæð* undanfarandi sex mánuði eða lengur.

Lán skal ekki veitt ef ljóst er að umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna greiðsluerfiðleika og til kaupa á nauðsynjum, svo sem gleraugum, fatnaði, heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum sem Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í að greiða.

27. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggja fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

V. KAFLI

Málsmeðferð**sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

28. gr.

Könnun á aðstæðum.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef félagsmálanefnd berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Félagsmálanefnd skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

29. gr.

Samvinna við umsækjanda.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

30. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í félagsmálanefnd kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

31. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

32. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

33. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

34. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Starfsmenn félagsþjónustunnar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

35. gr

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð.

Þar sem starfsmenn félagsmálanefndar hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálanefnd fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

36. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd Árneshrepps og staðfestar af sveitarstjórn Árneshrepps í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Reglurnar taki gildi frá og með birtingu í Stjórnartíðindum.

Þannig samþykkt á fundi í sveitarstjórn, 14. apríl 2004.

Gunnsteinn Gíslason, oddviti Árneshrepps.

REGLUGERÐ**um sameiningu heilbrigðisstofnana.**

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina eftirtaldar heilbrigðisstofnanir undir nafninu Heilbrigðisstofnun Suðurlands og tekur sameiningin gildi 1. september 2004:

Heilsugæslustöðina Þorlákshöfn.
Heilsugæslustöðina Hveragerði.
Heilsugæslustöðina Laugarási.
Heilsugæslustöðina Rangárþingi.
Heilsugæslustöðina Vík í Mýrdal.
Heilsugæslustöðina Kirkjubæjarklaustri.
Heilbrigðisstofnunina Selfossi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. másl. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. maí 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Fagradalsbraut 15, Egilsstöðum, Austur-Héraði.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 6. apríl 2004 samþykkt deiliskipulag fyrir lóðina Fagradalsbraut 15 á Egilsstöðum.

Lóðin er á miðsvæði samkvæmt aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 18. maí 2004.

Þórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
456	14. apríl	Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Árneshreppi, Strandasýslu	1183-1191
457	21. maí	Reglugerð um sameiningu heilbrigðisstofnana	1191
458	18. maí	Auglýsing um deiliskipulag fyrir Fagradalsbraut 15, Egilsstöðum, Austur-Héraði	1192

